

Borgum v/ Norðurslóð
600 Akureyri
Sími 460-8900
rha@unak.is
<http://www.rha.is>



MENNTUNARÞÖRF Í EYJAFIRÐI OG Í

ÞINGEYJARSÝSLUM

***Könnun meðal fyrirtækja og stofnana á starfssvæði
Eypings***

Maí 2019

Höfundar

Marta Einarsdóttir

Arnar Þór Jóhannesson

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir

Skýrsla unnin fyrir styrk frá Sóknaráætlun Norðurlands eystra

Í samstarfi við AFE, AP, SÍMEY og Þekkingarnet Þingeyinga

© RHA-Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri 2019

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

RHA-S-10-2019

ISSN 1670-8873 (vefútgáfa)

L-ISSN 1670-8873 (prentútgáfa)

EFNISYFIRLIT

HELSTU NIÐURSTÖÐUR	1
INNGANGUR	4
AÐFERÐ VIÐ ÖFLUN GAGNA	5
ÚRVINNSLA	6
NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR MEÐAL FYRIRTÆKJA/ STOFNANA	7
BAKGRUNNSBREYTUR	7
<i>Atvinnugrein sem fyrirtækið/ stofnunin fellur undir</i>	7
<i>Starfsstöð fyrirtækis/ stofnunar</i>	8
<i>Póstnúmer fyrirtækis/ stofnunar</i>	9
<i>Eignarhald fyrirtækis/ stofnunar</i>	10
<i>Fjöldi ársverka hjá fyrirtæki/ stofnun</i>	11
MENNTUNARÞÖRF FYRIRTÆKJA OG STOFNANA Á EYÞINGSSVÆÐINU	12
<i>Hvernig vinnustöðum gengur að fá starfsfólk með tilskilda menntun/ hæfni</i>	12
<i>Menntun starfsmanna miðað við kröfur í starfi</i>	14
<i>Núverandi og áætluð mannaflapörf</i>	16
<i>Tegund menntunar sem áætlað er að muni vanta á næstu árum</i>	17
Starfsmenn með háskólamenntun	18
Starfsmenn með iðnmenntun	22
Hvers konar iðnaðarmenn mun vanta á næstu 5 árum.....	24
Starfsmenn með styttra starfsnám	25
Ófaglærðir starfsmenn	26
Starfsmenn með stúdentspróf	27
Starfsmenn með aðra menntun en talin var upp hér að ofan.....	28
FRÆÐSLA OG SÍMENNTUN FYRIRTÆKJA OG STOFNANA Á EYÞINGSSVÆÐINU	30
<i>Sú færni/ hæfni sem helst þarf að þjálf</i>	30
<i>Fræðslu-/ símenntunarstefna fyrirtækja</i>	33
<i>Sí- og endurmenntun innan fyrirtækja/ stofnana</i>	36
<i>Samstarf við menntastofnanir á Eyþingssvæðinu</i>	38
<i>Hvert sækir starfsfólk sí- og endurmenntun?</i>	39
<i>Opin spurning: Hvert annað sækir þitt starfsfólk sí- og endurmenntun?</i>	40
<i>Hversu vel námsframboð þjónar nærumhverfinu</i>	44
OPIN SPURNING: HVADA MENNTUN/ HÆFNI FINNST ÞÉR MIKILVÆGAST AÐ EFLA Í ÞÍNU NÆRUMHVERFI?	46

OPIN SPURNING: ER EITTHVAÐ SEM ÞÚ VILT KOMA Á FRAMFÆRI VARÐANDI NÁM, NÁMSFRAMBOÐ OG VINNUAFLSPÖRF?	51
STAÐA EINSTAKRA STARFSGREINA	55
FISKVEIÐAR.....	55
FISKVINNSLA	56
FISKELDI.....	57
LANDBÚNAÐUR	58
MANNVIRKJAGERÐ.....	59
<i>Húsasmíði</i>	61
<i>Málaraiðn</i>	62
<i>Múrsmíði</i>	63
<i>Pípulagnir</i>	63
<i>Rafiðnir</i>	64
<i>Rafvirkjun</i>	65
<i>Rafeindavirkjun</i>	66
IÐNAÐUR ANNAR EN MANNVIRKJAGERÐ	67
<i>Grunndeildir málmíðna</i>	69
<i>Vélvirkjun og vélstjórn</i>	70
<i>Bifvélavirkjun og tengdar greinar</i>	71
<i>Málmíðnir (blikk, renni-, og stálsmíði)</i>	72
<i>Annar iðnaður</i>	73
VEITUR	75
ÖKUTÆKI	75
VERSLUN.....	76
GISTING OG VEITINGAR	77
UPPLÝSINGAR OG FJARSKIPTI	79
FJÁRMÁLA- OG VÁTRYGGINGASTARFSEMI OG FASTEIGNAVIÐSKIPTI	79
SÉRFRÆÐILEG STARFSEMI	80
OPINBER STJÓRNSÝSLA.....	80
FRÆDSLUSTARFSEMI.....	81
HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSPJÓNUSTA	85
<i>Hjúkrunarfræðingar</i>	89
<i>Iðjubjálfar</i>	90
<i>Sjúkraliðar</i>	91
<i>Læknar</i>	92
<i>Aðrar heilbrigðisstéttir</i>	93
Sjúkraþjálfarar	93
Sálfræðingar	93

Þroskaþjálfar	94
MENNING, ÍÞRÓTTIR OG TÓMSTUNDIR	94
ANNað	95
UMRÆÐUR.....	97
HEIMILDASKRÁ	102
VIÐAUKI 1: SPURNINGALISTI VEFKÖNNUNAR	106

MYNDAYFIRLIT

MYND 1. Í HVADA ATVINNUGREIN STARFAR FYRIRTEKID / STOFNUNIN? (EF UM FLEIRI EN EINA GREIN ER AÐ RÆÐA VELIÐ ÞÁ AÐAL ATVINNUGREIN)	7
MYND 2. Í HVADA SVEITARFÉLAGI Á EYÞINGSSVÆÐINU ER STARFSSTÖÐ FYRIRTEKISINS / STOFNUNARINNAR?.....	8
MYND 3. Í HVADA PÓSTNÚMARI Á EYÞINGSSVÆÐINU ER STARFSSTÖÐ FYRIRTEKISINS/STOFNUNARINNAR? (EF UM FLEIRI EN EINA STARFSSTÖÐ ER AÐ RÆÐA VELIÐ ÞÁ AÐALSTARFSSTÖÐ VINNUSTAÐARINS).....	9
MYND 4. HVERNIG ER EIGNARHALDI FYRIRTEKISINS/STOFNUNARINNAR BEST LÝST?.....	10
MYND 5. HVER ER FJÖLDI ÁRSVERKA HJÁ ÞÍNU FYRIRTEKI?	11
MYND 6. SPÁ WORLD ECONOMIC FORUM (2016) UM 10 MIKILVÆGUSTU FÆRNI- OG HÆFNIPÆTTI EINSTAKLINGA (HUGINN FREYR ÞORSTEINSSON O.FL., 2019).	31
MYND 7. VINNUR FYRIRTEKID/STOFNUNIN EFTIR FORMLEGRI FRÆÐSLU-/ SÍMENNTUNAR-STEFNU?.....	33
MYND 8. HVERT SÆKIR ÞITT STARFSFÓLK SÍ- OG ENDURMENNTUN? (MERKIÐ VIÐ ALLT SEM VIÐ Á).....	39
MYND 9. HVERT SÆKIR ÞITT STARFSFÓLK SÍ- OG ENDURMENNTUN? STARFSSVÆÐI SÍMEY	42
MYND 10. HVERT SÆKIR ÞITT STARFSFÓLK SÍ- OG ENDURMENNTUN? STARFSSVÆÐI ÞEKINGARNETS ÞINGEYINGA.....	42
MYND 11. Í HVADA FRAMHALDSSKÓLA SÆKIR STARFSFÓLK SÍ- OG ENDURMENNTUN? (MERKIÐ VIÐ ALLT SEM VIÐ Á).....	43
MYND 12. FRAMLEIÐSLUVIRÐI LANDBÚNAÐAR ÁRIÐ 2015, HLUTFALLSLEG SKIPTING MILLI LANDSHLUTA. (MYND VÍFILL KARLSSON, 2019)	58
MYND 13. FJÖLDI NEMENDA Í BYGGINGAÐEILD VMA 2008 - 2018	60
MYND 14. FJÖLDI NEMENDA Í HÚSASMÍÐI VIÐ VMA 2008 - 2018	61
MYND 15. FJÖLDI NEMENDA Í MÁLARAÐN Í VMA 2008 - 2018	62
MYND 16. NEMENDUR Í GRUNNNÁMI RAFIÐNA Í VMA 2008 - 2018.....	64
MYND 17. NEMENDUR Í RAFVIRKJUN Í VMA 2008 - 2018	65
MYND 18. NEMENDUR Í RAFEINDAVIRKJUN Í VMA 2008 - 2018	66
MYND 19. ALDUR FÉLAGSMANNA HJÁ FÉLAGI MÁLMIDNAÐARMANNA Á AKUREYRI	68
MYND 20. NEMENDUR Í GRUNNNÁMI MÁLM- OG VÉLTÆKNIGREINA Í VMA 2008 - 2018	69
MYND 21. NÁMSFRAMVINDA Í VÉLSTJÓRN Í VMA	70
MYND 22. FJÖLDI NEMENDA Í BIFVÉLAVIRKJUN Í VMA 2007 - 2018.....	71
MYND 23. NEMENDUR Í MÁLMIDNUM Í VMA (GRUNNNÁM) 2008 - 2018.....	72
MYND 24. BRAUTSKRÁNINGAR Í MENNTAVÍSINDUM VIÐ HA.....	81
MYND 25. FRAMFÆRSLUHLUTFALL Á EYÞINGSSVÆÐINU.....	86
MYND 26. ALDURSDREIFING Á NORÐURLANDI EYSTRA 2008 & 2015 (SAMBAÐ ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA 2018A) ...	87
MYND 27. HEILDARFJÖLDI NEMENDA VIÐ HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ HA	88
MYND 28. HEILDARFJÖLDI NEMENDA HA Í HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD	89
MYND 29. HEILDARFJÖLDI NEMENDA HA Í IÐJUPJÁLFUNARDEILD	90
MYND 30. FJÖLDI NEMENDA Á SJÚKRALIÐABRAUT Í VMA FRÁ 2008 – 2018	91

TÖFLUYFIRLIT

TAFLA 1. HVERSU VEL EÐA ILLA HEFUR ÞÉR GENGIÐ UNÐANFARIN ÁR AÐ FÁ FÓLK MEÐ ÞÁ MENNTUN/HÆFNI SEM ÞÚ/FYRIRTÆKIÐ/STOFNUNIN ÞARFNAST?	12
TAFLA 2. HVERSU ALGENGT EÐA SJALDGÆFT ER AÐ UMSÆKJENDUR UM STÖRF HAFI MEIRI MENNTUN EN KRAFIST ER?.....	14
TAFLA 3. VANTAR ÞITT FYRIRTÆKI/ ÞÍNA STOFNUN STARFSFÓLK EÐA MUN VANTA STARFSFÓLK Á NÆSTU ÁRUM?.....	16
TAFLA 4. HVERSU MARGA STARFSMENN MUN VANTA Á NÆSTU ÁRUM? GREINT EFTIR MENNTUNARSTIGI	17
TAFLA 5. FJÖLDI FYRIRTÆKJA SEM VANTAR EÐA MUN VANTA HÁSKÓLAMENNTAÐ STARFSFÓLK Á NÆSTU 5 ÁRUM OG HVERSU MARGA STARFSMENN ÞAU MUN VANTA	18
TAFLA 6. TEGUND HÁSKÓLAMENNTUNAR SEM MUN HELST SKORTA Á NÆSTU ÁRUM.....	20
TAFLA 7. FJÖLDI FYRIRTÆKJA SEM VANTAR EÐA MUN VANTA STARFSMENN OG HVERSU MARGA ÞAU MUN VANTA	22
TAFLA 8. HVERS KONAR IÐNAÐARMENN MUN VANTA Á NÆSTU 5 ÁRUM.....	24
TAFLA 9. HVERS KONAR STARFSMENN MUN HELST SKORTA MEÐ STYTTRA STARFSNÁM	25
TAFLA 10. FJÖLDI FYRIRTÆKJA SEM VANTAR EÐA MUN VANTA ÓFAGLÆRÐA STARFSMENN Á NÆSTU ÁRUM OG HVERSU MARGA ÞAU MUN VANTA.....	26
TAFLA 11. FJÖLDI FYRIRTÆKJA SEM VANTAR EÐA MUN VANTA STARFSMENN Á NÆSTU ÁRUM MEÐ AÐRA MENNTUN EN TALIN VAR UPP HÉR AÐ OFAN OG HVERSU MARGA ÞAU MUN VANTA.....	28
TAFLA 12. HVERS KONAR STARFSMENN MUN HELST SKORTA MEÐ AÐRA MENNTUN	29
TAFLA 13. HVERSU MIKIL ÞÖRF ER Á AÐ ÞJÁLFA EFTIRFARANDI FÆRNI Á ÞÍNUM VINNUSTAÐ?	30
TAFLA 14. VINNUR FYRIRTÆKIÐ/STOFNUNIN EFTIR FORMLEGRI FRÆÐSLU-/ SÍMENNTUNAR-STEFNU?	34
TAFLA 15. HAFU STARFSMENN Á ÞÍNUM VINNUSTAÐ SÓTT SÍ- OG ENDURMENNTUN Á VEGUM ÞÍNS FYRIRTÆKIS SL. 12 MÁNUÐI?	36
TAFLA 16. HEFUR FYRIRTÆKIÐ/STOFNUNIN ÁTT SAMSTARF VIÐ MENNTASTOFNANIR Á EYÞINGSSVÆÐINU SL. TVÖ ÁR?	38
TAFLA 17. HVERT „ANNAN“ SÆKIR STARFSFÓLK ENDURMENNTUN?	40
TAFLA 18. HVERSU VEL EÐA ILLA TELUR ÞÚ AÐ NÁMSFRAMBOÐ Í ÞÍNU NÆRUMHVERFI KOMI TIL MÓTS VIÐ ÞARFIR FYRIRTÆKISINS/STOFNUNARINNAR?	44
TAFLA 19. ATVINNUTEKJUR AF FISKVEIÐUM Í MILLIÓNUM KRÓNA	55
TAFLA 20. ATVINNUTEKJUR AF IÐNAÐI Á NORÐURLANDI EYSTRÁ Í MILLIÓNUM KRÓNA	67
TAFLA 21. HLUTFALL RÉTTINDAKENNARA Á EYÞINGSSVÆÐINU ÁRIÐ 2017	82
TAFLA 22. HLUTFALL LEIKSKÓLAKENNARA OG ANNARRA UPPELDISMENNTAÐRA AF HEILDARFJÖLDA STARFSFÓLKS LEIKSKÓLA	83

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Þriðjungur þeirra fyrirtækja og stofnana sem tók þátt í könnuninni hafði 2 - 5 starfsmenn á ársgrundvelli, 50 eða 13,5% höfðu einn starfsmann og álíka stór hópur eða 54 fyrirtæki höfðu 51 starfsmann eða fleiri.
- Samkvæmt niðurstöðum spurningakönnunarinnar er töluverður skortur á mannafla á Eypingssvæðinu. Tæpur helmingur fyrirtækja / stofnana sagði að sig vantaði starfsfólk eða gerði ráð fyrir að það myndi vanta á næstu 5 árum. Fimmtungur var óviss en þriðjungur taldi að ekki myndi vanta starfsfólk. Hæst var hlutfallið í Norður – Þingeyjarsýslu eða hjá 67% vinnustaða. Þeir geirar sem sögðust mest vanta starfsfólk voru veitur (86%) og heilbrigðis- og félagsþjónusta (76%). Lægst var hlutfallið í fasteignaviðskiptum þar sem allir 6 þátttakendur svöruðu neitandi.
- Rétt rúmlega helmingur svarenda fyrirtækja og stofnana sagði að vel hafi gengið að fá fólk til starfa með þá menntun eða hæfni sem þörf er á en 27% sögðu að það hefði gengið frekar eða mjög illa. Verst hefur það gengið í Norður-Þingeyjarsýslu en hafa ber í huga að aðeins 12 svör bárust þaðan.
- Fyrirtækjum í iðnaði hefur gengið verst að fá starfsfólk með tilskylda menntun en aðeins 20% sögðu að það hefði gengið frekar eða mjög vel. Tæp 50% sögðu að það hafi gengið frekar eða mjög illa. Aðeins 37% fyrirtækja í mannvirkjagerð, 41% fyrirtækja í sérfræðilegri starfsemi og 45% fyrirtækja í fjármála- og váttryggingastarfsemi sögðu að vel hafi gengið að ráða til sín fólk.
- Þegar spurt var hvers konar menntað starfsfólk vantaði eða myndi vanta á næstu árum og hversu marga svöruðu flest fyrirtæki eða 96 að þau myndi vanta iðnmenntað starfsfólk, rétt þar á eftir kom háskólamenntað fólk en því svöruðu 93 þátttakendur. Í um helmingi tilfella hjá bæði háskóla- og iðnmenntuðu fólki var um eitt til tvö störf að ræða en fimm fyrirtæki töldu sig þurfa 21 eða fleiri háskólamenntaða starfsmenn og eitt fyrirtæki áætlaði að ráða þyrfti 21 iðnmentaðan starfsmann eða fleiri.

- Þær starfsgreinar sem oftast voru nefndar í spurningakönnuninni þegar spurt var hvers konar háskólamenntun myndi vanta voru tækni-/ upplýsingamenntun, verkfræði; kennaramenntun og hjúkrunarfræði. Þegar spurt var um iðnmenntun voru rafvirkjar í langefsta sæti en 21 fyrirtæki nefndi þá. Þar á eftir komu húsasmiðir, bifvélavirkjar og vélvirkjar. Hvað styttra starfsnám varðar nefndu flestir bifreiðastjóra, félagsliða og fólk með vinnuvélaréttindi.
- Minnihluti svarenda eða 30% starfaði eftir sérstakri fræðslu- eða endurmenntunarstefnu. Algengast var að vinnustaðir sem féllu undir fræðslustarfsemi hefðu slíka stefnu.
- Meirihluti fyrirtækja/ stofnana eða 57% hafði boðið upp á sí- eða endurmenntun á vinnustaðnum á síðastliðnum 12 mánuðum. Algengast var það hjá fyrirtækjum og stofnunum í eigu hins opinbera.
- Þegar spurt var hvort fyrirtæki ættu samstarf við menntastofnanir á Eyþingssvæðinu svöruðu 48% því játandi.
- Þegar spurt var hvert fyrirtækin sæktu sí-/ endurmenntun áttu flestir eða 116 svarendur í samstarfi við SÍMEY. Næstflestir sögðu að starfsfólk fengi sí-/ endurmenntun innan vinnustaðarins.
- Einungis 39% svarenda töldu að námsþörfum fyrirtækisins væri vel þjónað í nærumhverfinu. Ánægðastir voru svarendur í Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppi og póstnúmeri 641.
- Viðmælendur töldu mikinn skort vera á iðnmenntuðu fólki, t.d. í mannvirkjagerð og málmíðnaði. Nokkuð margir sem starfa í þessum greinum eru að komast á efri ár og því er endurnýjunarþörfin mikil. Var rætt um ímyndarvanda greinarinnar og að auka þyrfti vægi verknáms í grunnskóla.
- Mun erfiðara er að finna verknámskennara en bóknámskennara og málið er því aðkallandi ef styðja á við iðnmenntun. Kallað er eftir kennsluréttindanámi fyrir iðnmeistara svo þeir geti sótt sér réttindi við Háskólann á Akureyri. Það er tímafrekt og talsvert mikið vinnutap sem felst í því að þurfa að sækja námið suður.

- Í sumum iðngreinum hefur reynst erfitt að komast á samning. Var því velt upp hvort ef til vill sé eðlilegra og heppilegra að það sé á ábyrgð viðkomandi skóla að útvega nemendum sínum samningspláss frekar en að nemandinn þurfi að gera það sjálfur en þeir hafa mismiklar bjargar til þess. Var tekið sem dæmi að nemendur á bóknámsbrautum þurfi ekki að bjarga sér sjálfir varðandi kennara í sínum greinum.
- Viðmælendum fannst vanta háskólanám fyrir þá sem hafa lokið iðnnámi, t.d. eins konar tæknifræði. Í framtíðarsýn Háskólans á Akureyri kemur fram að boðið verði upp á tækninám árið 2023.
- Hlutfall kennaramenntaðra í grunnskólum á svæðinu er oftast nær mjög hátt en erfiðara er að útvega leikskólakennara í sumum minni byggðarlögunum.
- Heilbrigðis- og félagsþjónusta er sá geiri sem skilar mestum launatekjum á svæðinu. Viðraðar voru áhyggjur af mönnunarvanda á sumum sviðum t.d. vantar lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkráþjálfara, iðjuþjálfara og þroskaþjálfara. Aðsókn á heilbrigðisvísindasvið HA hefur aukist nánast á hverju ári frá 2007 en meirihluti nemenda er reyndar ekki búsettur á Eypingssvæðinu.

INNGANGUR

Sóknaráætlun Eyþings fyrir árin 2016 – 2019 er stefnumótandi áætlun fyrir Norðurland eystra á fjölmörgum sviðum, m.a. varðandi menntun. Í stefnunni er að finna markmið fyrir svæðið og í viðauka má finna aðgerðaráætlun. Eitt af því sem tiltekið er þegar kemur að menntun og mannauði er að „meta og mæta þörfum atvinnulífsins fyrir menntun.“ Í aðgerðaáætluninni er talað um að Eyþing leiti til atvinnuþróunarfélaganna, símenntunarmiðstöðvanna og Háskólans á Akureyri um að framkvæma greiningu á menntunarpörf og tækifærum eftir starfssviðum og greinum (Eyþing, 2016). Á vormánuðum 2018 fékk RHA styrk úr sóknaráætlun Norðurlands eystra til þess að vinna þessa greiningu og er skýrsla þessi unnin fyrir þann styrk. Verkefnið var unnið í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Þekkingarnet Þingeyinga og SÍMEY.

Í verkefninu var áherslan lögð á að skoða þörf á menntun út frá áherslum atvinnulífsins og spyrja forsvarsmenn fyrirtækja, fjölmennra sem og fámennra, um skoðun þeirra á þessum málum og hverjar þeir teldu horfurnar vera hjá sínu fyrirtæki í nánustu framtíð. Vel mætti hugsa sér annan útgangspunkt því ljóst er að námsframboð ræðst ekki einungis af þörfum atvinnulífsins en það var sú leið sem ákveðið var að fara í þessu tilfelli, í samræmi við markmið og aðgerðaáætlun sóknaráætlunarinnar.

Skýrslan byggir á gögnum úr spurningakönnun sem send var á netfang allra fyrirtækja og stofnana á svæðinu, viðtölum við forsvarsmenn fyrirtækja og stofnana og ýmsum skriflegum heimildum. Í fyrri hluta hennar er fjallað um niðurstöður spurningakönnunarinnar en í síðari hlutanum er fjallað um helstu atvinnugreinar á svæðinu út frá skriflegum heimildum og viðtölum.

AÐFERÐ VIÐ ÖFLUN GAGNA

Notuð var blönduð aðferð, þ.e.a.s. megindleg og eigindleg aðferð. Þannig geta eigindlegu gögnin nýst sem ítarefni við megindlegu gögnin og gefið fyllri mynd af stöðunni.

Gagna var aflað á þrennan hátt. Í fyrsta lagi voru tekin viðtöl við forsvarsmenn fyrirtækja, stofnana, sveitarfélaga og verkalýðsfélaga á Eyþingssvæðinu, til þess að fá fram hugmyndir og tilfinningu fyrir vinnuafliþörfinni á svæðinu. Alls var rætt við 23 einstaklinga, þar af fjóra frá sveitarfélögum. Viðmælendur ræddu menntunarpörfina fyrst og fremst út frá eigin fyrirtæki/ stofnun/ sveitarfélagi en fóru gjarnan líka vítt og breitt yfir sviðið. RHA útbjó spurningaramma fyrir hvert og eitt viðtal eftir viðfangsefnum og áherslum hverju sinni en sá rammi var fremur til stuðnings en að honum væri fyllt í einu og öllu. Viðmælendur komu alls staðar að af svæðinu og úr nokkrum geirum og fóru viðtölin fram í október til desember 2018.

Í öðru lagi var lögð fyrir netkönnun meðal forsvarsmanna allra fyrirtækja og stofnana á Eyþingssvæðinu. Spurningalistinn var saminn af RHA og rýndur af samstarfsaðilunum en sumar spurningarnar hafa þó áður verið notaðar í hliðstæðum könnunum annars staðar á landinu. Alls voru 22 spurningar lagðar fyrir og sumar voru í fleiri en einum lið (sjá viðauka 1 á bls. 106).

Var könnunin send út í tölvupósti 29. nóvember 2018 á 1292 netföng. Netfangalistinn var unninn af starfsmönnum Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Einnig voru sendar út þrjár áminningar. Síðasti dagurinn til að svara könnuninni var 2. janúar 2019. Alls bárust 395 svör sem er 30,6% svarhlutfall. Mun betra svarhlutfall var á meðal stofnana en fyrirtækja en einnig var svörunin ansi mismunandi á milli atvinnugreina. Gögnin voru þó ekki vigtuð.

Í þriðja lagi voru fyrirliggjandi gögn notuð til að fá frekari upplýsingar. Var þar meðal annars stuðst við gögn frá Byggðastofnun, Vinnumálastofnun og Hagstofunni. Myndir sem sýna fjölda nemenda við Verkmenntaskólann á Akureyri eru fengnar af heimasíðu skólans. Töluleg gögn um atvinnutekjur á svæðinu koma frá Byggðastofnun (Sigurður Árnason, 2018).

Úrvinnsla

Spurningarnar voru greindar eftir fjórum bakgrunnsbreytum sem voru *staðsetning aðalstarfsstöðvar, fjöldi ársverka, atvinnugrein og rekstrarform*. Mismunur á fjölda svara í töflum skýrist af því að sumir svarendur slepptu því að svara sumum spurningum.


Viðtölin voru fyrst og fremst notuð sem heimildir til þess að fá vísbendingar um hug atvinnurekenda og til að sjá þeirra sýn á menntunarpörfina út frá þeirra hagsmunum. Þá voru þau einnig gerð til glöggvunar á stöðu námsframboðs og möguleikum á mismunandi svæðum.

NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR MEÐAL FYRIRTÆKJA/ STOFNANA

Bakgrunnsbreytur

Atvinnugrein sem fyrirtækið/ stofnunin fellur undir


Mynd 1 sýnir hvernig atvinnugreinar voru flokkaðar í greiningu gagnanna. Í grunninn var stuðst við atvinnuflokkagreiningu sem Byggðastofnun hefur notað í sínum greiningum. Nokkrir flokkar voru sameinaðir eftir á, auk þess sem stundum getur verið óljóst í hvaða flokki hvert og eitt fyrirtæki er. Þannig var til að mynda ekki gert ráð fyrir ferðaþjónustu sem sérstakri atvinnugrein heldur dreifast þau fyrirtæki niður á aðra flokka. Spurningalistann í heild sinni má sjá í viðauka 1 á bls. 106. Þar sem of fá svör bárust flokkunum *flutningar og geymsla annars vegar og leiga og sérhæfð þjónusta* hins vegar voru þeir tveir flokkar sameinaðir undir liðnum *annað*. Einnig bárust fá svör úr flokknum *upplýsingar og fjarskipti* og var sá flokkur sameinaður flokknum *sérfræðileg starfsemi*.



Mynd 1. Í hvaða atvinnugrein starfar fyrirtækið / stofnunin? (ef um fleiri en eina grein er að ræða veljið þá aðal atvinnugrein)

Mynd 2 sýnir að flest svör komu frá iðnaðarfyrirtækjum eða 60, næstflest eða 43 úr flokknum *gistingu og veitingum* og 42 úr *mannvirkjagerð*. *Sérfræðileg starfsemi* kemur þar á eftir með 41 svar. Eru þetta allt stórar atvinnugreinar á Eypingssvæðinu og því var ef til vill viðbúið að það kæmu mörg svör úr þeim ranni. Hins vegar voru það vonbrigði hversu fá svör bárust úr verslunargeiranum en þau voru einungis 13.


Starfsstöð fyrirtækis/ stofnunar



Mynd 2. Í hvaða sveitarfélagi á Eypingssvæðinu er starfsstöð fyrirtækisins / stofnunarinnar?

Langflestir sem svöruðu höfðu sína aðalstarfsstöð á Akureyri, 234 af 375 svarendum eða ríflega 62%. 32 svör komu frá fyrirtækjum í Norðurþingi, 25 úr Fjallabyggð, 21 úr Eyjafjarðarsveit og 17 úr Dalvíkurbyggð.


Póstnúmer fyrirtækis/ stofnunar



Mynd 3. Í hvaða pósthúmeri á Eyþingssvæðinu er starfsstöð fyrirtækisins/stofnunarinnar? (ef um fleiri en eina starfsstöð er að ræða veljið þá aðalstarfsstöð vinnustaðarins)

Mynd 3 sýnir hvernig fyrirtæki dreifðust eftir pósthúmerum. Svör bárust úr 20 pósthúmerum en ekki var fullkomið samræmi á milli pósthúmers og sveitarfélags. Langflestir sögðust starfa í pósthúmeri 600 eða 149 talsins.


Eignarhald fyrirtækis/ stofnunar



Mynd 4. Hvernig er eignarhaldi fyrirtækisins/stofnunarinnar best lýst?

Yfir 70% þeirra sem svöruðu störfuðu hjá einkafyrirtækjum eða 269 talsins, 84 störfuðu fyrir opinbera aðila, annað hvort ríki eða sveitarfélög. Sjálfseignarstofnanir voru 13 og 10 merktu við annað. (Mynd 4).

Fjöldi ársverka hjá fyrirtæki/ stofnun



Mynd 5. Hver er fjöldi ársverka hjá þínu fyrirtæki?

Mynd 5 sýnir að flestir þeir sem svöruðu könnuninni voru með 2-5 starfsmenn en heilt yfir var dreifingin eftir stærð fyrirtækja góð. Í tveimur fjölmennustu flokkunum, þ.e. þeim fyrirtækjum sem hafa flesta starfsmenn, svöruðu 27 aðilar í hvorum flokki fyrir sig.

Menntunarpörf fyrirtækja og stofnana á Eypingssvæðinu

Hvernig vinnustöðum gengur að fá starfsfólk með tilskilda menntun/ hæfni

Tafla 1. Hversu vel eða illa hefur þér gengið undanfarin ár að fá fólk með þá menntun/hæfni sem þú/fyrirtækið/stofnunin þarfnast?

	Mjög vel	Frekar vel	Hvorki vel né illa	Frekar illa	Mjög illa	N	Mjög/frekar vel
Allir	18%	33%	23%	20%	7%	323	51%
Akureyri	15%	35%	24%	18%	8%	207	50%
Dalvíkurbyggð	14%	36%	43%	7%	0%	14	50%
Nágrenni Akureyrar	33%	33%	10%	20%	3%	30	67%
Fjallabyggð	25%	35%	20%	20%	0%	20	60%
Húsavík	12%	29%	24%	29%	6%	17	41%
Pingeyjarsv., Skútusthr og pnr 641	30%	26%	22%	22%	0%	23	57%
Norður Pingeyjarsýsla	8%	17%	17%	33%	25%	12	25%
Fasteignaviðskipti	75%	25%	0%	0%	0%	4	100%
Fiskveiðar/fiskvinnsla/fiskeldi	20%	40%	27%	13%	0%	15	60%
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	18%	27%	45%	9%	0%	11	45%
Fræðslustarfsemi	28%	48%	3%	17%	3%	29	76%
Gisting og veitingar	22%	41%	24%	11%	3%	37	62%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	18%	41%	18%	18%	5%	22	59%
Iðnaður	8%	12%	31%	31%	18%	49	20%
Landbúnaður	63%	13%	25%	0%	0%	8	75%
Mannvirkjagerð	16%	21%	21%	32%	11%	38	37%
Menning, íþróttir og tómstundir	38%	23%	31%	0%	8%	13	62%
Opinber stjórnsýsla	12%	42%	19%	23%	4%	26	54%
Sérfræðileg starfsemi	9%	31%	28%	25%	6%	32	41%
Veitur	0%	57%	29%	14%	0%	7	57%
Verslun	0%	56%	22%	11%	11%	9	56%
Ökutæki	17%	42%	25%	17%	0%	12	58%
Annað	17%	50%	17%	17%	0%	12	67%
Einkafyrirtæki	19%	30%	24%	21%	7%	220	48%
Í eigu sveitarfélags	12%	44%	17%	21%	6%	66	56%
Ríkisfyrirtæki eða stofnun	28%	44%	22%	6%	0%	18	72%
Sjálfseignarstofnun	20%	30%	30%	10%	10%	10	50%
Annað	20%	20%	40%	10%	10%	10	40%
1 ársverk	30%	10%	20%	35%	5%	20	40%
2-5 ársverk	21%	33%	31%	9%	6%	108	55%
6-10 ársverk	15%	40%	15%	17%	15%	48	54%
11-20 ársverk	22%	22%	22%	31%	4%	51	43%
21-50 ársverk	10%	38%	24%	26%	2%	42	48%
51-100 ársverk	15%	37%	22%	22%	4%	27	52%
101 ársverk eða fleiri	8%	46%	17%	21%	8%	24	54%

Tafla 1 sýnir að rétt rúmlega helmingur aðspurðra sagði að vel hafi gengið að fá fólk með þá menntun eða hæfni sem krafist væri en 27% sögðu að það hafi gengið frekar eða mjög illa. Niðurstöðurnar rokka talsvert á milli svæða og verst hafði það gengið í Norður-Þingeyjarsýslu en hafa ber í huga að aðeins 12 svör bárust þaðan. Fyrirtækjum í iðnaði hafði gengið verst. Aðeins 20% þeirra töldu að frekar eða mjög vel hafi gengið að fá fólk til starfa en tæp 50% að það hafi gengið frekar eða mjög illa. Aðeins 37% fyrirtækja í mannvirkjagerð, 41% fyrirtækja í sérfræðilegri starfsemi og 45% fyrirtækja í fjármála- og váttryggingastarfsemi töldu að vel hafi gengið að ráða til sín fólk.

Menntun starfsmanna miðað við kröfur í starfi

Tafla 2. Hversu algengt eða sjaldgæft er að umsækjendur um störf hafi meiri menntun en krafist er?

	Mjög algengt	Frekar algengt	Hvorki né	Frekar sjaldgæft	Mjög sjaldgæft	N	Mjög/frekar algengt
Allir	6%	12%	31%	28%	23%	283	18%
Akureyri	8%	13%	31%	26%	23%	184	21%
Dalvíkurbyggð	0%	9%	55%	18%	18%	11	9%
Nágreppi Akureyrar	0%	8%	31%	31%	31%	26	8%
Fjallabyggð	0%	11%	33%	33%	22%	18	11%
Húsavík	6%	12%	12%	65%	6%	17	18%
Þingeyjarsv., Skútusthr og pnr 641	6%	13%	44%	13%	25%	16	19%
Norður Þingeyjarsýsla	0%	9%	27%	27%	36%	11	9%
Fasteignaviðskipti	33%	0%	0%	33%	33%	3	33%
Fiskveiðar/fiskvinnsla/fiskeldi	0%	0%	46%	38%	15%	13	0%
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	11%	22%	44%	22%	0%	9	33%
Fræðslustarfsemi	4%	12%	19%	31%	35%	26	15%
Gisting og veitingar	9%	21%	36%	27%	6%	33	30%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	15%	35%	15%	10%	25%	20	50%
Iðnaður	2%	2%	23%	34%	39%	44	5%
Landbúnaður	0%	29%	43%	14%	14%	7	29%
Mannvirkjagerð	3%	0%	32%	35%	29%	31	3%
Menning, íþróttir og tómstundir	9%	18%	36%	27%	9%	11	27%
Opinber stjórnsýsla	4%	8%	48%	24%	16%	25	12%
Sérfræðileg starfsemi	7%	3%	34%	31%	24%	29	10%
Veitur	0%	50%	0%	50%	0%	6	50%
Verslun	13%	25%	13%	25%	25%	8	38%
Ökutæki	10%	20%	30%	0%	40%	10	30%
Annað	0%	0%	67%	22%	11%	9	0%
Einkafyrirtæki	7%	9%	31%	30%	24%	186	16%
Í eigu sveitarfélags	5%	20%	28%	22%	25%	64	25%
Ríkisfyrirtæki eða stofnun	6%	17%	44%	22%	11%	18	22%
Sjálfsseignarstofnun	0%	0%	38%	50%	13%	8	0%
Annað	0%	25%	38%	25%	13%	8	25%
1 ársverk	25%	0%	13%	38%	25%	8	25%
2-5 ársverk	6%	10%	36%	28%	21%	87	16%
6-10 ársverk	5%	14%	27%	32%	23%	44	18%
11-20 ársverk	2%	12%	37%	27%	22%	49	14%
21-50 ársverk	7%	10%	19%	31%	33%	42	17%
51-100 ársverk	4%	15%	38%	19%	23%	26	19%
101 ársverk eða fleiri	8%	21%	33%	21%	17%	24	29%

Um það bil 18% aðspurðra sögðu frekar eða mjög algengt að fólk sem sækir um störf sé með meiri menntun en krafist er í auglýsingu. Ekki var mikill munur á milli svæða en algengast var þetta á Akureyri þar sem 21% töldu þetta vera algengt. (Tafla 2).

Núverandi og áætluð mannaflapörf

Tafla 3. Vantar þitt fyrirtæki/ þína stofnun starfsfólk eða mun vanta starfsfólk á næstu árum?

	Já	Nei	Veit ekki	N	Já
Allir	49%	31%	21%	367	49%
Akureyri	50%	31%	20%	229	50%
Dalvíkurbyggð	44%	31%	25%	16	44%
Nágrenni Akureyrar	47%	31%	22%	36	47%
Fjallabyggð	44%	28%	28%	25	44%
Húsavík	43%	48%	10%	21	43%
Þingeyjarsv., Skútusthr og pnr 641	44%	24%	32%	25	44%
Norður Þingeyjarsýsla	67%	20%	13%	15	67%
Fasteignaviðskipti	0%	100%	0%	6	0%
Fiskveiðar/fiskvinnsla/fiskeldi	25%	63%	13%	16	25%
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	40%	30%	30%	10	40%
Fræðslustarfsemi	63%	17%	20%	30	63%
Gisting og veitingar	55%	29%	17%	42	55%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	76%	20%	4%	25	76%
Iðnaður	48%	37%	15%	60	48%
Landbúnaður	22%	56%	22%	9	22%
Mannvirkjagerð	36%	31%	33%	42	36%
Menning, íþróttir og tómstundir	31%	50%	19%	16	31%
Opinber stjórnarsýsla	73%	12%	15%	26	73%
Sérfræðileg starfsemi	46%	20%	34%	41	46%
Veitur	86%	14%	0%	7	86%
Verslun	25%	33%	42%	12	25%
Ökutæki	50%	25%	25%	12	50%
Annað	43%	36%	21%	14	43%
Einkafyrirtæki	40%	38%	22%	261	40%
Í eigu sveitarfélags	79%	9%	12%	66	79%
Ríkisfyrirtæki eða stofnun	61%	11%	28%	18	61%
Sjálfseignarstofnun	31%	46%	23%	13	31%
Annað	70%	10%	20%	10	70%
1 ársverk	22%	48%	30%	46	22%
2-5 ársverk	36%	39%	25%	120	36%
6-10 ársverk	36%	40%	24%	50	36%
11-20 ársverk	62%	20%	18%	50	62%
21-50 ársverk	71%	12%	17%	42	71%
51-100 ársverk	81%	11%	7%	27	81%
101 ársverk eða fleiri	74%	19%	7%	27	74%

Tafla 3 sýnir að tæpur helmingur fyrirtækja / stofnana sagði að sig vantaði starfsfólk eða gerði ráð fyrir að það myndi vanta á næstu 5 árum. Fimmtungur var óviss en þriðjungur svaraði neitandi. Fór mannaflapörfin vaxandi eftir stærð fyrirtækjanna, eins og vonlegt er og góður meirihluti allra fyrirtækja með 11 ársverk eða fleiri vantaði eða taldi að þau muni vanta starfsfólk á næstu árum. Hæst var hlutfallið í Norður – Þingeyjarsýslu eða hjá 67% vinnustaða.

Þeir geirar sem sögðust mest vanta starfsfólk voru veitur (86%) og heilbrigðis- og félagsþjónusta (76%). Lægst var hlutfallið í fasteignaviðskipum þar sem allir 6 þátttakendur svöruðu neitandi.

Tegund menntunar sem áætlað er að muni vanta á næstu árum

Tafla 4. Hversu marga starfsmenn mun vanta á næstu árum? Greint eftir menntunarstigi

Hversu konar starfsmenn	Hversu marga starfsmenn mun vanta					N
	1-2	3-5	6-10	11-20	≥21	
Háskólamenntaða	45	32	9	2	5	93
Iðnmenntaða	52	29	9	5	1	96
Með stúdentspróf	19	7	2	2	0	30
Með styttra starfsnám	20	11	5	0	1	37
Ófaglærða	28	19	12	6	4	69
Með aðra menntun	10	9	2	0	0	21

Þeir 179 svarendur sem svöruðu að þá vantaði eða myndi vanta starfsfólk á næstu árum voru beðnir að svara því hvernig menntað starfsfólk væri um að ræða. Flokkarnir sem hægt var að merkja við voru: Háskólamenntun, iðnmenntun, stúdentspróf, styttra starfsnám, ófaglærðir og annað nám. Svarendur voru beðnir um að fylla í alla flokka sem við ættu og einnig að áætla hversu marga starfsmenn væri um að ræða en þar voru valmöguleikarnir: Enginn, 1-2, 3-5, 6-10, 11-20 og 21 eða fleiri.

Tafla 4 sýnir að svarendur töldu að mest muni skorta af iðnmenntuðu og háskólamenntuðu starfsfólki. Oftast einn til tvo starfsmenn en fimm aðilar svöruðu því þó til að þá muni vanta fleiri en 20 háskólamenntaða. Einnig mun vanta talsvert af ófaglærðu starfsfólki en 69 svarendur munu sennilega ráða slíkt starfsfólk, þar af 22 sem þurfa fleiri en sex starfsmenn. Þörfin virðist vera minni fyrir starfsfólk með stúdentspróf, styttra starfsnám eða aðra menntun.

Starfsmenn með háskólamenntun

Tafla 5. Fjöldi fyrirtækja sem vantar eða mun vanta háskólamenntað starfsfólk á næstu 5 árum og hversu marga starfsmenn þau mun vanta

	Fjöldi starfsmanna sem mun vanta	1-2	3-5	6-10	11-20	≥21	N
Alls	Fjöldi fyrirtækja	45	32	9	2	5	93
Staðsetning	Akureyri	31	20	7	2	5	65
	Dalvíkurbyggð	2	2	0	0	0	4
	Nágrenni Akureyrar	3	4	0	0	0	7
	Fjallabyggð	2	3	0	0	0	5
	Húsavík	2	1	0	0	0	3
	Þingeyjarsv., Skútusthr og pnr 641	4	0	1	0	0	5
	Norður Þingeyjarsýsla	1	2	1	0	0	4
Atvinnugrein	Fasteignaviðskipti	0	0	0	0	0	0
	Fiskveiðar/fiskvinnsla/fiskeldi	2	0	0	0	0	2
	Fjármála- og váttryggingastarfsemi	2	2	0	0	0	4
	Fræðslustarfsemi	2	9	4	2	2	19
	Gisting og veitingar	2	0	1	0	0	3
	Heilbrigðis- og félagsþjónusta	8	6	1	0	1	16
	Iðnaður	5	3	0	0	0	8
	Landbúnaður	0	0	0	0	0	0
	Mannvirkjagerð	3	2	0	0	0	5
	Menning, íþróttir og tómstundir	1	1	0	0	0	2
	Opinber stjórnarsýsla	5	4	2	0	2	13
	Sérfræðileg starfsemi	10	4	1	0	0	15
	Veitur	2	1	0	0	0	3
	Verslun	0	0	0	0	0	0
	Ökutæki	1	0	0	0	0	1
	Annað	2	0	0	0	0	2
Eignarhald	Einkafyrirtæki	28	8	2	0	0	38
	Í eigu sveitarfélags	12	21	5	2	3	43
	Ríkisfyrirtæki eða stofnun	2	2	2	0	2	8
	Sjálfsseignarstofnun	1	0	0	0	0	1
	Annað	2	1	0	0	0	3
Fjöldi ársverka	1 ársverk	4	0	0	0	0	4
	2-5 ársverk	11	1	0	0	0	12
	6-10 ársverk	2	5	1	0	0	8
	11-20 ársverk	11	6	1	0	0	18
	21-50 ársverk	9	7	1	2	0	19
	51-100 ársverk	4	8	3	0	0	15
	101 ársverk eða fleiri	2	4	3	0	5	14

Niðurstöður voru greindar frekar út frá menntunarstigi og skoðaðar út frá bakgrunnsbreytum. Þegar háskólamenntaðir starfsmenn eru skoðaðir nánar má sjá að sextán fyrirtæki töldu sig þurfa að bæta við fleiri en sex háskólamenntuðum starfsmönnum, næstum því öll á Akureyri. Af þeim 93 stofnunum og fyrirtækjum sem sögðust reikna með að bæta við háskólamenntuðu fólki á næstu árum voru 65 á Akureyri. Voru opinberir aðilar líklegri en einkaaðilar til að ráða háskólamenntað fólki en í 51 tilviki var eignarhaldið hjá ríki eða sveitarfélögum. Fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta, sérfræðileg starfsemi og opinber stjórnýsla voru þær atvinnugreinar sem oftast nefndu að líklegt væri að þær þyrftu að ráða háskólamenntað starfsfólk á næstu árum. (Tafla 5).

Tafla 6. Tegund háskólamenntunar sem mun helst skorta á næstu árum

Tæknimenntun, verkfræði	20
Kennaramenntun	13
forritun, mechatronics, kerfisfræðing, tölvunarfræði, upplýsingatækni	10
Hjúkrunarfræði	8
Viðskipta/rekstrarmenntun	8
Iðjuþjálfun	5
Félagsráðgjafa	4
Leikskólakennara	4
Markaðs og fjármála-læst fólk	4
Heilbrigðissvið	3
Ferðamálasviði	2
Félagsvísindasvið	2
Hagfræði og skyldar greinar	2
Lækna	2
Sálfræði	2
Þroskaþjálfun	2
Sjúkraþjálfun	2
Dans	1
Danskennsla	1
Félags- og tómstundafræðing	1
Fjölmíðlafræði	1
Íþróttfræðing	1
Líffræðing	1
Listfræði, safnafræði	1
Mannauðsstjórnun	1
Heimspeki	1
Landbúnaðarfræðum	1
Mest á fagsviðum HA doktorsnám mögulega meistaraþráða	1
Námsráðgjafa	1
Safnafræði	1
Sjávarútvegsfræði	1
Skógfræði	1
Sviðslistamenntun	1
Stjórnun	1
Tónmenntakennara, tónlistarkennara	1
Tungumál	1

Þeir sem merktu við að þá vantaði eða myndi vanta starfsfólk voru beðnir að skrifa það í opinni spurningu hvers konar menntun væri um að ræða. Tafla 6 sýnir þannig lista yfir þær tegundir starfsmanna eða menntunar sem nefndar voru og hversu oft þær voru nefndar. Fjöldmörg störf voru nefnd en nokkuð flókið getur reynst að flokka opin svör.

Mestur skortur virðist vera á hverskonar tækni/ upplýsingatækni- / tölvumenntuðu fólki en þar á eftir komu kennarar og hjúkrunarfræðingar. Í þessu ljósi er athyglisvert að á Íslandi eru einungis 16% á vinnumarkaði menntuð í svokölluðum STEM greinum en STEM er samheiti yfir vísindi, tækni, verkfræði og stærðfræði. Til samanburðar þá eru samsvarandi tölur fyrir Danmörk og Noreg 21%, Svíþjóð 26% og Finnland 30% (Ásta S. Fjeldsted og Ísak Einar Rúnarsson 2019). Hversu lágt þetta hlutfall er á Íslandi er áhyggjuefni með tilliti til þeirra tæknibreytinga sem óhjákvæmilega eru framundan.

Starfsmenn með iðnmenntun

Tafla 7. Fjöldi fyrirtækja sem vantar eða mun vanta starfsmenn og hversu marga þau mun vanta

	Fjöldi starfsmanna sem mun vanta	1-2	3-5	6-10	11-20	≥21	N
Alls	Fjöldi fyrirtækja	52	29	9	5	1	96
Staðsetning	Akureyri	31	19	7	4	1	62
	Dalvíkurbyggð	0	1	0	0	0	1
	Nágrenni Akureyrar	5	3	0	1	0	9
	Fjallabyggð	3	2	1	0	0	6
	Húsavík	4	2	0	0	0	6
	Þingeyjarsv., Skútusthr og pnr 641	4	1	0	0	0	5
	Norður Þingeyjarsýsla	5	1	1	0	0	7
Atvinnugrein	Fasteignaviðskipti	0	0	0	0	0	0
	Fiskveiðar/fiskvinnsla/fiskeldi	0	2	0	0	0	2
	Fjármála- og váttryggingastarfsemi	0	0	0	0	0	0
	Fræðslustarfsemi	3	0	1	0	0	4
	Gisting og veitingar	8	2	0	0	0	10
	Heilbrigðis- og félagsþjónusta	3	2	0	0	0	5
	Iðnaður	8	11	4	3	1	27
	Landbúnaður	2	0	0	0	0	2
	Mannvirkjagerð	8	3	1	1	0	13
	Menning, íþróttir og tómstundir	2	0	0	0	0	2
	Opinber stjórnslá	3	1	1	0	0	5
	Sérfræðileg starfsemi	6	3	1	0	0	10
	Veitur	4	2	0	0	0	6
	Verslun	1	1	0	0	0	2
	Ökutæki	3	2	0	0	0	5
	Annað	1	0	1	1	0	3
Eignarhald	Einkafyrirtæki	35	22	7	5	1	70
	Í eigu sveitarfélags	9	5	1	0	0	15
	Ríkisfyrirtæki eða stofnun	3	0	1	0	0	4
	Sjálfseignarstofnun	2	0	0	0	0	2
	Annað	3	2	0	0	0	5
Fjöldi ársverka	1 ársverk	5	0	0	0	0	5
	2-5 ársverk	22	1	1	0	1	25
	6-10 ársverk	5	6	0	0	0	11
	11-20 ársverk	5	6	1	0	0	12
	21-50 ársverk	3	7	3	0	0	13
	51-100 ársverk	3	6	2	3	0	14
	101 ársverk eða fleiri	6	3	2	2	0	13

Á sama hátt var skoðað eftir bakgrunnsbreytum hvar mest eftirspurn væri áætluð eftir iðnaðarmönnum. Tafla 7 sýnir að flest fyrirtækin sem töldu að þau muni skorta iðnaðarmenn voru á Akureyri en þar taldi 31 fyrirtæki að iðnaðarmenn myndi skorta á næstu 5 árum. Flestir sögðu að þá myndi vanta einn til fimm starfsmann en 15 fyrirtæki reiknuðu með að þurfa að bæta við sig fleiri en sex iðnmönnum á næstu árum. Flest fyrirtækjanna voru með 2-5 ársverk.

*Hvers konar iðnaðarmenn mun vanta á næstu 5 árum***Tafla 8. Hvers konar iðnaðarmenn mun vanta á næstu 5 árum**

Rafvirkja	21
Húsasmiði	11
Bifvélavirkja	9
Vélvirkja	8
Matreiðslumenn	7
Málmiðnað	6
Blikksmiði	5
Vélfræðinga	5
Vélstjóra	4
Húsamálara	3
Rafiðnir	3
Rafeindarvirkja	3
Þjóna	3
Múrara	2
Stálsmiði	2
Aðstoðarfólk í eldhús	1
Á sviði byggingartækni (smiður / tækniteiknari / iðnfræðingur...)	1
Fjölbreytta hannyrðamenntun	1
Grafísk miðlun	1
Hársnyrti	1
Hönnuði	1
Iðnmeistara með kennsluréttindi t.d. í málmiðngreinum, rafiðngreinum, byggingagreinum, vélstjórn	1
Í prentgreinum	1
Kjötiðnaðarmenn	1
Nudd	1
Menntun sem nýtist vegna viðhalds og umsjónar með húsnæði.	1
Mjólkurfræðinga	1
Pípulögn	1
Rafveituvirkja	1
Tölvunarfræðinga	1
Tölvumenntun	1
Rakara	1
Rennismiði	1
Sem nýtist í slökkviliði	1
Skógtækni	1
Skósmið	1
Skrúðgarðyrkju	1
Snyrtifræði	1
Tæknimenntun	1
Verslunar fólk	1
Verkfræði	1

Fyrirtækin 96 sem töldu sig þurfa að ráða fólk með iðnmenntun á næstu árum voru spurð hvers konar iðnmenntun væri um að ræða. Hægt var að merkja við fleiri en eina iðngrein. Tafla 8 sýnir að rafvirkjar voru þeir iðnaðarmenn sem oftast voru nefndir en 21 fyrirtæki sem svaraði taldi að þau myndi vanta rafvirkja. Húsasmiðir og bifvélavirkjar komu þar á eftir. Aðrir iðnaðarmenn sem nefnt var að myndi skorta voru: vélstjórar, húsamálarar, rafiðnaðarmenn, rafeindavirkjar, vélfræðingar, stálsmiðir og margt fleira.

Starfsmenn með styttra starfsnám

Tafla 9. Hvers konar starfsmenn mun helst skorta með styttra starfsnám

Bifreiðastjóra	6
Félagsliða	5
Vinnuvélaréttindi	4
Sjúkraliða	2
Matartækna	2
Stuðningsfulltrúa	2
Bókhaldspekkingu	1
B.Sc. hjúkrun	1
Diploma í Mannauðsstjórnun	1
Velferðatækninám	1
Fiskeldisfræðinga	1
Hótelstjórnun	1
Leiðsögumenntun	1
Rafliða	1
Skiltagerð	1
Tölvunám	1
Þjónustustörf	1
Þrif og afgreiðslu	1

Þegar spurt var um þörf á starfsfólki með styttra starfsnám voru bifreiðastjórar, félagsliðar og fólk með vinnuvélaréttindi oftast nefnd. Einnig voru sjúkraliðar, matartækna og stuðningsfulltrúar nefndir tvisvar sinnum. Annað sem fram kom var bara nefnt einu sinni, sumt af því á þó varla heima í þessum flokki, svo sem hjúkrunarfræði. (Tafla 9).

Ófaglærðir starfsmenn

Tafla 10. Fjöldi fyrirtækja sem vantar eða mun vanta ófaglærða starfsmenn á næstu árum og hversu marga þau mun vanta

	Fjöldi starfsmanna sem mun vanta	1-2	3-5	6-10	11-20	≥21	N
Alls	Fjöldi fyrirtækja	28	19	12	6	4	69
Staðsetning	Akureyri	12	14	9	4	4	43
	Dalvíkurbyggð	2	0	0	1	0	3
	Nágrenni Akureyrar	8	1	1	0	0	10
	Fjallabyggð	1	0	0	0	0	1
	Húsavík	1	1	1	1	0	4
	Pingeyjarsv., Skútusthr og pnr 641	2	1	1	0	0	4
	Norður Pingeyjarsýsla	2	2	0	0	0	4
Atvinnugrein	Fasteignaviðskipti	0	0	0	0	0	0
	Fiskveiðar/fiskvinnsla/fiskeldi	1	2	0	0	0	3
	Fjármála- og váttryggingastarfsemi	0	0	0	0	0	0
	Fræðslustarfsemi	3	1	1	0	0	5
	Gisting og veitingar	7	3	3	1	1	15
	Heilbrigðis- og félagsþjónusta	1	3	2	1	2	9
	Iðnaður	4	2	2	3	0	11
	Landbúnaður	0	1	0	0	0	1
	Mannvirkjagerð	3	1	2	0	0	6
	Menning, íþróttir og tómstundir	1	1	0	0	0	2
	Opinber stjórnarsýsla	4	2	0	1	1	8
	Sérfræðileg starfsemi	0	3	1	0	0	4
	Veitur	2	0	0	0	0	2
	Verslun	1	0	0	0	0	1
	Ökutæki	1	0	0	0	0	1
	Annað	0	0	1	0	0	1
Eignarhald	Einkafyrirtæki	16	11	8	3	1	39
	Í eigu sveitarfélags	7	7	3	2	3	22
	Ríkisfyrirtæki eða stofnun	2	0	1	0	0	3
	Sjálfs eignarstofnun	2	0	0	0	0	2
	Annað	1	1	0	1	0	3
Fjöldi ársverka	1 ársverk	3	0	0	0	0	3
	2-5 ársverk	5	3	1	0	0	9
	6-10 ársverk	2	2	2	1	0	7
	11-20 ársverk	7	5	1	0	0	13
	21-50 ársverk	4	4	3	1	0	12
	51-100 ársverk	4	3	2	2	1	12
	101 ársverk eða fleiri	2	1	2	2	3	10

Tafla 10 sýnir að alls sögðu 69 svarendur að fjölga þyrfti ófaglærðum starfsmönnum á næstu árum. Af þessum 69 fyrirtækjum eða stofnunum voru 43 með aðalstarfsstöð á Akureyri og 10 í nágrenni Akureyrar. Fjögur voru staðsett á Húsavík, fjögur annars staðar í Suður-Þingeyjarsýslu og fjögur í Norður-Þingeyjarsýslu, þrjú í Dalvíkurbyggð og eitt í Fjallabyggð.

Séu fyrirtækin flokkuð eftir atvinnugreinum, sést að flest eru í gistingu og veitingum, næstflest í iðnaði og þar á eftir koma svarendur sem falla undir opinbera stjórnsýslu. Yfirleitt eru það stærri fyrirtækin með a.m.k. 11 ársverk sem mun vanta svona vinnuafli.

Starfsmenn með stúdentspróf

Þegar spurt var hversu marga myndi vanta með stúdentspróf sögðust einungis 30 fyrirtæki reikna með ráða slíkan starfsmann á næstunni. Nítján svöruðu að þeir myndu bæta við sig einum starfsmanni, sjö reiknuðu með að ráða 3-5 og fjórir reiknuðu með að ráða fleiri en það. Ekki var spurt nánar út í menntun þessara aðila. Þetta gæti bent til að þeir sem ráða starfsmenn án fagréttinda séu ekki að velta fyrir sér hvort þeir hafi lokið stúdentsprófi eða ekki.

Starfsmenn með aðra menntun en talin var upp hér að ofan

Tafla 11. Fjöldi fyrirtækja sem vantar eða mun vanta starfsmenn á næstu árum með aðra menntun en talin var upp hér að ofan og hversu marga þau mun vanta

	Fjöldi starfsmanna sem mun vanta	1-2	3-5	6-10	11-20	≥21	N
Alls	Fjöldi fyrirtækja	10	9	2	0	0	21
Staðsetning	Akureyri	3	6	2	0	0	11
	Dalvíkurbyggð	1	0	0	0	0	1
	Nágrenni Akureyrar	0	1	0	0	0	1
	Fjallabyggð	0	1	0	0	0	1
	Húsavík	2	0	0	0	0	2
	Þingeyjarsv., Skútusthr og pnr 641	1	1	0	0	0	2
	Norður Þingeyjarsýsla	3	0	0	0	0	3
Atvinnugrein	Fasteignaviðskipti	0	0	0	0	0	0
	Fiskveiðar/fiskvinnsla/fiskeldi	1	0	0	0	0	1
	Fjármála- og váttryggingastarfsemi	0	0	0	0	0	0
	Fræðslustarfsemi	1	0	1	0	0	2
	Gisting og veitingar	2	1	0	0	0	3
	Heilbrigðis- og félagsþjónusta	0	5	1	0	0	6
	Iðnaður	0	1	0	0	0	1
	Landbúnaður	0	0	0	0	0	0
	Mannvirkjagerð	1	0	0	0	0	1
	Menning, íþróttir og tómstundir	0	1	0	0	0	1
	Opinber stjórnarsýsla	3	0	0	0	0	3
	Sérfræðileg starfsemi	1	1	0	0	0	2
	Veitur	0	0	0	0	0	0
	Verslun	1	0	0	0	0	1
	Ökutæki	0	0	0	0	0	0
	Annað	0	0	0	0	0	0
Eignarhald	Einkafyrirtæki	5	4	0	0	0	9
	Í eigu sveitarfélags	5	5	2	0	0	12
	Ríkisfyrirtæki eða stofnun	0	0	0	0	0	0
	Sjálfsseignarstofnun	0	0	0	0	0	0
	Annað	0	0	0	0	0	0
Fjöldi ársverka	1 ársverk	1	0	0	0	0	1
	2-5 ársverk	2	1	0	0	0	3
	6-10 ársverk	0	0	0	0	0	0
	11-20 ársverk	5	2	0	0	0	7
	21-50 ársverk	1	3	1	0	0	5
	51-100 ársverk	1	1	0	0	0	2
	101 ársverk eða fleiri	0	2	1	0	0	3

Aðeins 21 fyrirtæki nefndi aðra menntun og yfirleitt vantaði þau fáa starfsmenn, fimm eða færri. Aðeins tveir svaendur töldu sig þurfa sex starfsmenn eða fleiri með aðra menntun og var rúmlega helmingur þeirra með aðalstarfsstöð á Akureyri en hin helmingurinn dreifist nokkuð jafnt á milli annarra sveitarfélaga. Tólf af 21 forsvarsmönnum sem svaraði starfar þar sem eignarhaldið er hjá sveitarfélagi eða sveitarfélögum.

Tafla 12. Hvers konar starfsmenn mun helst skorta með aðra menntun

Félagsráðgjöf	2
Félagsliða	2
Iðjuþjálfun	2
Sjúkraþjálfara	1
Félagsfræði	1
Framreiðslumenntun	1
ISO vottun	1
Íþróttakennara	1
Kennara í sköpun, heimspeki barna	1
Matreiðslumenntun	1
Menntun í markaðsfræði	1
Mikilli verklegri reynslu í fiskvinnslu sem nýtist til þróunarvinnu fiskvinnsluvéla ásamt mikilli reynslu í viðhaldi og viðgerðum fiskvinnsluvéla	1
Myndlistarkennara	1
Sérfræðinga á lausnum frá aðilum eins og Microsoft.	1
Sjúkraflutningamenn	1
Sjúkraliða	1
Skipstjórnarmenntun	1
Talmeinafræðing	1
Uppeldismenntun.	1

Tafla 12 sýnir hvaða störf voru nefnd þegar spurt var um annars konar menntun sem skorta myndi. Í þessum flokki er m.a. menntun sem fellur undir aðra flokka, t.d. háskólanám. Svörin voru fá og dreifðust nokkuð mikið.



















Fræðsla og símenntun fyrirtækja og stofnana á Eypingssvæðinu

Í þessum hluta er fjallað um niðurstöður spurninga sem lutu að símenntun/ endurmenntun innan fyrirtækjanna/ stofnananna og viðhorf til endurmenntunar á svæðinu.

Sú færni/ hæfni sem helst þarf að þjálf

Í viðtölunum töluðu margir um mikilvægi ýmissar færni á vinnustaðnum og því var ákveðið að spyrja þátttakendur um hvaða færni þeir teldu helst þurfa að þjálf á þeirra vinnustað. Færniþættirnir voru byggðir á færniþáttarmati sem notað er af símenntunarmiðstöðvum (Valgeir Blöndal Magnússon, munnleg heimild, 9. nóvember, 2018). Spurt var um 17 hæfniþætti og áttu svarendur að taka afstöðu til hvers þeirra og meta mikilvægi hans á bilinu „mjög mikil þörf“ til „mjög lítil þörf.“

Tafla 13. Hversu mikil þörf er á að þjálf eftirfarandi færni á þínum vinnustað?

	Mjög mikil þörf	Frekar mikil þörf	Hvorki mikil né lítil þörf	Frekar lítil þörf	Mjög lítil þörf	N	Mjög eða frekar mikil þörf
Allir	11%	34%	34%	12%	9%	278	 45%
Aðlögunarhæfni	19%	35%	29%	5%	12%	275	 54%
Nýtingu verðmæta á hagkvæman hátt	24%	31%	28%	7%	10%	276	 55%
Vega og meta hugmyndir og uppl. á hlutlægan hátt við ákv.töku	15%	35%	33%	9%	8%	264	 50%
Frumkvæði til greina eigin þörf fyrir starfsþróun og færniefningu	19%	33%	33%	5%	9%	272	 53%
Söfnun og úrvinnsla upplýsinga	11%	31%	31%	13%	15%	268	 41%
Vinnusiðferði og gildi	22%	32%	30%	8%	8%	281	 54%
Jafnréttisvitund	16%	20%	39%	10%	15%	274	 36%
Öryggisvitund	24%	33%	27%	7%	8%	278	 58%
Árangursrík samskipti	35%	35%	21%	3%	6%	284	 70%
Samvinnu	30%	33%	23%	8%	6%	283	 63%
Skipulag og áætlanir	22%	41%	26%	7%	4%	278	 63%
Læsi	19%	23%	25%	12%	21%	272	 42%
Ritun	14%	15%	35%	15%	21%	271	 29%
Talnaleikni	12%	24%	36%	12%	17%	269	 36%
Notkun upplýsingatækni	27%	38%	19%	9%	7%	289	 64%
Tungumál	8%	28%	32%	15%	17%	271	 36%
Stjórnun	11%	34%	34%	12%	9%	278	 45%

Tafla 13 sýnir niðurstöður þessarar spurningar og þar má sjá að 70% svarenda töldu mjög mikla eða mikla þörf á að þjálf árangursrík samskipti. Næst mikilvægast þótti þeim að þjálf notkun

upplýsingatækni og strax þar á eftir komu samvinna og skipulag og áætlanir. Minnst áhersla var lögð á aukna færni í ritun en þó taldi rúmur fjórðungur (29%) svarenda þörf á því.

Í atvinnustefnu sinni fyrir Ísland, skilgreindu Samtök iðnaðarins þá færniþætti sem þau töldu mikilvægust í framtíðinni sem eru: Lausnamiðuð hugsun, gagnrýnin hugsun, sköpun, mannauðsstjórnun, samskipti og samstarf, tilfinningagreind, ákvarðanatata og dómgreind, þjónustumiðun, samningatækni og aðlögunar- og þróunarhæfni (Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Ingólfur Bender og Sigríður Mogensen, e.d.).

2020	2015
1. Leysa flókin verkefni	1. Leysa flókin verkefni
2. Gagnrýnin hugsun	2. Teymisvinna
3. Skapandi hugsun	3. Mannauðsstjórnun
4. Mannauðsstjórnun	4. Gagnrýnin hugsun
5. Teymisvinna	5. Samningatækni
6. Tilfinningagreind	6. Gæðastjórnun
7. Dómgreind og ákvarðanatata	7. Þjónustulund
8. Þjónustulund	8. Dómgreind og ákvarðanatata
9. Samningatækni	9. Virk hlustun
10. Vitsmunalegur sveigjanleiki	10. Skapandi hugsun


Mynd 6. Spá World Economic Forum (2016) um 10 mikilvægustu færni- og hæfniþætti einstaklinga (Huginn Freyr Þorsteinsson o.fl., 2019).

Samkvæmt könnun Alþjóðaeftahagsstofnunarinnar (e. World Economic Forum) meðal þúsunda forstjóra frá árinu 2015 verður hæfnin til að leysa flókin verkefni mikilvægasti færni- og

hæfnipáttur einstaklinga árið 2020 en gagnrýnin og skapandi hugsun mun koma þar í humátt á eftir. Sé miðað við sambærilega könnun sem framkvæmd var fimm árum áður og spáði fyrir um hæfnipættina árið 2015 er vægi teymisvinnu, virkrar hlustunar og gæðastjórnunar að minnka samkvæmt sömu heimild. Færnin til þess að leysa mikilvæg verkefni var á toppnaum á báðum listunum en skapandi hugsun er sá færni sem hækkar mest á milli þessara kannanna meðal forstjóra, enda streyma nýjar vörur og ný tækni á markað sem krefjast stöðugra breytinga og nýrrar hugsunar á vinnumarkaði.

Fræðslu-/ símenntunarstefna fyrirtækja

Spurt var hvort til væri formleg fræðslu-/ símenntunarstefna hjá fyrirtækjunum. Mikill minnihluti eða 30% fyrirtækja og stofnana sögðust vinna eftir formlegri fræðslu- og eða símenntunarstefnu. (Mynd 7).



Mynd 7. Vinnur fyrirtækið/stofnunin eftir formlegri fræðslu-/ símenntunar-stefnu?

Tafla 14. Vinnur fyrirtækið/stofnunin eftir formlegri fræðslu-/ símenntunar-stefnu?

	Já	Nei	N	Já
Allir	30%	70%	331	30,2%
Akureyri	37%	63%	212	36,8%
Dalvíkurbyggð	8%	92%	13	7,7%
Nágrenni Akureyrar	26%	74%	31	25,8%
Fjallabyggð	17%	83%	23	17,4%
Húsavík	18%	82%	17	17,6%
Þingeyjarsv., Skútusthr og pnr 641	14%	86%	21	14,3%
Norður Þingeyjarsýsla	21%	79%	14	21,4%
Fasteignaviðskipti	17%	83%	6	16,7%
Fiskveiðar/fiskvinnsla/fiskeldi	6%	94%	16	6,3%
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	57%	43%	7	57,1%
Fræðslustarfsemi	86%	14%	29	86,2%
Gisting og veitingar	9%	91%	35	8,6%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	65%	35%	23	65,2%
Iðnaður	25%	75%	56	25,0%
Landbúnaður	0%	100%	9	0,0%
Mannvirkjagerð	8%	92%	39	7,7%
Menning, íþróttir og tómstundir	18%	82%	11	18,2%
Opinber stjórnsýsla	50%	50%	22	50,0%
Sérfræðileg starfsemi	34%	66%	38	34,2%
Veitur	57%	43%	7	57,1%
Verslun	0%	100%	11	0,0%
Ökutæki	36%	64%	11	36,4%
Annað	8%	92%	12	8,3%
Einkafyrirtæki	17%	83%	235	16,6%
Í eigu sveitarfélags	74%	26%	61	73,8%
Ríkisfyrirtæki eða stofnun	56%	44%	16	56,3%
Sjálfseignarstofnun	20%	80%	10	20,0%
Annað	60%	40%	10	60,0%
1 ársverk	5%	95%	40	5,0%
2-5 ársverk	19%	81%	109	19,3%
6-10 ársverk	29%	71%	45	28,9%
11-20 ársverk	38%	62%	42	38,1%
21-50 ársverk	51%	49%	39	51,3%
51-100 ársverk	46%	54%	26	46,2%
101 ársverk eða fleiri	56%	44%	25	56,0%

Eins og við er að búast var það mismunandi eftir atvinnugreinum, eignarhaldi og stærð hvort fyrirtæki störfuðu eftir fræðslu-/símennunarstefnu eða ekki. Stærri fyrirtæki voru líklegri en þau minni til þess að vinna eftir slíkri stefnu en einnig var mikill munur eftir eignarhaldi, þar sem opinberir aðilar höfðu mun oftár slíka stefnu en einkaaðilar. Ef litið er til einstakra geira þá voru það helst svarendur í flokknum fræðslustarfsemi sem voru með fræðslu-/ símenntunarstefnu. (Tafla 14).

Sambærileg spurning var lögð fyrir stjórnendur fyrirtækja og stofnana í Norðvesturkjördæmi árið 2013. Þá sögðu 36% að sitt fyrirtæki hefði símenntunarstefnu en 58% að svo væri ekki (Menntun í Norðvesturkjördæmi, 2013). Í þeirri könnun sögðust u.þ.b. 6% ekki vita hvort símenntunarstefna væri hjá fyrirtækinu eða stofnuninni, en ekki var boðið upp á þann svarmöguleika í þessari könnun. Samanburðurinn bendir til þess að fyrirtæki og stofnanir séu líklegri til að vera með símenntunarstefnu í Norðvesturkjördæmi en á Eyþingssvæðinu.

Sí- og endurmenntun innan fyrirtækja/ stofnana

Tafla 15. Hafa starfsmenn á þínum vinnustað sótt sí- og endurmenntun á vegum þíns fyrirtækis sl. 12 mánuði?

	Já	Nei	N	Já
Allir	57%	43%	335	57,0%
Akureyri	60%	40%	214	59,8%
Dalvíkurbyggð	54%	46%	13	53,8%
Nágrenni Akureyrar	66%	34%	32	65,6%
Fjallabyggð	46%	54%	24	45,8%
Húsavík	47%	53%	17	47,1%
Þingeyjarsv., Skútusthr og pnr 641	48%	52%	21	47,6%
Norður Þingeyjarsýsla	43%	57%	14	42,9%
Fasteignaviðskipti	17%	83%	6	16,7%
Fiskveiðar/fiskvinnsla/fiskeldi	31%	69%	16	31,3%
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	86%	14%	7	85,7%
Fræðslustarfsemi	87%	13%	30	86,7%
Gisting og veitingar	29%	71%	35	28,6%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	87%	13%	23	87,0%
Iðnaður	39%	61%	56	39,3%
Landbúnaður	22%	78%	9	22,2%
Mannvirkjagerð	51%	49%	39	51,3%
Menning, íþróttir og tómstundir	77%	23%	13	76,9%
Opinber stjórnsýsla	91%	9%	22	90,9%
Sérfræðileg starfsemi	76%	24%	38	76,3%
Veitur	86%	14%	7	85,7%
Verslun	18%	82%	11	18,2%
Ökutæki	55%	45%	11	54,5%
Annað	54%	46%	13	53,8%
Einkafyrirtæki	44%	56%	237	43,9%
Í eigu sveitarfélags	94%	6%	62	93,5%
Ríkisfyrirtæki eða stofnun	94%	6%	16	93,8%
Sjálfseignarstofnun	73%	27%	11	72,7%
Annað	70%	30%	10	70,0%
1 ársverk	33%	67%	42	33,3%
2-5 ársverk	41%	59%	110	40,9%
6-10 ársverk	59%	41%	46	58,7%
11-20 ársverk	62%	38%	42	61,9%
21-50 ársverk	95%	5%	39	94,9%
51-100 ársverk	88%	12%	26	88,5%
101 ársverk eða fleiri	72%	28%	25	72,0%

Tafla 15 sýnir að meirihluti, eða 57% vinnustaða, hafði boðið starfsfólki sínu upp á sí- eða endurmenntun á undanförunum 12 mánuðum. Eins og í spurningunni á undan var mikill munur eftir stærð og eignarhaldi. Fyrirtæki og stofnanir í eigu hins opinbera voru mun líklegri til þess að hafa starfsfólk innan borðs sem sótt hafði sí- og endurmenntun sl. 12 mánuði. Sennilega er það þó ekki eignarhaldið sem skýrir það heldur eru þau einfaldlega mun fjölmennari að meðaltali en einkafyrirtækin.


Samstarf við menntastofnanir á Eypingssvæðinu

Tafla 16. Hefur fyrirtækið/stofnunin átt samstarf við menntastofnanir á Eypingssvæðinu sl. tvö ár?

	Já	Nei	N		
Allir	48%	52%	332		47,9%
Akureyri	47%	53%	212		47,2%
Dalvíkurbyggð	38%	62%	13		38,5%
Nágrenni Akureyrar	63%	38%	32		62,5%
Fjallabyggð	48%	52%	23		47,8%
Húsavík	35%	65%	17		35,3%
Þingeyjarsv., Skútusthr og pnr 641	48%	52%	21		47,6%
Norður Þingeyjarsýsla	50%	50%	14		50,0%
Fasteignaviðskipti	17%	83%	6		16,7%
Fiskveiðar/fiskvinnsla/fiskeldi	38%	63%	16		37,5%
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	0%	100%	7		0,0%
Fræðslustarfsemi	93%	7%	30		93,3%
Gisting og veitingar	34%	66%	35		34,3%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	74%	26%	23		73,9%
Iðnaður	38%	62%	55		38,2%
Landbúnaður	22%	78%	9		22,2%
Mannvirkjagerð	36%	64%	39		35,9%
Menning, íþróttir og tómstundir	58%	42%	12		58,3%
Opinber stjórnsýsla	77%	23%	22		77,3%
Sérfræðileg starfsemi	47%	53%	38		47,4%
Veitur	57%	43%	7		57,1%
Verslun	9%	91%	11		9,1%
Ökutæki	64%	36%	11		63,6%
Annað	42%	58%	12		41,7%
Einkafyrirtæki	33%	67%	234		32,9%
Í eigu sveitarfélags	90%	10%	62		90,3%
Ríkisfyrirtæki eða stofnun	88%	13%	16		87,5%
Sjálfseignarstofnun	64%	36%	11		63,6%
Annað	60%	40%	10		60,0%
1 ársverk	24%	76%	41		24,4%
2-5 ársverk	30%	70%	109		30,3%
6-10 ársverk	48%	52%	46		47,8%
11-20 ársverk	50%	50%	42		50,0%
21-50 ársverk	82%	18%	39		82,1%
51-100 ársverk	85%	15%	26		84,6%
101 ársverk eða fleiri	71%	29%	24		70,8%

Spurt var hvort fyrirtækið/ stofnunin hefði átt samstarf við menntastofnanir á Eyþingssvæðinu. Tafla 16 sýnir að um það bil 48% aðspurðra sögðu sitt fyrirtæki eða stofnun vera í samstarfi við menntastofnanir á svæðinu. Eins og við var að búast var fylgni á milli fjölda ársverka og samstarfs við menntastofnanir. Þeim mun fleiri sem störfuðu í fyrirtækinu þeim mun hærra hlutfall þeirra hafði átt í samstarfi við menntastofnanir á svæðinu. Langflest fyrirtæki eða stofnanir með 21-100 ársverk voru í einhverskonar samstarfi við menntastofnanir.

Hvert sækir starfsfólk sí- og endurmenntun?



Mynd 8. Hvert sækir þitt starfsfólk sí- og endurmenntun? (merkið við allt sem við á)

Einnig var spurt um hvert starfsfólk sækta sí- eða endurmenntun. Flestir eða 116 nefndu SÍMEY en aðeins færri sögðu að fræðslan færi fram innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar. (Mynd 8).


Opin spurning: Hvert annað sækir þitt starfsfólk sí- og endurmenntun?

Tafla 17. Hvert „annað“ sækir starfsfólk endurmenntun?


Iðan	11
Háskóla Íslands	5
Reykjavík	5
Endurmenntun HÍ	4
HR	2
LBHÍ	2
Slysavarnaskóla sjómanna	2
Ýmis námskeið	2
Aðkeypt fræðsla frá ýmsum aðilum	1
Aðra háskóla landsins	1
Á ekki við, starfsfólk er í hlutastarfi og er hámenntað, sækir sína endurmenntun á eigin vegum og í samstarfi innan fyrirtækis	1
Á ýmsa fundi og ráðstefnur	1
Byggið	1
Endurmenntun meiraprófbilstjóra	1
Fagfélag	1
Farskóla safnmanna	1
Fisþ	1
Framleiðslufyrirtækja	1
Fræðslu á vegum stéttarféлага	1
Fræðsludagar hjá viðkomandi félagi	1
Fundi og þing t.d. vegna kennarasambands	1
Gerum betur	1
Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík	1
Háskólann að Hólum	1
HÍ, HR	1
Hjá Félagi Sjúkrþjálfara	1
Hjá fjölmörgum stofnunum og félagasamtökum	1
Innan fyrirtækisins	1
Keilir	1
Listaháskóla Íslands	1
Lögmannafélag Íslands	1
m.a. Landskerfi bókasafna	1
Námskeið á vegum fagfélags	1
Námskeið o.þ.h. utan Eypings en ekki erlendis	1
Nýsköpunarmiðstöðina	1
Rafiðnaðarskólann	1
Rafmenntun.	1
Rafmennt	1
Rafnám	1
Ráðstefnur innanlands	1
Reykjavík, Ekill	1

Sérhæfð námskeið á tækjabúnaði	1
Sérhæfð námskeið á vegum fagsins	1
Sérhæfð námskeið t.d. Promennt, NTV	1
Sérhæfð þjónustufyrirtæki í Rvk.	1
Sérútbúin námskeið fyrir kerfin sem unnið er á.	1
SI, Vinueftirlit, o.fl.	1
Sjálfsnám og vinna með ráðgjöfum	1
Skyndihjálp	1
Til annarra stofnana af sama tagi, læra saman og hvert af öðru.	1
Til dæmis Ökuskóla vesturlands	1
Til erlendra birgja og samstarfsaðila	1
Uppl.tækni fyrirtæki	1
Vinnueftirlitið og Samtök iðnaðarins	1
Vinnuvélanámskeið	1
Ýmislegt	1
Þessi starfsemi er hvergi kennd	1
Ökuskóla	1
Ökuskóla austurlands	1

Tafla 17 sýnir yfirlit yfir svörin 94 sem bárust við valmöguleikanum „annað“ þegar spurt var hvert starfsfólkið sækta símenntun, ásamt fjölda fyrirtækja sem merktu við hvert svar. Iðan, Háskóli Íslands, Reykjavík og endurmenntun HÍ voru oftast nefnd.




Mynd 9. Hvert sækir þitt starfsfólk sí- og endurmenntun? Starfssvæði SÍMEY



Mynd 10. Hvert sækir þitt starfsfólk sí- og endurmenntun? Starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga

Gögnin voru einnig skoðuð út frá starfssvæðum símenntunarmiðstöðvanna en þar sést að þær tróna á toppnum, hvor á sínu svæði. Mynd 9 sýnir að á Eyjafjarðarsvæðinu sækja flestir símenntun í SÍMEY. Mynd 10 sýnir að á sama hátt sækir starfsfólk í Þingeyjarsýslunum helst símenntun til Þekkingarnets Þingeyinga. Á báðum svæðunum er næst algengast að símenntun fari fram innan fyrirtækis eða stofnunar, sérstaklega er það áberandi í Eyjafirðinum. Í Þingeyjarsýslunum er flokkurinn „annað“ jafn oft nefndur og innan fyrirtækis eða stofnunar en í Eyjafirði er sá flokkur í þriðja sæti.



Mynd 11. Í hvaða framhaldsskóla sækir starfsfólk sí- og endurmenntun? (merkið við allt sem við á)

Mynd 11 sýnir að af þeim 27 sem sögðu sitt starfsfólk sækja sí- og endurmenntun í framhaldsskólana nefndi 21 Verkmenntaskólann á Akureyri, fjórir nefndu Menntaskólann á Tröllaskaga, þrjár Menntaskólann á Akureyri en Fjöltækniskólinn, Borgarholtsskóli og Framhaldsskólinn á Húsavík voru einnig nefndir.

Hversu vel námsframboð þjónar nærumhverfinu

Tafla 18. Hversu vel eða illa telur þú að námsframboð í þínu nærumhverfi komi til móts við þarfir fyrirtækisins/stofnunarinnar?

	Mjög vel	Frekar vel	Hvorki vel né illa	Frekar illa	Mjög illa	N	Mjög/frekar vel
Allir	8%	31%	39%	14%	8%	288	39,6%
Akureyri	10%	32%	38%	12%	7%	188	42,6%
Dalvíkurbyggð	0%	33%	42%	17%	8%	12	33,3%
Nágrenni Akureyrar	6%	29%	39%	19%	6%	31	35,5%
Fjallabyggð	11%	16%	37%	26%	11%	19	26,3%
Húsavík	0%	17%	42%	25%	17%	12	16,7%
Þingeyjarsv., Skútusthr og pnr 641	7%	50%	36%	0%	7%	14	57,1%
Norður Þingeyjarsýsla	0%	33%	42%	8%	17%	12	33,3%
Fasteignaviðskipti	17%	33%	17%	17%	17%	6	50,0%
Fiskveiðar/fiskvinnsla/fiskeldi	8%	25%	58%	0%	8%	12	33,3%
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	0%	29%	71%	0%	0%	7	28,6%
Fræðslustarfsemi	3%	43%	40%	13%	0%	30	46,7%
Gisting og veitingar	4%	36%	44%	16%	0%	25	40,0%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	26%	26%	30%	13%	4%	23	52,2%
Iðnaður	6%	30%	23%	26%	15%	47	36,2%
Landbúnaður	13%	25%	50%	13%	0%	8	37,5%
Mannvirkjagerð	6%	27%	42%	15%	9%	33	33,3%
Menning, íþróttir og tómstundir	20%	20%	30%	0%	30%	10	40,0%
Opinber stjórnsýsla	5%	50%	35%	5%	5%	20	55,0%
Sérfræðileg starfsemi	3%	29%	47%	9%	12%	34	32,4%
Veitur	0%	29%	29%	29%	14%	7	28,6%
Verslun	0%	14%	43%	29%	14%	7	14,3%
Ökutæki	18%	18%	55%	9%	0%	11	36,4%
Annað	22%	33%	22%	22%	0%	9	55,6%
Einkafyrirtæki	8%	28%	41%	15%	9%	195	35,4%
Í eigu sveitarfélags	8%	47%	27%	13%	5%	60	55,0%
Ríkisfyrirtæki eða stofnun	13%	25%	63%	0%	0%	16	37,5%
Sjálfseignarstofnun	11%	33%	33%	11%	11%	9	44,4%
Annað	11%	11%	33%	33%	11%	9	22,2%
1 ársverk	19%	32%	39%	3%	6%	31	51,6%
2-5 ársverk	4%	25%	40%	20%	10%	89	29,2%
6-10 ársverk	3%	34%	26%	24%	13%	38	36,8%
11-20 ársverk	13%	23%	53%	13%	0%	40	35,0%
21-50 ársverk	11%	38%	41%	3%	8%	37	48,6%
51-100 ársverk	0%	48%	28%	20%	4%	25	48,0%
101 ársverk eða fleiri	13%	35%	39%	9%	4%	23	47,8%

Þegar spurt var hvernig forsvarsmönnum fyrirtækja/ stofnana þætti námsframboðið í nærumhverfinu þjóna þörfum vinnustaðarins svöruðu 39% vel eða frekar vel og jafnstór hluti svaraði með hvorki vel né illa en 22% svöruðu frekar eða mjög illa. Af sveitarfélögunum voru Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur og pósthúsi 641 ánægðust með aðgengi að fræðslu, þar sem 57,1% voru frekar eða mjög ánægð en minnst var ánægjan á Húsavík. Stofnanir í eigu sveitarfélaga virtust ánægðastar með námsframboð í nærumhverfinu og ef litið er til atvinnugreina var mest ánægja á meðal opinberrar stjórnsýslu, heilbrigðis- og félagsþjónustu og fasteignaviðskipta. Mest var óánægjan hjá verslun og veitum en hafa þer í huga að fá svör bærust frá þeim flokkum. (Tafla 18)

Árið 2013 kannaði RHA hvernig fyrirtæki á Eyjafjarðarsvæðinu teldu að námsframboð kæmi til móts við þarfir sinna starfsmanna. Þá mátu svarendur námsframboðið ekki nægjanlega gott en 40% gáfu námsframboðinu á Eyjafjarðarsvæðinu einkunnina 5 eða lægra. Hlutfallslega flestir gáfu þó einkunnina 7. Meðal þess sem þar var nefnt að vantaði var t.d. sérgreinar fyrir iðnaðarmenn, skilvirkara og nútímalegra nám í iðngreinum og endurmenntun (Hjalti Jóhannesson og Hjördís Sigursteinsdóttir, 2013).

Opin spurning: Hvaða menntun/ hæfni finnst þér mikilvægast að efla í þínu nærumhverfi?

Svarendur fengu tækifæri til að svara því hvaða menntun eða hæfni væri mikilvægast að efla í þeirra nærumhverfi og var það opin spurning. Langflestir nefndu iðnmenntun eða 44 svarendur, þess utan voru a.m.k. 53 svör sem má flokka sem verk- og tæknigreinar. Niðurstöðurnar koma ekki á óvart. Mikil umræða hefur verið um langa hríð um nauðsyn þess að efla iðn-, verk- og tækninám. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er efling iðn- og verknáms boðuð og hefur Samiðn skorað á stjórnina að standa við það fyrirheit og auka fjármagn til verknámsskóla. Þá sýna fyrri rannsóknir ákall atvinnulífsins eftir slíku starfsfólki (Arnar Þór Jóhannesson, 2013 og Menntun í Norðvesturkjördæmi: Greinargerð um tilraunaverkefni í Norðvesturkjördæmi, 2013). Hér koma svörin í stafrófsröð en ef sama svarið kom fyrir oftari en einu sinni er svigi fyrir aftan með fjölda svara.

- Að ganga vel um landið okkar
- Aðlögunarhæfni
- Alhliða (þverfaglega) iðnmenntun ásamt sjálfstæði og hæfni til að skipuleggja og framkvæma margþætt verk
- Alla menntun, iðnmenntun og kennsluréttindi í leik- og grunnskóla
- Allt sem snýr að ferðaþjónustu
- Almenn samskipti
- Almenna starfsvitund - hvaða skyldur hefur starfsmaður gagnvart vinnuveitanda
- Aukin upplýsing
- Bilunargreiningu í bílarafmagni og tölvutækni bifreiða
- Bókhald
- Bókhaldshæfni, skilning á tölum og bókhaldi
- Búfræði
- Endurmenntun, símenntun tónlistar- tónmenntakennara
- Ég get ekki svarað þessari spurningu. Ég held að það sé best að fólk velji sér nám út frá því sem því finnst áhugavert og skemmtilegt. Hafi fólk verið í góðu og krefjandi námi á sínu áhugasviði er ég sannfærð um að það séu störf í samfélaginu þar sem þeir hæfileikar fá að njóta sín. Að mínu mati snýst nám fyrst og fremst um að læra vönduð vinnubrögð, geta litið á hlutina með gagnrýnum augum, kunna þá aðferðafræði sem þarf að nota hverju sinni og einstaklingar sem búa yfir þessu auk siðferðis og samfélagsvitundar hljóta að vera frábærir starfskraftar í fjölbreyttum störfum. Nútíminn er síbreytilegur og framtíðin líka og erfitt að sjá fyrir hvort það sé ein menntun umfram aðra sem hafi meira gildi. Góð menntun sama á hvaða sviði hún er hlýtur að vera til bóta fyrri samfélagið allt og þar með nærumhverfið
- Faglegt samstarf á hlutlægan hátt
- Fagmenntun

- Félagliða og hjúkrunarfræðinga
- Fiskvinnslu
- Fínt eins og þetta er
- Fjármálalæsi, mannleg samskipti, samningatækni
- Fjölmargt
- Framhaldskólamenntun
- Framkoma
- Fræðslu til faghópa til að viðhalda færni og kunnáttu
- Gagnrýna hugsun
- Greiningar, uppsetning og lestur gagna
- Hafni í hagnýtingu ímyndunaraflsins
- Handverksiðngreinar
- Háskólamenntun (2)
- Háskólamenntun í tækni greinum. Iðnfræði (rafmagn,bygginga o.s.frv.) Byggingarfræði og fleiri slíkar greinar
- Heilbrigða skynsemi/ virðingu fyrir vinnunni
- Hugbúnaðar og upplýsingatækni
- Hæfni í að beita sértækum meðferðarúrræðum fyrir nemendur í grunnskóla
- Hæfni í Excel, forritun og þjónustu
- Hæfni til að laða að verkefni
- Iðju- og þroskaþjálfamenntun
- Iðn og tækni- og hönnunarmenntun og nýsköpunarþjálfun/menntun.
- Iðn og tæknimenntun (3)
- Iðn og verk
- Iðngreinar og meistaraskóli
- Iðnmenntun (44)
- Iðnmenntun matreiðslumanna og þjóna
- Iðnmenntun með áherslu á raunverulega verklega þekkingu sem nýtist strax í atvinnulífinu, ekki svo mikill fókus á að henti stundatöflum og samningum við kennara (markvissari þjálfun út í atvinnulífinu þar sem nútíma véla- og framleiðslutækni er notuð)
- Iðnmenntun og frumkvæði
- Iðnmenntun, málara, smíði, rafvirkja, pípara og múrara
- Iðnmenntun. Vöntun á fólk í flestar greinar sem snerta iðnað
- Iðnnám / Háskólamenntun
- Í ferðaþjónustu, í framleiðslu matvæla beint frá býli. Frumkvöðla á landsbyggðinni, hugmyndavinnslu námskeið tengt því að auka fjölbreytni atvinnutækifæra út á landi/hvetja menn til að horfa út fyrir rammann og skapa sér tækifæri :)
- Í rafiðnaði
- Íslensku og ensku
- Íslensku, stjórnun, úrvinnslu gagna, líkamsbeitingu við vinnu
- Íslenskukunnáttu - þekkingu og notkun
- Kenna aðkomufólki á siði og reglur samfélagsins

- Kennaramenntun (2)
- Kennsluréttindanam fyrir iðnmeistara
- Kunnátta á fjölbreyttum hannyrðum og miðlun með námskeiðshaldi
- Landbúnaðarfræði almennt, hvort sem er á framhaldsskóla eða háskólastigi, hérna er blómstrandi landbúnaður allt í kring en fólk þarf alltaf að fara í burtu til að sækja menntun. Ég myndi sérstaklega vilja sjá landbúnaðarfræði koma inn í Auðlindadeild HA, búvísindi á grunnstigi og svo framhaldsmenntun í samstarfi við erlenda skóla jafnvel
- Leiðsögn
- List og verkmenntun. Allt of oft hafa slík námskeið fallið niður vegna ónógrar þátttöku t.d. fyrir textílmenntkennara og tónlistarkennara
- Listsköpun
- Lækna og tæknimenntun
- Löggiltur fasteignasali
- Mannleg samskipti (2)
- Markaðs og rekstrarfræði
- Markaðssetning
- Matráða
- Matreiðslu og Nýtingu verðvitund hreinlæti og meðferð matvæla
- Matvæla menntun
- Matvælarannsóknatengt
- Meiri fagleg þekking
- Meiri metnað á iðnmenntun í grunnskólum
- Meistaránám á háskólastigi
- Meistaránám í Húsasmíði
- Mennskuna, siðferði og samskipti
- Menntun á sviði markaðsmála og menntun á sviði öryggis fræðslu
- Menntun leikskólakennara
- Menntun sem hefur með sköpun að gera. Handíðir og aðrar listir
- Mér finnst nú menntunarmöguleikar mjög góðir í mínu nærumhverfi
- Minnka bóklegt þannig að smiðirnir fari í meistarann
- Notkun upplýsingatækni við að létta vinnuferla, námskeið á sviði byggingartækni
- Nýtingu tækni í fræðslu
- Nærumhverfisþekkingu
- Pípulögn
- Rekstur smáfyrirtækja, sölutækni og jákvæð þjálfun starfsfólks
- Samskiptahæfileika
- Samskiptahæfni. Fræðsla um heilabilun og allt sem tengist henni. Valdefling
- Samskipti
- Samskipti og tímastjórnun
- Samskipti, samvinnu og skóla 21. aldarinnar
- Samvinnu (2)
- Samvinnu og íslensku

- Siðferði, tölvunotkun, Excel, Word, verkefnastjórnun verkstjóra, öryggi, gæðastjórnun fyrir almenna starfsmenn og stjórnendur
- Símenntun bifvélavirkja
- Sjúkrþjálfun
- Skilning fyrir ferðaþjónustu
- Skipstjórnarnám (2)
- Skipulags, rekstrar, og fjármálahæfni
- Skjalastjórnun
- Starfsmenn stofnunarinnar eru með mjög sértæka sérferði kunnáttu sem kostnaðarsamt er að bjóða upp á hér
- Starfsnám
- Stjórnun
- Stjórnun og ákvarðanatataka við erfiðar aðstæður
- Stutt námskeið sem nýtast á vinnumarkaði. Vantar stutt námstilboð fyrir einstaklinga með litla menntun
- Stytttra nám á háskólastigi sem tengist félagsþjónustu
- Teymisvinnu, hæfni til samvinnu og notkun stafrænnar tækni á öllum sviðum
- Tungumál og samskiptahæfni
- Tungumál, skipulag
- Tækni og tæknilæsi, upplýsingar og upplýsingar læsi
- Tækni- og verkfræðimenntun
- Tæknimenntun (3)
- Tæknimenntun, leiðtogahæfileika og samvinnufærni
- Tæknimenntaðir iðnaðarmenn
- Tölvu- og upplýsingatækni
- Tölvumenntun, íslenska tungu fyrir erlenda starfsmenn, tækni ensku
- Tölvunám s.s forritun, kerfisfræði
- Umhverfismennt
- Upplýsingatækni (6)
- Upplýsingatækni og framþróun hvað varðar tækniþygingu sem nú er umlykjandi
- Upplýsingatækni tengd menntun og að halda fólkinu á svæðinu
- Upplýsingatækni, rafræn þjónusta, straumlínustjórnun, samskiptahæfni við úrlausn krefjandi verkefna, verkefnastjórnun, tímastjórnun
- Upprifjun, túlkun dóma og almenn fræðsla um fasteignaviðskipti
- Út frá þörfum míns fyrirtækis myndi ég segja sviðslistir á efri stigum
- Vantar meira fyrir háskólamenntað starfsfólk, eins og mannauðsmál!
- Vantar sárlega styttra nám fyrir ófaglært starfsfólk á leikskólum
- Velferðartækni
- Verk og tæknifræði (2)
- Verkefnisstýringu
- Verkfræði
- Verkmennt (2)
- Viðurkenndan bókara

- Vinnuvélaréttindi
- Vinnuvitund
- Það vantar að fá fleiri námskeið s.s. réttindanámskeið norður í land- einnig dagsnámskeið og fræðslu er varða menntun og uppeldi barna
- Það vantar sérlega nám fyrir starfsfólk verslana og hliðstæðra þjónustufyrirtækja. Nám sem er sniðið að þeim sem vinna þessi störf. Það eru mörg hundruð verslunarmenn og konur að störfum á svæðinu. Það er ekkert sérhæft nám í boði fyrir allan þennan fjölda Símev hefur að vísu af og til boðið upp á einhver námskeið sem tengjast þessu, en það er ekkert markvisst. Merkilegt því verslunarfólk er trúlega einhver fjölmennasta starfsstéttin. Hver einasti maður eða kona þarf á þjónustu verslunarfólks að halda hvern einasta dag
- Þekkingu á nærumhverfinu
- Þekkingu á tölum og gagnavinnslu og birtingu
- Þjónustu og sölu
- Þjónustulund/ þjónustusamskipti (2)
- Því meiri því betri
- Öryggisfræðslu sjómanna
- Öryggisvitund

Opin spurning: Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi nám, námsframboð og vinnuafspörf?

Í lok spurningakönnunarinnar fengu þátttakendur tækifæri til að koma skoðunum sínum varðandi nám, námsframboð og vinnuafspörf á framfæri. Þau svör má sjá hér að neðan í stafrófsröð, óflokkuð.

- Allt sem tengist tölvum og iðntölvum og sjálfvirkni mun aukast gífurlega á næstu árum og í þessu þarf að mennta og starfsmennta
- Auka aðstoð við fólk sem er komið út á vinnumarkaðinn til að ná sér í menntun
- Auka iðnmenntun og raungreinakennslu
- Efla almenna iðnmenntun sem er að deyja út
- Efla iðnám en ekki á kostnað starfsnáms. Fá iðnfyrirtæki í meira samstarf. Allt of mikill áheyrsla lögð á bóknám
- Efla iðnmenntun
- Efla kynningar á nýjungum hvort sem þær eru tæknitengdar eða ekki sem auðvelt er fyrir almenning og grunnskólakrakka að koma á og sjá hvað er að gerast
- Efla og styrkja ungt fólk til menntunnar
- Efla þarf almenna notkun fjarfundabúnaðar, ekki síst hjá stofnunum og fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu svo auðveldara verði um samskipti og auðveldara að taka þátt í fundum, ráðstefnum og sækja námskeið
- Efla þarf umgjörð iðnmenntunar, þar er þörfin brýnust
- Efling menntunar almennt
- Ekki er fyrirsjáanleg þörf fyrir nýja starfsmenn hjá fyrirtækinu en á næstu árum þarf örugglega að ráða einhverja. Mikilvægt er að lyfta upp menntunar- og hæfnistigi þannig að verkamenn verða sérhæfðir verkamenn, iðnaðarmenn verða sérhæfðir iðnaðarmenn umfram það sem þeir eru í dag en engu að síður bætist við lægra þrep menntunar, raflíðar, múrliðar, pípulagningaliðar, garðyrkjuliðar o.s.frv. Mikilvægt er að leggja af að tala um sveinspróf á jafnréttistímum, fagpróf gæti komið til greina. Hver og einn þarf að skapa þau verðmæti sem liggja til grundvallar umbunar hans og þar sem kröfur eru stórauðnar verður að lyfta upp framlegðarframlagi viðkomandi
- Er verið að vinna í samstarfi við Símei í námsframboði í velferðartækni
- Ég álít okkur á réttri braut
- Ég get ekki lesið úr þessari könnun annað en að þeir sem hafa samið hana séu nákvæmlega þannig fólk sem ekki sér neitt annað en verkafólk og háskóla fólk
- Ég veiti stjórnendum leiðtogaþjálfun m.a. á sviði starfsmannastjórnunar
- Ég vona að við eigum sem samfélag eftir að opna augu okkar enn frekar fyrir því hvað menntun er mikilvæg í mörgum störfum og á mörum sviðum jafnvel þar sem hún hefur ekki áður verið til staðar. Ég held að það séu sóknarfæri svo víðsvegar í okkar samfélagi til dæmis hér á Norðurlandi til að veita háskólamenntuðum atvinnutækifæri við hæfi og mikið af mannauði sem er ekki nýttur jafn vel og skildi. Það væri mjög jákvætt að auka tengslin á milli atvinnulífsins og háskólanna

- Fólþ sem sérmenntar sig í landbúnaðarfræðum þarf að fara á Hvanneyri og svo til útlanda núna, þetta fólk skilar sér illa norður í Eyjafjörð nema þá til þess að gerast bændur. HA er öflugur háskóli sem gæti vel boðið landbúnaðarfræði í Auðlindadeildinni og ég held að það yrði frábært fyrir landbúnað á Íslandi að fá inn nýja og ferska sýn á þessa menntun, landbúnaður er fjölbreyttur og við erum fá sem sérhæfum okkur í honum og því er samstarf við erlenda skóla mikilvægt líka og ég held að HA standi þar framarlega. Eins tel ég að það myndi styrkja landbúnaðarfræðinga að vera í háskólasamfélagi með öðrum greinum en ekki einangraða á Hvanneyri. Það myndi styrkja ráðgjöf til þeirra sem stunda landbúnað og þar með íslenskan landbúnað
- Gera iðnmenntun áhugaverðari fyrir nemendum
- Gera meistaranámið aðgengilegra fyrir menn í fullri vinnu. Minnka óþarfa fög í bóklega
- Gera nám en frekar aðgengilegt og áhugavert á netinu, án þess að farið sé út í öfgar eins og í dag með ökuþróf sem er algjörlega óásættanleg
- Góð tækninámskeið gætu bætt stöðu starfsmanna
- Já, það má taka meistaranám í Verkmenntaskólanum yfirfara það og koma því í rökrétt og gott ferli til að flýta fyrir námi, það hefur gegnið erfiðlega að kenna marga áfanga og það tefur fyrir menntun og framtíð núverandi og verðandi fyrirtækjum
- Kvöldskóla í iðngreinum, svo eldra fólk geti stundað vinnu með námi
- Kynna ALLAR iðngreinar bæði í grunnskólum og verkmenntaskólum af einhverjum sem hafa þekkingu til
- Leggja meira upp úr verknámi
- Leita logandi ljósi að námskeiðum um áætlanagerð smáfyrirtækja og mönnun árstíðabundins vinnustaðar
- LíH þarf að koma meira með framboð fyrir landsbyggð, fjarkennslu o.s.frv. Listnámsfræðsla fyrir kennara almennt þarf að aukast
- Mér finnst sorglegt hvað er búið að skera mikið niður í kennslu í skólum landsins, akkúrat núna þegar unglíngarnir okkar eru að greinast með allskonar bresti og handavinna er sjálfstyrkjandi og góð fyrir hugann og hönd. Það mætti draga úr ímyndinni að hannyrðir séu fyrir þá sem minni mega sín í þjóðfélaginu, oft kallað "að dunda sér" sem er kostur að geta
- Mætti bæta framboð á námskeiðum í íslensku fyrir útlendinga
- Mætti upplýsa stjórnendur betur um hvað er í boði maður á mann, ekki bara senda einhverja þesa sem lenda í ruslinu
- Mætti vera öflugra verknám
- Nám í tengslum við hugbúnað, hönnun. Vinnuframboð vegna hugbúnaðar og hönnunar
- Nám og námsframboð tel ég vera gott á svæðinu, en vinnuafli með þverfaglega þekkingu og undirstöðu í sjálfstæðum vinnubrögðum er vandfundið sem stendur
- Nám þarf að tengjast vinnumarkaðnum frekar. Háskólaþólk kemur margt alveg "grænt" út á vinnumarkaðinn og eru uppá náð og miskunn vinnuveitandans varðandi að læra hnútana. Reynslan er því miklu eftirsóttari ný útskrifað fólk - betra væri að ný útskrifað fólk væri eftirsótt
- Of mikið lagt upp úr menntun, vantar fólk sem kann og vill vinna

- Okkar helsta vandamál er að fá sérmenntað starfsfólk til að búa á Akureyri frekar en í Reykjavík
- Reyna að fá námskeið hingað norður
- Sárvantar iðnmeistara með kennsluréttindi í mína stofnun, það þarf að vera meira framboð af námi fyrir þá einstaklinga sem ljúka iðnnámi en vilja mennta sig frekar t.d. á sviði iðn- og tæknigreina. Kennsla í listgreinum þarf að komast á annað level hér á Akureyri, hægt er að samnýta betur möguleika á samvinnu framhaldsskólanna, símenntunarmiðstöðva og háskólastigsins sérstaklega á sviði listgreina og í iðn- og tækninámi. Virkja þarf betur frumkvöðlastarfsemi, vantar meiri nýsköpun tengt fyrirtækjum á svæðinu, ónýttir möguleikar í gegnum VMA í frumkvöðla- og tilraunastarfsemi að frumkvæði fyrirtækja og stofnanna á svæðinu. Auka fjölda þeirra sem velja iðn- og starfsnám felst ekki bara í því að efla háskólastigið, framhaldsskólarnir geta gert svo miklu meira ef áhugi er fyrir því hjá háskólunum og fyrirtækjum
- Skólar hér fyrir norðan eru að standa sig almennt vel. Sveitarfélögin eru hins vegar með allt niðrum sig í því að byggja upp samfélag sem þarf á vel menntuðu fólki að halda. Fólk helst ekki hér fyrir norðan, af hverju?
- Skrítin könnun fyrir okkar starfsemi
- Snobb er vont
- Styðja vel við bakið á þeim sem kjósa iðnnám og ekki krefja nemendur sem eru góðir í höndunum um of mikið af tilgangslaunum bóklefum fögum sem kemur stundum eins og uppfyllingarefni inn í námskránnu. Einbeita sér frekar að iðnnáminu sérstaklega með auknum verklegum tímum
- Tel mikilvægt að efla Háskólann á Akureyri enn frekar á sviði tölvumenntunar
- Upplýsingatækni sem kennd er við HA í samvinnu við HR er mikið framfaraskref
- Vanrækt iðnnám í VMA
- Vantar meira framboð af endurmenntun/námskeiðum í okkar fagi á svæðinu
- Vantar meiri iðnmenntun
- Vantar verkefni á staðinn
- Verkvit og verkunnátta er það sem fólk skortir. Verkefni þáttur vikunnar
- Vildi sjá að starfsmenntun fatlaðra væri sinnt betur og fyrirtæki reyndu að nýta þeirra starfsframlag betur
- Væri gott að hafa námskeið t.d. tvo dagsparta frekar en heilan dag, er auðveldara fyrir stofnunina að losa fólk þannig
- Vönduð þjónustunámskeið, t.d. einu sinni í viku í sex vikur, er eitthvað sem okkur vantar. Dýrt að leita til Dale Carnegie í borginni
- Það vantar fleiri námskeið frá Iðunni norður
- Það væri gott ef það væri til e.k. ráðgjöf til skólanna um þörf á endurmenntun Skólastjórnandi sér kannski ekki endilega allt sjálfur og gott væri að fá sérfræðing sem mæti stofnunina og kæmi með tillögur að endurmenntun
- Það þarf að efla samtal menntastofnana og atvinnulífsins til að laga nám að þörfum þeirra fyrirtækja sem hér starfa. Einnig vantar samstarf meðan á námi stendur, t.d. með fyrirtækjaheimsóknum og vinnu á meðan námi stendur
- Það þarf að lyfta iðnmenntun/verknámsgreinum á hærra plan - ekki aðeins í orði

- Þjónanámskeið, íslenska fyrir lengra komna, Mikilvægi þjónustu og sölu, nýsköpun sem ekki tengist ferðaiðnaði
- Þó það eigi ekki við um mína einingu þá tel ég að nýsköpunarþjálfun þurfi að stórefla, að fylla nemendur sjálfstrausti og löngun til að skapa ný tækifæri fyrir sjálfa sig og aðra. Einnig að efla sókn í fjölbreytt iðn- og tækninám
- Því meiri jákvæðni og frumkvæði því betra
- Þörf fyrir öfluga forritara mun stóraukast. Skipuleggja nám þar sem náið er unnið með framsæknum erlendum fyrirtækjum í mechatronics-robot geirum erlendis. Kenna agaðri vinnubrögð við varðveislu upplýsinga, uppfærslu, smíði simulatora til frumprófana o.s.frv.

STAÐA EINSTAKRA STARFSGREINA

Í síðari hluta skýrslunnar verður fjallað um helstu starfsgreinar á Eyþingssvæðinu. Hér er notast við bæði skriflegar upplýsingar og upplýsingar úr viðtölum. Ekki verður vísað beint í þá einstaklinga sem rætt var við eða þau fyrirtæki sem þau störfuðu við en upplýsingarnar felldar inn í textann.

Fiskveiðar

Árið 2008 voru fiskveiðar sú atvinnugrein sem skapaði mestar atvinnutekjur á Norðurlandi eystra eða rétt rúmlega 10 milljarða. Síðan þá hafa tekjurnar lækkað umtalsvert eða í 6,7 milljarða árið 2017. Er þetta eina atvinnustarfsemin auk fjármála og váttryggingastarfsemi þar sem tekjur hafa dregist saman. Samdrátturinn í fiskveiðum er 3,35 milljarðar og sker sig talsvert frá öðrum atvinnugreinum. Skýringin á því er fyrst og fremst verkfall sjómanna í ársbyrjun 2017 en engu að síður hefur störfum í sjávarútvegi verið að fækka. Milli áranna 2016 og 2017 var samdrátturinn rúmlega tveir milljarðar. Vegna verkfalls sjómanna er sennilega betra að miða við tölur fyrir árið 2016. Alls staðar á Eyþingssvæðinu hefur hlutur fiskveiða dregist saman. Í Eyjafirði án Akureyrar hafa fiskveiðar farið úr fyrsta sætinu (3.132 milljónir) árið 2008 í það fjórða árið 2017 (1.906 milljónir), á Akureyri hafa fiskveiðar fallið úr þriðja sætinu árið 2008 í það sjötta árið 2017 (3,87 milljarðar) og í Þingeyjarsýslum úr því fyrsta (1610 milljónir) í það níunda (958 milljónir).

Tafla 19. Atvinnutekjur af fiskveiðum í milljónum króna

	2008	sæti árið 2008	2017	Sæti árið 2017	Mismunur 2008 - 2017
Alls á Eyþingssvæðinu	10093	1	6738	5	-3355
Eyjafjörður án Akureyrar	3132	1	1906	4	-1226
Akureyri	5351	3	3874	6	-1477
Þingeyjarsýslur	1610	1	958	9	-652

Af þessu má sjá að vægi fiskveiða er ennþá mjög mikið á svæðinu en vægi þeirra sem heildarhlutfall af atvinnutekjum hefur minnkað frá árinu 2008. Greinin er í fimmta sæti þegar

kemur af heildaratvinnutekjum á svæðinu en er í 13. sæti á landinu öllu. Skýringaþættirnir eru eflaust margir. Þróunin á landinu öllu er sú sama, þ.e.a.s. tekjur af fiskveiðum eru að dragast saman. Milli ára 2008 og 2017 drógust þær saman um 9,4 milljarða og milli ára 2016 og 2017 um tæpa sjö milljarða á landinu öllu. Vegna verkfalls sjómanna verður að hafa mikinn fyrirvara þegar kemur að þessum tölum og það er betra að miða við tölur fyrir árið 2018 þegar þær berast.

Menntun sjómanna er einkum vélstjórn, skipstjórnarnám og slysavarnaskóli sjómanna. Á Norðurlandi eystra er það einkum Verkmenntaskólinn á Akureyri sem býður upp á nám sem nýtist sjómönnum, svo sem vélstjórn eða matreiðslunám. Í könnun sem Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja framkvæmdi 2012 kemur fram að 62% sjómanna voru þá ófaglærðir, utan slysavarnarskóla (Sjómennt, 2012).

Raunfærnimat sjómanna hefur verið í boði fyrir þá sem eru orðnir 25 ára og hafa starfað að lágmarki í fimm ár til sjós.

Fiskvinnsla

Fiskvinnsla er nokkuð stór atvinnugrein á Norðurlandi eystra. Samherji rekur til að mynda tvö stór frystihús, annars vegar á Akureyri og hins vegar á Dalvík þar sem nýtt frystihús er í smíðum. Er unnið úr um það bil 14.500 tonnum af hráefni á hvorum stað (Samherji, 2017). Í Eyjafirði utan Akureyrar er að finna fleiri fiskvinnslur í Dalvíkurbyggð (Marúlfur, Sólrún, Ektafiskur og fleiri), í Fjallabyggð (Rammi) og á Grenivík (Gjögur). Í Þingeyjasýslum hafa atvinnutekjur af fiskvinnslu aukist frá árinu 2008 um 374 milljónir.

Síðan 2016 hefur Menntaskólinn á Tröllaskaga boðið upp á tveggja ára fisktæknibraut í samstarfi við SÍMEY og Fisktækniskóla Íslands. „*Fisktæknir starfar við vinnslu sjávarafurða sem sérhæfður starfsmaður eða flokkstjóri með ábyrgð á ákveðnum verkstöðvum hjá fiskvinnslufyrirtækjum, útgerðum, fiskeldisstöðvum eða öðrum fyrirtækjum í sjávarútvegi*“ (Menntamálastofnun e.d.).

Nemendur fá inngöngu í námið að undangengnu raunfærnimati sem framkvæmt er hjá SÍMEY. Til að geta sótt um það þarf viðkomandi að vera orðinn 23 ára og hafa minnst þriggja ára starfsreynslu í fiskiðnaði. Með raunfærnimatinu fær starfsfólkið þekkingu sína metna og bætir

síðan við sig því sem upp á vantar. Námslok brautar eru á öðru hæfniprepi og veita aðgang að frekara námi til stúdentsprófs (Menntamálastofnun e.d.).

Störfum við fiskvinnslu hefur fækkað undanfarin ár og ekki er lokum fyrir það skotið að með fjórðu iðnbyltingunni muni þessum störfum fækka ennþá meira en orðið er (Huginn Freyr Þorsteinsson, Guðmundur Jónsson, Ragnheiður Hrefna Magnúsdóttir, Lilja Dögg Jónsdóttir og Kristinn R. Þórisson 2019).

Fiskeldi

Heildarlaunatekjur fiskeldis árið 2017 voru tæpar 250 milljónir. Í Þingeyjarsýslum er fiskeldi nokkuð öflug atvinnugrein sem fer stækkandi. Íslandsbleikja er mikilvægur vinnustaður í Öxarfirði en þar er rekið stórt bleikju- og laxeldi og unnið er að stækkun.


Í Þingeyjarsýslum eru alls sex fyrirtæki með rekstrarleyfi en þrjú í Eyjafirði. Þá eru afleidd störf nokkuð mörg vegna þjónustu við þessi fyrirtæki.

Í Eyjafirði eru uppi hugmyndir um 20.000 tonna laxeldi í lokuðum sjókvíum á svæðinu frá Hjalteyri að Svalbarðseyri (Akvafuture, 2018). Ef af verður, sem enn er óvíst, myndi störfum fjölga talsvert. Í Færeyjum voru 70-80.000 tonn framleidd árið 2016 og höfðu um 1000 manns starfa af því það ár. Fiskeldi upp á 20.000 tonn gæti gefið af sér um 260 bein störf á Eyjafjarðarsvæðinu og ríflega 200 afleidd (Sigurður Árnason, 2017).

Á Eyþingsvæðinu er boðið upp á nám við Háskólann á Akureyri í sjávarútvegsfræði og líftækni sem getur nýst í störf við fiskeldi en Háskólinn á Hólum býður upp á diplómunám í fiskeldisfræði sem er sennilega hentugasta námið fyrir þá sem vilja starfa við fiskeldi. Þess utan eru fjölmörg störf iðnaðarmanna og annarra með sérhæfða menntun. Þar sem ekki er um mörg fyrirtæki að ræða í fiskeldi á Eyþingsvæðinu er erfitt að gera sér grein fyrir menntunarpörf.

Landbúnaður

Heildartekjur af landbúnaði voru ríflega einn og hálfur milljarður á Eypingssvæðinu árið 2017 og var landbúnaður í 17. sæti af 21 atvinnugrein samkvæmt skýrslu Byggðastofnunar (Sigurður Árnason 2018), einu sæti neðar en árið 2008. Eðli málsins samkvæmt er vægi landbúnaðar misjafnt á milli svæða en í Eyjafirði án Akureyrar er landbúnaður í 10. sæti yfir atvinnutekjur og í 11. sæti í Þingeyjarsýslum. Matvælaframleiðsla er mikil á Eypingssvæðinu svo sem í kjöt- og mjólkurvörum þannig að vægi landbúnaðarins er mjög mikið á svæðinu þó svo að heildartekjurnar séu ekki hærri en raun ber vitni. Sé litið til rekstrartekna landbúnaðar þá er vægi hans mest á Suðurlandi (28%) en næstmest á Norðurlandi eystra og Vestfjörðum (16%). Séu tölur um framleiðsluvirði landbúnaðar hins vegar skoðaðar (Mynd 12) og má segja að sú tala segi meira um atvinnugreinar innan landshluta, hækkar hlutur Norðurlands eystra í 19%. Sé litið til sauðfjárræktar er hlutur Norðurlands eystra um það bil 16% en hlutur nautgriparræktar 23% (Vífill Karlsson, 2019).



Mynd 12. Framleiðsluvirði landbúnaðar árið 2015, hlutfallsleg skipting milli landshluta. (Mynd Vífill Karlsson, 2019)

Engin búfræði er kennd á Eyþingssvæðinu og þurfa þeir sem vilja nema hana að gera það á Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Framboð af sí- og endurmenntun á Eyþingssvæðinu virðist einnig vera lítið. Í opnu svari sagðist þátttakandi vilja sjá landbúnaðarfræði innan Auðlindardeildar HA. Annar viðmælandi talaði um þörf á rannsóknum og nýsköpun innan greinarinnar.

Mannvirkjagerð

Þrátt fyrir talsverða uppbyggingu víða á Norðurlandi eystra árið 2017 þá er mannvirkjagerð hlutfallslega minni hluti heildartekna á því svæði en 2008. Þrátt fyrir uppsveiflu undanfarinna ára hefur fækkað í öllum stéttum mannvirkjagreina síðan fyrir hrun. Heildartekjurnar árið 2019 voru tæpir níu milljarðar. Þingeyjarsveit sker sig úr en atvinnutekjur þar voru 2,7 milljarðar króna. Líklegt er þó að sú tala lækki aftur nú þegar helstu framkvæmdum er lokið við kísilverið á Bakka og uppbyggingu hótela í Mývatnssveit. Þetta er sá starfsvettvangur, ásamt fiskveiðum, þar sem hlutfall kvenna er lægst eða 3,7%.


Undanfarin ár hafa verið mikil framkvæmdaár víðast hvar á Eyþingssvæðinu og næga vinnu að hafa í mannvirkjagreinum. Árið 2017 var mannvirkjagerð sá geiri sem skóp fjórðu mestu atvinnutekjurnar, líkt og árið 2008. Árin eftir hrun voru þó erfið og atvinnuleysi talsvert. Í Þingeyjarsýslum var mannvirkjagerð sú atvinnugrein sem hafði mestu atvinnutekjurnar, eða rúmlega tvo milljarða enda hefur gríðarleg uppbygging átt sér stað, ekki síst tengt ferðaþjónustu og þá helst hótélbyggingum. Einnig hafa umfangsmiklar framkvæmdir verið við Bakka.

Í Eyjafirði, fyrir utan Akureyri, var vægi mannvirkjagerðar hlutfallslega minna en annars staðar á svæðinu og var þetta sú atvinnugrein sem hafði sjöttu mestu atvinnutekjurnar. Þó hafa stór verkefni verið þar undanfarin ár, sérstaklega á Siglufirði en reyndar víðar.

Í viðtölum töluðu margir um mikinn skort á iðnaðarmönnum í mannvirkjagerð. Undanfarin ár hefur þurft að manna stórar framkvæmdir eins og byggingu PCC á Bakka, að miklu leyti með erlendu vinnuaflí. Í spurningakönnuninni kom þessi vöntun einnig skýrt í ljós sjá bls. 24, og opnar spurningar (hefjast á bls. 46 og á bls. 51).

Verkmenntaskólinn á Akureyri býður upp á margskonar nám sem nýtist þessum atvinnugreinum sem og öðrum iðnaði en mannvirkjagerð eins og fjallað verður um síðar í skýrslunni. Um 150

iðnaðarmenn útskrifast frá VMA árlega og samkvæmt viðtölunum og spurningakönnuninni er mesta eftirspurnin frá atvinnulífinu eftir slíku vinnuafli. Hér á eftir verður skoðað hvaða greinar boðið er upp á og hvernig aðsókn hefur verið.




Mynd 13. Fjöldi nemenda í byggingadeild VMA 2008 - 2018

Haustið 2018 innrituðust 45 nemendur í grunnnám í byggingadeild Verkmenntaskólans. Er það talsvert yfir meðaltali síðustu 12 ára sem er 32 nemendur. Eftir nokkur mögur ár virðast fleiri og fleiri nú leita í þetta nám. VMA er eini skólinn á Eypingssvæðinu sem býður upp á þetta nám sem er einungis ein önn. Nemendum standa svo nokkrar leiðir til boða að grunnnámi loknu. Flestir velja að fara á húsasmíðabraut. (Mynd 13)

Spár benda til þess að störf í þessum geira muni taka einna mestum breytingum af öllum starfsgreinum vegna sjálfvirknivæðingarinnar en 60% starfa í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð mun taka breytingum ef þær spár ganga eftir (Huginn Freyr Þorsteinsson o.fl., 2019).

Húsasmíði




Mynd 14. Fjöldi nemenda í húsasmíði við VMA 2008 - 2018

Mynd 14 sýnir að nemendum í húsasmíði hefur fækkað við VMA undanfarin ár. Eftir efnahagshremmingarnar árið 2008 hófst átaksverkefnið Nám er vinnandi vegur sem margir nýttu sér til að sækja sér menntun samhliða atvinnuleysisbótum sem ef til vill skýrir mikinn fjölda árin 2009 og 2010. Frá 2011 hefur fjöldi nemenda verið á bilinu 11 – 25. Á árunum 2010 – 2016 útskrifuðust 98 nemendur frá VMA, allt karlar.

Húsasmíði er bara kennd í dagskóla við VMA en við Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki er hægt að stunda námið í lotunámi og hafa margir á Eyþingssvæðinu nýtt sér það.

Málaraiðn



Mynd 15. Fjöldi nemenda í málaraiðn í VMA 2008 - 2018

Aðsókn í málaraiðn hefur verið lítil undanfarin ár og námið kennt stopult. Mynd 15 sýnir að árið 2018 var aðeins einn nemandi skráður við skólann í húsamálun og er það fyrsti nemandinn um nokkurt skeið. Árin 2010 til 2016 útskrifuðust 10 einstaklingar úr náminu (Jóhannes Árnason, 2017). Mjög erfitt hefur reynt að halda náminu úti sökum lítillar eftirspurnar. Að sögn viðmælenda stefnir í óefni þegar kemur að endurnýjun í stéttinni og hefur verkefnastaða verið góð hjá málurum undanfarin ár. Á árinu verður þörfin fyrir nýjan hóp könnuð og reynt að fara af stað með nýjan hóp ef eftirspurnin verður næg.


Múrsmíði

Svipaða sögu er að segja af múraraiðn og húsamálun. Reynt er að safna upp í hóp til að kenna en eftirspurnin er ekki næg til þess að hægt sé að halda náminu úti svo vel sé. Árin 2015 og 2016 var boðið upp á nám í múrsmíði og voru 10 og 7 nemendur skráðir árin 2015 og 2016 en síðan hefur það lognast út af aftur. Árin 2010 til 2016 útskrifuðust þrjú nemendur úr VMA (Jóhannes Árnason, 2017). Þeir sem fyrir eru í faginu eru farnir að eldast og í raun vantar nú þegar fleiri til starfa á þessum vettvangi. Var útskriftin árið 2016 sú fyrsta í langan tíma en námið var skipulagt í miklu samstarfi við atvinnulífið. Hugmyndir eru uppi um að námið verði kennt á þriggja ára fresti.

Pípulagnir

Árið 2018 voru tveir nemendur skráðir í pípulagnir við VMA en þá hafði enginn innritast í nokkur ár. Stór hópur var árið 2008 og voru þá 16 nemendur skráðir en árið eftir voru þeir bara tveir. Vorið 2019 mun á annan tug pípulagningamanna brautskrást frá VMA og er vonast til að næsti hópur byrja að tveimur til þremur árum liðnum. Árin 2010 til 2016 útskrifuðust aðeins sex nemendur (Jóhannes, Árnason, 2017). Ljóst er að eftirspurn eftir pípulagningamönnum hefur verið mikil alls staðar á Eyþingssvæðinu og mun væntanlega verða það áfram. Námið var sett á laggirnar í samstarfi við meistara á svæðinu sem og fagfélög.


Rafiðnir



Mynd 16. Nemendur í grunnnámi rafiðna í VMA 2008 - 2018

Grunnnám rafiðna er tveggja ára nám og eftir það er hægt að velja rafvirkjun eða rafeindavirkjun í VMA. Ekki er hægt að segja að annað en aðsóknin í námið hafi verið mikil undanfarin ár en að meðaltali eru ríflega 70 nemendur í þessu námi hverju sinni. (Mynd 16) Brottfall úr þessu námi er lítið.


Rafvirkjun



Mynd 17. Nemendur í rafvirkjun í VMA 2008 - 2018

Mynd 17 sýnir fjölda nemenda í rafvirkjun í VMA á tímabilinu 2008 – 2018. Aðsókn í rafvirkjun hefur verið býsna mikil undanfarin ár enda hefur verkefnastaða í greininni verið góð. Alls útskrifuðust 102 nemendur úr rafvirkjun á árunum 2010 – 2016.

Rafeindavirkjun

**Mynd 18. Nemendur í rafeindavirkjun í VMA 2008 - 2018**

Nám í rafeindavirkjun hafði legið niðri um hríð þegar það byrjaði aftur 2012. Eins og sjá má á myndinni hér að ofan hefur nemendum fjölgað í rafeindavirkjun undanfarin ár. Tekið er inn í rafeindavirkjun annað hvert ár af grunndeild rafiðna og er eftirspurnin nú meiri en framboð.

Talsvert ákall hefur verið eftir að HA bjóði upp á nám í tæknifræði eða iðnfræði en það hefur ekki verið í boði hingað til. Hins vegar segir í framtíðarsýn HA til ársins 2023, sem er hluti af stefnu HA 2018 – 2023: „Árið 2023 er jafnframt boðið upp á tæknifræði...” (Háskólinn á Akureyri, 2018).

Iðnaður annar en mannvirkjagerð

Þriðja stærsta atvinnugreinin hvað varðar atvinnutekjur árið 2017 var iðnaður (annar en mannvirkjagerð sem þegar hefur verið fjallað um hér að framan) og er það vaxandi atvinnugrein á Eyþingssvæðinu. Árið 2008 var það fimmta stærsta atvinnugreinin en þá voru heildartekjurnar ríflega sjö og hálfur milljarður. Árið 2017 voru þær komnar upp í tæpa tíu milljarða. (Tafla 20) Árið 2018 opnaði svo verksmiðja PCC á Bakka þannig að væntanlega mun þessi tala halda áfram að hækka.

Tafla 20. Atvinnutekjur af iðnaði á Norðurlandi eystra í milljónum króna


Atvinnutekjur af iðnaði í milljónum króna	2008	Sæti árið 2008	2017	Sæti árið 2017	Mismunur 2008 - 2017
Alls á Eyþingssvæðinu	7533	5	9969	3	2436
Eyjafjörður án Akureyrar	1473	6	2194	1	721
Akureyri	4909	4	6378	3	1469
Þingeyjarsýslur	1150	6	1397	5	247

Í Eyjafirði utan Akureyrar er það iðnaður sem skilar mestum atvinnutekjum og eykst hratt. Atvinnutekjur af iðnaði á því svæði hafa hækkað um 721 milljón frá árinu 2008. Iðnaður hefur einnig vaxið á Akureyri frá árinu 2008 og er þriðja stærsta atvinnugrein þegar litið er til atvinnutekna en þó var enginn vöxtur á milli árána 2016 og 2017. Í Þingeyjarsýslum hefur hlutdeild iðnaðar verið að aukast og má búast við að svo verði áfram, einkum í suður sýslunni.

Hlutfall kvenna í iðnaði var aðeins 17% af tekjunum árið 2017 en 38% ef litið er til allra atvinnugreina.

Var það mál þeirra atvinnurekenda, skóla og stéttarféлага sem rætt var við að þörfin væri mikil í flestum þessum greinum og atvinnumöguleikar því miklir. Talsvert mikið hefur verið um að þurft hafi að flytja inn fólk gagnert til þess að sinna þessum störfum, svo sem í málmíðnaði. Þar hefur aðsóknin heilt yfir verið nokkuð góð og í sumum greinum hefur þurft að vísa nemendum


frá. VMA er sá skóli á Eyþingsvæðinu sem menntar flesta iðnnema á Norðurlandi. Til að mynda eru tæp 20% nemenda við Verkmenntaskólann í grunnnámi tækni og iðngreina, 92% þeirra eru karlkyns. Grunnámið er á öðru hæfniprepi og veitir nemendum inngöngu í frekara nám á sviði málm- og véltæknigreina svo sem stálsmiði, bifvélavirkjun og vélstjórn (VMA e.d. (b)). Samkvæmt upplýsingum frá stéttarfélögum er þörfin mikil þó svo að engin eiginleg gögn séu endilega til um það. Innflutningur á vinnuafli segir þó sína sögu.



Mynd 19. Aldur félagsmanna hjá Félagi málmíðnaðarmanna á Akureyri

Félagssvæði Félags málmíðnaðarmanna á Akureyri er frá Húnaþingi vestra til og með í Langanesbyggð en flestir félagsmenn eru þó í Eyjafirðinum. Mynd 19 sýnir að mikil endurnýjunarpörf verður á næstu árum bara til að halda í horfinu. Fjölmennasti aldurshópurinn er 56-60 ára en talsvert stór hluti félagsmanna er í yngsta aldurshópnum líkt og sjá má á meðfylgjandi mynd, sem endurspeglar mikla aðsókn í námið undanfarin ár.

Grunndeildir málmíðna



Mynd 20. Nemendur í grunnnámi málm- og véltæknigreina í VMA 2008 - 2018

Mynd 20 sýnir að aðsókn í grunnnám málmíðna hefur verið stöðug og góð undanfarin ár en brottfall nemenda hefur verið talsvert. Haustið 2018 hófu 68 nemendur nám, 62 kk. og 6 kvk. Verkmenntaskólinn á Akureyri getur ekki tekið við fleiri nemendum eins og er nema til kæmu breytingar á húsnæði og kennurum fjölgaði.

Vélvirkjun og vélstjórn

Vélvirkjun er kennd í VMA og er kallað eftir fleirum með slíka menntun úr atvinnulífinu á svæðinu. Þá er hægt að taka námið, a.m.k. að hluta til, sem fjarnám frá Tækniskólanum. Vélvirkjun er þriggja til fjögurra ára langt nám sem nær upp á þriðja hæfniprep. Námið er samblanda af verk- og bóknámi og lýkur með sveinsprófi og vélstjórn B réttindum (VMA e.d. (b)). Þá er það góður grunnur að vélstjórn þar sem það nýtist þeim sem vilja bæta því við sig og fá alþjóðleg réttindi (C og D). Í VMA taka allir fyrst grunndeild málm- og véltæknigreina (VMA e.d. (c)). Samkvæmt viðtölunum er mikill skortur á vélstjórum á öllu svæðinu. Hér má sjá námsframvindu í VMA þegar kemur að vélstjórn og hvenær nemandinn öðlast hvaða réttindi:


Námsframvinda í vélstjórn við VMA

GMT		B<1500kW / Vélvirki				C< 3000 kW			D>3000 kW
1.önn	2.önn	3.önn	4.önn	5.önn	6.önn	7.önn	8.önn	9.önn	10.önn
ENS102/103	ENS202/203	DAN102	STÝ102	(ENS212)	HÖS202	EFN203	BÓK103	HAG103	KÆL402
ÍþR102/112	ÍSL102	EDL103	EFN103	HBF111	ITM113	ENS303	BUR102	KÆL302	LVV103
LKN102	LKN201	EFM102	ÍSL202	HSU202	KÆL202	ÍSL212	EDL213	RAT253	RAF564
GRT103	HSU102	GRT203	RAF353	HÖS102	RAF453	RAF464	ENS423	RAF554	RAT352
LSU102	RAF103	RAF253	STÆ203	KÆL122	STI103	VFR313	ÍSL303	STI203	VID103
SKY101	SMÍ204	RSU102	UMH102	STÆ303	SMÍ315	VTÆ122	RÖK202	STÆ503	VFR513
SMÍ104	STÆ122	VFR113	VFR213	RAT102	VST312	VÖK102	STÆ403	VFR412	VTÆ212
STÆ102	VST204	VST304	VIR104	RÖK102	VTÆ102			VTÆ202	
VST103				SJR102					
				VIÐ102					
				VST403					
21 – 22 EIN	20-21 EIN	22 EIN	22 EIN	21(23) EIN	22 EIN	19 EIN	19 EIN	22 EIN	19 EIN

Mynd 21. Námsframvinda í vélstjórn í VMA

Upp hafa komið hugmyndir um þróun fagháskólanáms hjá HA fyrir vélstjóra með D réttindi, að undangengnu raunfærnimati, sem myndi auðvelda vélstjórum með langa stafsreynslu og mikla sérþekkingu en sem ekki hafa lokið stúdentsprófi að bæta við sig þekkingu. Skipulag á slíku námi myndi kalla á samstarf á milli háskóla og verkmenntaskóla.

Bifvélavirkjun og tengdar greinar



Mynd 22. Fjöldi nemenda í bifvélavirkjun í VMA 2007 - 2018

Alls voru 11 nemendur innritaðir í bifvélavirkjun í VMA haustið 2018. (Mynd 22) Voru það heldur færri en að meðaltali síðustu 12 ár, sem er 12,4. Er um fimm anna nám að ræða að lokinni grunndeild málm- og véltæknigreina.


Talsverð eftirspurn er eftir bifvélavirkjum á Eypingsvæðinu og sennilega víðast hvar á landinu. Sérstaklega er þó vöntun á bílaréttingamönnum (bílasmiðum) og bílamálurum. Uppi hafa verið hugmyndir um að bjóða upp á það nám við VMA og er búið að skrifa námsskrá fyrir það. Er um tveggja ára nám að ræða fyrir bifvélavirkja sem vilja sérhæfa sig í þessu. Var þessi vinna unnin í samstarfi við atvinnulífið og Félag málmiðnaðarmanna og var reiknað með að ein önn yrði tekin í Silkiborg í Danmörku, ein á verkstæðum en tvær fyrstu á kvöldin og um helgar, þannig að þetta gæti hentað þeim sem væru þegar í vinnu. Enn sem komið er eru bílamálun og bifreiðasmíði bara kenndar við Borgarholtsskóla í Reykjavík. Eins hafa verið uppi hugmyndir um kennslu í bifhjólavirkjun.

Tæknibreytingar hafa verið örar síðustu ár og ekki síst vegna rafbílavæðingarinnar verður sí- og endurmenntun sífellt mikilvægari í þessum geira sem og sérhæfing. Íðan hefur sinnt þessari

endurmenntun og getur hún til að mynda farið fram á ákveðnu verkstæði, þangað sem bifvélavirkjum frá öðrum verkstæðum er einnig boðið. Þá færast það einnig í aukana að bifvélavirkjar sækji sér menntun eða vottun beint til framleiðanda erlendis, enda er þörf á því til að verkstæði fái viðurkenningu sem verkstæði fyrir ákveðnar bíltegundir.

Málmiðnir (blikk, renni-, og stálsníði)

Mynd 23 sýnir að aðeins níu nemendur voru skráðir í málmiðnir við VMA 2018. Aðsókn í námið hefur ekki verið mikil og erfitt hefur verið að komast á samning fyrir þá sem það stunda. Fjöldi nemenda í málmiðnum hefur verið mismikill undanfarin ár, frá þremur og upp í 17 og að meðaltali voru þeir rúmlega átta. Námsleiðir eru helst ekki kenndar nema með að lágmarki 12 nemendum en eins og sést á myndinni hér að neðan hefur það aðeins gerst tvisvar á síðustu tíu árum. Sú leið hefur verið farin að taka ekki inn nýnema á hverju ári og eru tvær ástæður fyrir því, annars vegar eru ekki nógu margir sem sækja um og hins vegar er ekki aðstaða fyrir hendi til þess að vera með fleiri en einn hóp í einu.



Mynd 23. Nemendur í málmiðnum í VMA (grunnám) 2008 - 2018

Eins og áður hefur komið fram þá er talinn vera mikill skortur á starfsfólki í þessum greinum en einhver tregða virðist vera á að taka nema á samning. Sem dæmi má nefna að á Siglufirði var talað um að þessar stéttir væru að deyja út á svæðinu þar sem ekki yrði endurnýjun í faginu.

Vandkvæði væru t.d. við að þjónusta skip á svæðinu. Reynt hefði verið að mæta þessum skorti með því að ráða erlenda iðnaðarmenn en þeir hefðu í sumum tilfellum ekki þá þekkingu sem til þyrfti.

Atvinnumöguleikar þeirra sem leggja þetta nám fyrir sig ættu að vera talsverðir en fáir velja sér þetta nám, sérstaklega of fáar konur og raunar hefur staðið yfir átak um að fjölga þeim í greininni. Þörfin fyrir stálsmiði er mikil að sögn viðmælenda í þessari rannsókn. Stálsmiðir verða útskrifaðir frá VMA vorið 2019 og sennilega líka árið 2020. Einnig kom fram í viðtölum að skortur væri á blikksmiðum á svæðinu. Aðsóknin í blikksmiði hefur verið lítil og núna eru þrír nemendur í því námi sem fljóta með stálsmiðunum. Einnig vantar rennismiði en rennismiði hefur ekki verið kennd við VMA eða aðra skóla á Norðurlandi eystra og ekki eru fyrirsjáanlegar breytingar í þá veru.

Annar iðnaður

Kjötið var kennd í VMA í nokkur ár og sextán nemendur útskrifuðust á árunum 2010 – 2016. Námið hefur dottið niður, meðal annars vegna skorts á kennurum. Stór kjötiðnaðarfyrirtæki eru á svæðinu, svo sem Norðlenska og Kjarnafæði og skortur er á kjötiðnaðarmönnum.

Samkvæmt viðtölum væri einnig hægt að bæta við mjólkurfræðingum á svæðinu en ekki er boðið upp á nám í mjólkuriðni á Íslandi. Mjólkuriðni er löggilt iðngrein og er námstími þrjú ár, bæði á vinnustað og í skóla. Hafa mjólkurfræðingar sótt námið til Danmerkur. Í reglum um nám í mjólkuriðni segir: „Skólanám í mjólkuriðni fer fram á vegum dönsku fræðslunefndarinnar í mjólkuriðni (Mejeribrugets uddannelsesudvalg), í Dalum Uddannelses Center í Odense, Danmörku, á grundvelli þarlendrar námstilhögunar.“ (Reglur um nám í mjólkuriðni nr. 1150/2006).

Aðsókn í hársnyrtiðni hefur dalað mjög á undanförunum árum. Til að útskrifast úr hárgreiðslu þarf neminn sjálfur að útvega sér samning og fáar hárgreiðslustofur eru orðnar eftir á svæðinu sem taka nema. Það hefur aukist að hárgreiðslufólk leigi sér stól á sameiginlegri stofu og það er ekki rekstrarform sem býður upp á það að ráða nema. Í viðtölum voru tekin dæmi um nemendur sem höfðu lokið bóklegu námi en gáfust á að reyna að fá samningspláss og færðu sig yfir í annað nám eða fluttu burt. Samkvæmt viðmælenda á Siglufirði er ein „hárgreiðslukona“ eftir á staðnum en fyrir nokkrum árum „voru þær á hverju götuhorni.“ Hafði viðmælandi beðið í fjóra

mánuði eftir tíma á hárgreiðslustofu. Einnig er einn klippari á Siglufirði. Snyrtifræði er ekki kennd á Norðurlandi eystra og það sama gildir um snyrtifræði að mjög erfitt er að komast á samning.

Nýverið hóf Framhaldsskólinn á Húsavík kennslu í heilsunuddi í samvinnu við Fjölbrautaskólann í Ármúla og er það lotunám. Þeir sem ljúka námi á námsbrautinni hljóta starfsheitið heilsunuddari.

Aðrar iðngreinar svo sem húsaþvottsmíði og dúkalagningar hafa ekki verið kenndar um hríð, fyrst og fremst vegna lítillar aðsóknar. Skortur er á dúklagningarmönnum á svæðinu.

Í viðtölum kom fram að rætt hefði verið um þörf á fjölmörgum styttri starfstengdum námsbrautum sem myndi ekki ljúka með sveinsprófi. Gæti það verið undirbúningur fyrir störf í ferðaþjónustu, á smurstöð, við öryggisvörslu og margt fleira. Í VMA hefur verið kennt suðunám og er það gott dæmi um stutt hagnýtt nám sem veitir mikla atvinnumöguleika. Skortur er á góðum suðumönnum og mikil aðsókn í þá og góðir tekjumöguleikar.

Þeir sem starfað hafa við iðngreinar í að minnsta kosti þrjú ár og hafa náð 23 ára aldri geta látið meta færni sína upp í faggreinar iðngreina í framhaldsskólum (SÍMEY, e.d.). Þá stendur lðan fyrir fjölmörgum námskeiðum á Eypingsvæðinu ár hvert, að meðaltali hafa þau verið 86 sl. 10 ár.

Einnig er rétt að nefna Fablab VMA sem tengir grunnskólann við tækni- og stafræna smiðju en virkar einnig þvert á margar brautir skólans.

Í nokkrum viðtölum var talað um að efla þyrfti nám í verklegum greinum í grunnskóla. Þar væri of mikil áhersla lögð á bóklegt nám. Viðmælandi í fámennu bæjarfélagi taldi að með breytingum á samfélagsgerðinni þar sem börn og unglingar lærðu ekki lengur verklega kunnáttu af foreldrum sínum þyrfti skólinn að taka þetta hlutverk yfir:

Í mínum huga er samfélagið orðið dálítið mikið breytt, hérna áður fyrr gátum við farið í sveit, við gátum verið dálítið mikið með foreldrum okkar meira í vinnunni. Þetta er alveg búið. Í mínum huga þarf grunnskólinn að taka við þessu. Við erum með unga drengi sem koma með mjög brotna mynd út úr grunnskólanum. Þeim gengur illa að læra á bókina og þar með er svolítið kerfið að segja við þá „þú getur ekki neitt“. Sumir þessara stráka eru bara flinkir í höndunum og geta bara gert ýmislegt. Í mínum huga þarf grunnskólinn að bjóða upp á, hvað eigum við að segja, fjölbreyttara nám, meira verknám svo þessir krakkar sjái að lífið er nú aðeins víðtækara en bara skólanámið eða bóknámið og kannski finna sig frekar... ef það væri bara vél inni á gólfi inni í skólum sem menn gætu rífið í sundur og sett saman og þá uppgötvuðu kannski

einhverjir af þessum strákum „heyrðu ég er bara svolítið flinkur í þessu“ og það gæti þá kannski opnað aðeins fyrir það í hausnum á honum að hann geti gert eitthvað, farið eitthvert.

Veitur

Atvinnutekjur vegna veitna hafa verið að aukast á Norðurlandi eystra. Voru þær tæpir tveir milljarðar árið 2017 og höfðu aukist um tæplega fimmhundruð milljónir síðan 2008. Störf veitufyrirtækja eru fjölbreytt, þar starfa sem dæmi verkfræðingar, rafvirkjar, vélstjórar, iðnfræðingar, viðskiptafræðingar og verkafólk. Mönnun hefur ekki verið sérstakt vandamál (a.m.k. ekki hjá Norðurorku) undanfarin ár og er þetta geiri sem virðist geta boðið eftirsóknarvert vinnuumhverfi. Menntunarstig er að hækka og gjarnan hækkar menntunarstig þegar mannaskipti verða.

Veitufyrirtæki munu áfram þurfa fjölbreytni í starfsmannamálum og stendur svæðið sig ágætlega í að sinna þeirri þörf ef frá eru skildir verkfræðingar og ýmsir hönnuðir. Símenntun er sérhæfð og gjarnan á vegum Samorku, samtaka orku og veitufyrirtækja.

Ökutæki

Ökutækjanám er utan hins hefðbundna skólakerfis og virðist vera í nokkuð góðum skorðum á Norðurlandi eystra. Námið er einnig að færast meira í fjarnámsform, þannig að að hluta til er hægt að mennta sig hvar sem er. Greinin er með atvinnutekjur upp á 1,2 milljarða og vex fremur hægt miðað við aðrar greinar. Þó hefur mikil breyting orðið á síðustu árum vegna fjölgunar ferðamanna en það getur líka verið stopul vinna þar sem ferðamannageirinn er háður sveiflum, hvort heldur sem er á milli ára eða árstíða. Ökugerði er rekið á akstursípróttasvæði Bílaklúbbs Akureyrar við Hlíðarfjallsveg. Endurmenntun atvinnubílstjóra er í boði hjá SÍMEY. Í viðtölum kom fram að skortur væri á meiraprófsbílstjórum vegna uppgangs í ferðaþjónustu. Fyrirtæki hafa ráðið erlenda bílstjóra en það leysir ekki alltaf vandann þar sem sum störf eru þess eðlis að bílstjórar þurfa að tala íslensku. Samkvæmt viðmælanda á Siglufirði hefur verið skortur á atvinnubílstjórum hjá ferðaþjónustufyrirtækjum og hafa bílstjórar frá Dalvík sinnt því að einhverju leyti.

Verslun

Verslun er sjötta stærsta atvinnugreinin hvort heldur sem er árið 2017 eða 2008 og voru heildaratvinnutekjurnar rúmir sex milljarðar árið 2017. Akureyri er stærsta miðstöð verslunar á Norðurlandi eystra og eru 70% af atvinnutekjunum á svæðinu þar eða 4,2 milljarðar. Í Eyjafirði án Akureyrar er verslun áttunda stærsta greinin og tíunda í Þingeyjarsýslum.

Starfsmenn í verslunargeiranum eru með mikla breidd hvað menntun varðar, frá fólki með grunnskólamenntun til fólks með margar meistaragráður. Erfitt er að áætla þörf fyrir menntun þar sem breytingar eru í loftinu vegna fjórðu iðnbyltingarinnar, sem enginn veit hverjar verða. Með aukinni sjálfvirkni, t.d. með sjálfsafgreiðslu í verslunum er líklegt að fækkun verði á starfsfólki og að eðli starfanna breytist. Með aukinni tækni er einnig þörf á að starfsfólk bæti við sig tækniþekkingu. Í tengslum við ferðaþjónustu hefur verið aukin eftirspurn eftir starfsfólki til almennra afgreiðslustarfa í dagvöruverslunum, bakaríum og sérvöruverslunum og líklegt að sú eftirspurn verði viðvarandi næstu misseri.

Samkvæmt viðmælanda í þessum geira hafa verið sett upp ýmis námskeið í gegnum tíðina fyrir verslunarfólk. Til dæmis hafa SÍMEY og Háskólinn á Bifröst boðið upp á námskeið fyrir verslunarfólk og SÍMEY hefur haldið námskeið fyrir fyrirtæki sem eru sérsniðin að þörfum þeirra, t.d. í meðferð kæla í matvöruverslunum. Starfsfólkið sem hefur tekið þátt hefur verið ánægt með námskeiðin en erfitt hefur reynst að halda þeim úti. Viðmælandi taldi það vera vegna þess að námskeið og styttri kúrsar hafa ekki verið metin til launa hjá fyrirtækjum í verslun og því hafi starfsfólk ekki nægan hvata til að sækja þau. Hann taldi að það þyrfti að koma því inn í kjarasamninga að slík námskeið verði metin til launa og einnig þyrfti að vera samstarf á milli símenntunarstofnana og framhaldsskólanna þannig að þau verði metin til eininga í framhaldsskólum því oft er um starfsfólk að ræða sem hefur litla formlega menntun. Viðmælandinn sagði fyrirtækin misdugleg við að bjóða starfsmönnum sínum tækifæri til frekari menntunar en taldi að tækifærin væru meiri fyrir fólk með háskólanám að sækja sér endurmenntun. Þeir sem væru ómenntaðir væru í lægst launuðu störfunum og þar væri oft mikil starfsmannavelta og fyrirtækin sæju sér ekki endilega hag í þjálfun og endurmenntun starfsmanna.

Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Bifröst ýttu úr vör diplómunámi á háskólastigi árið 2017 í verslunarstjórnun, í samstarfi við Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks,

Starfsmenntasjóð verslunarinnar, VR og Samtök verslunar og þjónustu. Námið er hugsað fyrir stjórnendur í atvinnulífinu, með lítið formlegt nám og í því felst m.a. „umsjón með mannauði, markaðs- og sölumálum, birgðastjórn, fjármálum og þjónustu. (Háskólinn í Reykjavík, e.d.)“ Námið er kennt með vinnu á tveimur árum í dreifinámi og metið til eininga til áframhaldandi náms í viðskiptafræði á Bifröst eða hjá HR (Háskólinn í Reykjavík, e.d.).

Það kom fram í fleiri en einu viðtali að tala mætti um offramboð á viðskiptafræði- og lögfræðimenntuðu fólki á Akureyri en þetta eru greinar sem kenndar eru við HA. Háskólamenntað fólk úr þessum greinum væri að sækja um störf og ráða sig í stöður sem krefðust ekki háskólamenntunar og á launum sem það hefði ekki sætt sig við fyrir nokkrum árum. Aftur á móti vantar fólk með þessa sérmenntun í nágrannasveitarfélögin.

Einn viðmælenda taldi að fólk sæktist eftir að bæta við sig háskólagráðum því að ákveðin verðfelling hefði orðið á námi og nú væri ekki nóg að fólk væri með BS próf í viðskiptafræði heldur þyrfti það að vera sérmenntað á meistarastigi. Þessi viðmælendi taldi að menntun snérist því ekki lengur um þá þekkingu sem til þyrfti til að sinna ákveðnum störfum heldur um launatöflur. Sami viðmælendi talaði um að eftir hrun hefðu margir misst vinnuna í verslunargeiranum og leitað í nám. Nú þegar árferðið væri gott væri minni hvati til þess en þegar atvinnuleysi væri þá færi það að einhverju leyti eftir kennitölu hvernig gengi að finna vinnu. Í hruninu hefðu t.d. konur á miðjum aldri, með litla formlega menntun átt erfitt með að finna ný störf.

Gisting og veitingar

Ferðapjónustan hefur vaxið hratt undanfarin ár. Þrátt fyrir það er nám í matreiðslu og framreiðslu fremur stopult á Norðurlandi eystra. Hægt hefur verið að taka eitt ár við Verkmenntaskólann á Akureyri en annars hefur þurft að fara á höfuðborgarsvæðið til þess að ljúka náminu. Þá vilja mál oft þróast þannig að viðkomandi tekur starfsnámið hjá veitingahúsum á höfuðborgarsvæðinu og þannig skila færra sér inn á norðlenskan vinnumarkað en væri ef námið væri kennt frá upphaft til enda á Norðurlandi. Í desember 2018 luku 10 nemendur sveinsprófi í matreiðslu frá Verkmenntaskólanum á Akureyri og var það í fyrsta skipti sem sveinspróf er haldið utan höfuðborgarsvæðisins (Óskar Þór Halldórsson, 2018). Stefnan er að halda því áfram og fara af stað með næsta hóp skólaárið 2019-2020. Þá eru uppi áætlanir um að

bjóða upp á framreiðslunám sem fyrst, jafnvel skólaárið 2019-2020 en óljóst er reyndar úr hve mörgum nemaplássum verður úr að spila á Norðurlandi.

Matartækninám hefur verið kennt við Verkmenntaskólann á Akureyri og er það lotunám að undangengnu raunfærnimati og hefur verið vel sótt af ófaglærðu starfsfólki í mötuneytum og annars staðar.

Árið 2017 var Hæfnisetri ferðapjónustunnar komið á laggirnar til þess að auka hæfni og gæði innan greinarinnar því að þrátt fyrir að ferðapjónustan búi til fjölbreytt störf fyrir faglærða þá hafa aðeins um 22% lokið formlega námi innan greinarinnar. Hæfnisetrinu er ætlað að nálgast þennan hóp og bjóða þeim nám við hæfi. Hægt verður að meta hæfni út frá raunfærnimati og miða námið við að ná þeim hæfnipáttum sem upp á vantar. Hægt væri að útskrifa fólk á öðru eða þriðja hæfniprepi þegar öllum markmiðum er náð. Önnur leið væri að útbúa hæfniviðmið, raunfærnimeta þau og bjóða aðilum svo að klára það sem upp á vantar á vinnustaðnum. Viðkomandi yrði þá prófaður aftur þegar hann væri tilbúinn. Mikilvægt er að greinin sé tilbúin að umbuna þeim sem ljúka slíku námi. Sex leiðir eru í boði; veitingar, gisting, ferðir og afþreying, flugþjónusta á jörðu, fólksflutningar og rástefnur. Þrjú norðlensk fyrirtæki taka þátt eins og er.

Mikill skortur er á lærðum matreiðslumönnum um allt land. Samkvæmt viðmælanda er erfitt fyrir Hótel og veitingahús á landsbyggðinni að keppa um starfsfólk við höfuðborgarsvæðið þar sem matreiðslumönnum bjóðast góð laun. Sérstaklega er erfitt að ráða matreiðslumenn á ársgrundvelli, þegar tekjur minnka mikið yfir vetrartímann. Einnig er erfitt að fá lærða þjóna og skortur er á þeim um allt land. Þá var talað um skort á bökurum, t.d. í Fjallabyggð.

Erfitt hefur reynst að manna hótél og veitingastaði, sérstaklega yfir sumartímann og hefur því verið mætt með því að ráða erlent starfsfólk. Á stöðum þar sem hröð uppbygging hefur verið og fjölgun ferðamanna mikil, eins og á Siglufirði, Húsavík og Mývatni gerir skortur á húsnæði það að verkum að erfitt er að bjóða fólki húsnæði kjósi það að flytja til staðarins. Húsnæðisverð hefur verið lágt á þessum stöðum og mun lægra en byggingarkostnaður og því hefur lítið verið byggt af nýju húsnæði. Það veldur því að um leið og uppgangur hefst og fólki fjölgar þá vantar húsnæði til að leigja eða kaupa. Frekari uppbygging krefst þess að nægilega mikið sé byggt af húsnæði. Á Húsavík er byggingarfyrirtæki að fara af stað með að byggja 20 íbúða fjölbýlishús en þörfin er mun meiri, tengt uppbyggingunni á Bakka.

Upplýsingar og fjarskipti

Atvinnutekjur vegna upplýsinga og fjarskipta eru 2,1 milljarður á Norðurlandi eystra. Þar er þetta fjórtánda stærsta atvinnugreinin, sú níunda stærsta á landinu öllu og áttunda stærsta á höfuðborgarsvæðinu. Þarna ættu því að vera sóknarfæri. Mörg þeirra fyrirtækja sem eru að þjónusta norðlensk fyrirtæki varðandi upplýsingar og fjarskipti eru með höfuðstöðvar sínar á höfuðborgarsvæðinu. Langstærsti hluti teknanna á Eypingsvæðinu er á Akureyri eða 84%. Þetta er því ekki stór atvinnugrein utan Akureyrar, sérstaklega eru litlar tekjur í Þingeyjarsýslum eða 84 milljónir en í Eyjafirði utan Akureyrar eru tekjurnar 261 milljón. Haustið 2017 hófst nám við Háskólann á Akureyri í tölvunarfræði í samstarfi við Háskólann í Reykjavík en atvinnulífið hafði lengi kallað eftir því að tölvunarfræðibraut HA yrði endurreist en hætt var að taka inn nýnema á hana árið 2008 og brautskráðust síðustu nemendurnir árið 2010. Samkvæmt viðmælanda urðu norðlensk fyrirtæki svo sem Stefna til á grunni tölvunarfræðibrautarinnar á sínum tíma.

Í skýrslu Vinnumálastofnunar frá 2014 um vinnuafls- og menntunarpörf á Íslandi fram til 2024 er reiknað með að stöðug eftirspurn verði áfram eftir fólki með þekkingu á tölvunarfræði og að hröð þróun verði áfram í tölvu- og upplýsingatækni (Karl Sigurðsson, 2014). Þessi skoðun kom einnig fram í viðtölum og talað var um þörfina á nemendum tileinkuðu sér tölvu- og upplýsingatækni strax í grunnskóla. Einnig var talað um að tæknibreytingar kölluðu á aukna endurmenntun ýmissa starfsgreina á tæknisviðinu, hér áður hafa t.d. verið nefnd dæmi um fyrirséðar tækninýjungar í umönnun aldraðra og í afgreiðslustörfum.

Fjármála- og váttryggingastarfsemi og fasteignaviðskipti

Flest fjármála- og váttryggingafyrirtæki hafa sínar höfuðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og þar eru þetta 9. stærstu atvinnutekjurnar. Á Norðurlandi eystra er þetta þrettánda stærsta greinin og hefur dregist hlutfallslega saman síðan 2008 en það hefur reyndar gerst í meira mæli á höfuðborgarsvæðinu. Af Norðurlandi eystra var hlutfallið hæst í Eyjafirði utan Akureyrar. Á árunum 2016 og 2017 voru uppsagnir starfsfólks hjá Arion banka á Siglufirði og á Akureyri og árið 2018 lokaði VÍS útibúi sínu á Húsavík.

Við Háskólann á Akureyri er kennd viðskiptafræði og lögfræði sem ættu að vera góður grunnur fyrir störf í þessum geira þó svo menntun starfsfólks sé að sjálfsögðu mun fjölbreyttari.

Sérfræðileg starfsemi

Flokkurinn sérfræðileg starfsemi var með rúmlega þrjú milljarða í heildartekjur árið 2017. Langstærsti hluti þeirra tekna falla til á Akureyri eða ríflega 2,2 milljarðar. Annars staðar í Eyjafirði er upphæðin 338 milljónir og í Þingeyjarsýslum 420 milljónir. Undir þessum lið ægir ýmsu saman svo sem :

- Lögfræðiþjónustu og reikningshaldi
- Starfsemi höfuðstöðva, starfsemi við rekstrarráðgjöf
- Starfsemi, arkitekta og verkfræðinga; tæknilegum prófunum og greiningu
- Vísindarannsóknnum og þróunarstarfi
- Auglýsingastarfsemi og markaðsrannsóknnum
- Annarri sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi
- Dýralækningum

Háskólinn á Akureyri er sá aðili á Norðurlandi eystra sem helst mætir þörf fyrir menntun á þessum sviðum, svo sem varðandi vísindarannsóknir, þróunarstarf og lögfræðiþjónustu en menntun arkitekta, verkfræðinga og dýralækna er ekki mætt af menntastofnunum á Norðurlandi eystra.

Vísinda- og tækniráð hafa sett sér það markmið að fjárfesting í rannsóknnum og þróun nái 3% af vergri landsframleiðslu fyrir árið 2024 (Vísinda- og tækniráð, 2017). Núverandi hlutfall er 2% og til þess að þetta markmið náist þarf að efla rannsóknasjóði en þeir eru ein af aðalforsendum nýsköpunar og uppbyggingu hátækniíðnaðar á Íslandi. Árið 2018 fékk Háskólinn á Akureyri leyfi fyrir doktorsnámi sem ætti að styrkja vísinda- og rannsóknastarf á svæðinu.

Opinber stjórnsýsla


Þessi flokkur telur um 90 milljarða á landsvísu. Þar af eru tæpir 59 á höfuðborgarsvæðinu þar sem miðstöð stjórnsýslunnar í landinu er. Það eru þó útibú hér og þar á Eyþingsvæðinu og stöku höfuðstöðvar svo sem Jafnréttisstofa og Fiskistofa. Á Norðurlandi eystra eru tekjurnar tæpir 6,5 milljarðar og er þetta sjötta stærsta greinin líkt og á landinu öllu. Einn og hálfur milljarður er í Eyjafirði utan Akureyrar, 3,3 milljarðar á Akureyri og 1,65 milljarður í Þingeyjarsýslum þar sem

Það vegur mest. Opinber stjórnsýsla krefst oftast fjölbreyttrar háskólamenntunar. Hægt er að mennta sig til hluta þeirra starfa við HA en fyrir önnur störf þarf að sækja menntun til annarra háskóla. Samkvæmt viðmælendum hefur gengið ágætlega að fá starfsfólk í almenna stjórnsýslu, bæði á Akureyri og í nágrennabyggðarlögunum.

Fræðslustarfsemi

Fræðslustarfsemi er sú atvinnugrein sem skapar næstmestar tekjur á Norðurlandi eystra. Á Akureyri og í Þingeyjarsýslum er hún næst stærst en sú þriðja stærsta í Eyjafirði án Akureyrar. Háskólinn á Akureyri (HA) býður upp á BEd nám í kennarafræðum, þar sem hægt er að velja um þrjú kjörsvið: leikskóla-, grunnskóla- og íþróttakjörsvið. Einnig er boðið upp á 120 eininga MEd kennsluréttindanám sem veitir réttindi til kennslu í leik- grunn- eða framhaldsskólum fyrir þá sem hafa lokið BA/BS námi. Þá er hægt að leggja stund á 60 eininga MEd nám fyrir þá sem hafa lokið meistarágráðu á sérsviði og vilja afla sér réttinda til kennslu í framhaldsskólum í sinni grein.

Talið er að sjálfvirknivæðing muni hafa minni áhrif á störf í fræðslustarfsemi en í mörgum öðrum geirum. Áætlað er að 8% starfa í þessum geira verði fyrir áhrifum sjálfvirknivæðingar (Huginn Freyr Þorsteinsson o.fl., 2019).



Mynd 24. Brautskráningar í menntavísindum við HA

Minni aðsókn hefur verið í kennaranám hjá HA eftir að það var lengt úr þremur árum í fimm. Mynd 24 sýnir að brautskráningum hefur fækkað undanfarin ár. Haustið 2018 varð þó mikil aukning í umsóknum um MEd. kennsluréttindanámið en umsóknum fjölgaði úr 48 haustið 2017 í 87 haustið 2018 eða um 81%.

Í viðtölum kom fram að mikill munur væri á mönnun í skólakerfinu eftir að Háskólinn kom til starfa, sérstaklega á Akureyri, þar sem hlutfall starfsmanna með kennsluréttindi er hátt í grunnskólum og leikskólum miðað við landið í heild. Þetta á þó ekki við um allt Eypingssvæðið, þar sem erfitt hefur reynst að manna leikskóla og suma grunnskóla, sérstaklega í fámennari byggðalögum.

Tafla 21. Hlutfall réttindakennara á Eypingssvæðinu árið 2017

Sveitarfélag	Fjöldi nemenda	Stöðugildi kennara með réttindi	Stöðugildi kennara án réttinda	Hlutfall réttindakennara
Akureyrarkaupstaður	2.692	253,0	4,4	98,3%
Norðurþing	318	37,4	4,4	89,5%
Fjallabyggð	198	24,4	0,8	96,8%
Dalvíkurbyggð	236	27,3	1,5	94,8%
Eyjafjarðarsveit	133	20,8	0,2	99,0%
Hörgárbyggð	72	9,3	1,8	83,8%
Svalbarðsstrandarhreppur	48	8,1	0,0	100,0%
Grýtubakkahreppur	47	7,6	0,5	93,8%
Skútustaðahreppur	33	6,0	0,0	100,0%
Þingeyjarsveit	107	18,7	1,3	93,5%
Langanesbyggð	68	6,8	4,8	58,6%
Norðurland eystra	3.952	419,4	19,7	95,5%

Tafla 21 sýnir hlutfall kennara með réttindi eftir byggðarlögum á Eypingssvæðinu. Eins og sjá má er hlutfall réttindakennara 95,5% á Eypingssvæðinu og munar þar mestu um að á Akureyri er hlutfallið mjög hátt eða 98,3%. Í Svalbarðsstrandarhreppi og Skútustaðahreppi hefur náðst að manna allar stöður með réttindakennurum. Í Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð er hlutfallið líka mjög hátt. Í Norðurþingi er hlutfallið 90%, í Hörgárbyggð tæp 84% en Langanesbyggð sker sig úr með 58,6% (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2018b). Í Norðurþingi eru þrír starfandi grunnskólar: Á Húsavík, Raufarhöfn og í Lundi í Öxarfirði. Samkvæmt viðmælenda hefur verið erfitt að manna stöður á svæðinu, erfiðlega hefur t.d. reynst að fá íþróttakennara til starfa. Erfiðara er að manna

stöðurnar á Raufarhöfn og í Öxarfirði en á Húsavík. Í Langanesbyggð er einn skóli starfræktur á Þórshöfn eftir að skólanum á Bakkafirði var lokað árið 2016 og er hann rekinn í samvinnu við Svalbarðshrepp en skólanum á Svalbarði var lokað árið 2014.

Tafla 22. Hlutfall leikskólakennara og annarra uppeldismenntaðra af heildarfjölda starfsfólks leikskóla

Sveitarfélag	Heilsdags- ígildi	Leikskóla- kennarar	Önnur upp. Menntun	Ófagl. og annað	Stöðugildi samtals	Hlutfall leikskólakennara og annarra uppeldismenntaðra af heildarfjölda starfsfólks
Akureyrarkaupstaður	857	120,7	25,1	82	227,9	59,5%
Norðurþing	139	12,3	5,0	27	44,1	31,4%
Fjallabyggð	113	9,7	5,8	22	37,3	30,7%
Dalvíkurbyggð	114	13,1	7,5	12	32,3	52,8%
Eyjafjarðarsveit	64	6,0	0,8	9	15,6	40,5%
Hörgárbyggð	30	5,9	0,0	4	9,3	62,8%
Svalbarðsstr.hreppur	29	2,0	0,0	5	6,5	30,8%
Grýtubakkahreppur	18	2,0	0,8	3	5,9	38,5%
Skútustaðahreppur	29	1,8	0,0	6	8,1	22,2%
Þingeyjarsveit	36	3,9	2,1	6	11,8	39,8%
Langanesbyggð	23	2,7	2,0	3	7,3	50,9%
Norðurland eystra	1.452	180,0	48,9	177	406,2	50,4%

Tafla 22 sýnir að heilt yfir er hlutfall leikskólakennara og annarra uppeldismenntaðra um það bil helmingur af heildarfjölda starfsfólks á leikskólum á Eyþingssvæðinu. Rétt er þó að árétta að þarna er um öll störf á leikskóla að ræða, líka þau sem krefjast ekki menntunar í leikskólafræðum. Hæst er hlutfallið í Hörgárbyggð eða tæp 63% og á Akureyri er það 59,5%. Í leikskólunum í Norðurþingi er tæplega þriðjungur fagmenntaður, sem er talsvert minna en í grunnskólunum. Í Dalvíkurbyggð er hlutfallið nokkuð hátt eða 53%. Í Langanesbyggð er hlutfallið 50,9% þannig að betur hefur tekist til að fá leikskólakennara en grunnskólakennara þar. Í Svalbarðsstrandarhreppi, Grýtubakkahreppi og Þingeyjarsveit er hlutfallið 30 - 40%. Einnig hefur gengið mjög illa að manna leikskólann í Mývatnssveit, öfugt við grunnskólann þar sem allir kennarar eru með kennsluréttindi (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2018b). Samkvæmt viðmælanda í Fjallabyggð er einungis einn fagmenntaður leikskólakennari í hvorum leikskóla.

Starfsmenn hafa verið að sækja sér kennsluréttindi en hafa þá gjarnan fært sig til starfa í grunnskólann.

Samkvæmt viðmælendum er skortur á náms- og starfsráðgjöfum á svæðinu, einnig á Akureyri en þar eru dæmi um skóla sem ekki hefur tekist að manna stöður náms- og starfsráðgjafa. Viðmælandi í Fjallabyggð sagði að þar væri mikill skortur á náms- og starfsráðgjöfum. Til að öðlast löggildingu sem náms- og starfsráðgjafi þarf tveggja ára nám á meistarastigi og hérlandis er það einungis í boði hjá Háskóla Íslands. Samkvæmt viðmælanda var áður boðið upp á fjarnám í náms- og starfsráðgjöf og þá fóru margir í nám af landsbyggðinni. Ekki er boðið upp á þennan möguleika lengur og kallað hefur verið eftir því úr skólum að fjarnám verði tekið upp að nýju.

Fimm framhaldsskólar eru á Eypingsvæðinu sem bjóða upp á nám til stúdentsprófs: Framhaldsskólinn á Húsavík, Framhaldsskólinn á Laugum, Menntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Tröllaskaga og Verkmenntaskólinn á Akureyri. Þá býður Tónlistarskólinn á Akureyri upp á þriggja ára stúdentsbraut í samstarfi við alla framhaldsskóla á Norðausturlandi. Einnig er rekinn sjálfstætt starfandi myndlistarskóli á Akureyri. Þeir sem stunda nám í grafískri hönnun geta fengið löggildingu sem grafískir hönnuðir.

Hvað varðar framhaldsskólana þá hefur yfirleitt gengið vel að fá kennara í bóklegu fögin en iðngreinarnar eru erfiðari og geta staðið frampróun fyrir þrifum. Vanir fagmenn og iðnmeistarar þurfa að fara til Reykjavíkur til þess að bæta við sig kennsluréttindum og er það að sumra mati of langt nám. Auk þess þarf að auglýsa stöðurnar þeirra á meðan þeir eru í náminu. VMA hefur kallað eftir samstarfi við HA um að bjóða upp á nám fyrir iðnmeistara og telja það afar brýnt til þess að efla skólann.

Með tilkomu Vaðlaheiðarganganna verður auðveldara fyrir fólk að stunda nám og/eða vinnu yfir Vaðlaheiðina og verður áhugavert að sjá hvaða áhrif það hefur á nám og atvinnusókn til lengri tíma. Í rannsókn frá árinu 2014 voru íbúar í Þingeyjarsýslum spurðir hvort þeir væru sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingu: „Með tilkomu Vaðlaheiðargangna er líklegt að ég nýti möguleika á háskólanámi á Akureyri.“ Af þeim sem tóku afstöðu voru 30% á nærsvæðinu (Þingeyjarsveit, Norðurþingi að Tjörnesi, Skútustaðahreppi og Tjörnesi) og 16% á fjærsvæðinu (Norðurþing austan Tjörness, Svalbarðshreppi, Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppi) sammála þessari fullyrðingu. Mun fleiri konur en karlar voru sammála, sem endurspeglar reyndar kynjahlutföll nemenda við skólann (Hjalti Jóhannesson og Halla Hafbergsdóttir, 2015).


Heilbrigðis- og félagsþjónusta

Heilbrigðis- og félagsþjónusta er með hæstu atvinnutekjurnar á Norðurlandi eystra eða 12,5 milljarða. Skiptingin innan svæðisins er misjöfn og ræðst það sennilega að mestu af staðsetningu Sjúkrahússins á Akureyri. Heilbrigðis- og félagsþjónusta trónir á toppnum á Akureyri þegar kemur að atvinnutekjum með níu og hálfan milljarð en í Þingeyjarsýslum er þetta sjöunda stærsta greinin með tæplega 1,3 milljarða. Í Eyjafirði, utan Akureyrar, er þetta fimmta stærsta greinin með tæplega 1,7 milljarð.

Því er spáð að störf innan heilbrigðis- og félagsþjónustu muni ekki taka eins miklum breytingum og í flestum öðrum geirum en aðeins 10% starfa eru talin líkleg til þess að taka miklum breytingum vegna sjálfvirknivæðingarinnar (Huginn Freyr Þorsteinsson o.fl., 2019).

Á landinu öllu er svokallað framfærsluhlutfall að lækka ár frá ári. *Með framfærsluhlutfalli er átt við hlutfall aldurshópa sem ekki eru á vinnualdri (hér 0-19 ára og 65 ára og eldri) af þeim sem teljast á vinnualdri (hér 20-64 ára).* Framfærsluhlutfall eldri er hlutfall þeirra sem eru 65 ára og eldri af þeim sem teljast virkastir er á vinnumarkaði. Hagstofa Íslands notar skilgreininguna 20-64 ára þegar hún reiknar framfærsluhlutfall. Í ársbyrjun árið 2019 var framfærsluhlutfallið 64,9%, þ.e.a.s. að tæplega tveir þriðju landsmanna voru á aldrinum 20-64 ára (Hagstofan, 2019).

Hlutfall 65 ára og eldri miðað við 20-64 ára (framfærsluhlutfall eldri) hefur aukist undanfarna áratugi og gera spár ráð fyrir að sú þróun muni halda áfram.




Mynd 25. Framfærsluhlutfall á Eyþingssvæðinu

Samtök iðnaðarins gera ráð fyrir að fjöldi 15-64¹ ára á móti hverjum 65 ára og eldri fari úr 4,7 einstaklingum árið 2018 í 2,7 árið 2050 (Sigurður Hannesson, e.d.).

¹ Samtök iðnaðarins notast við eilítið aðra skilgreiningu en Hagstofa Íslands, þ.e.a.s. 15 til 64 ára en ekki 19-64 ára eins og Hagstofan.

Eins og sjá má á næstu mynd er hlutfallslega að fjölga í aldurshópnum 45 ára og eldri á Norðurlandi eystra og að sama skapi er að fækka í næstum öllum aldurshópum þar undir.



Mynd 26. Aldursdreifing á Norðurlandi eystra 2008 & 2015 (Samband íslenskra sveitarfélaga 2018a)


Það má því búast við að álag muni aukast á öldrunar- og hjúkrunarþjónustu (Karl Sigurðsson, 2014) en mönnun er vandamál víða um land nú þegar eiga öldrunar- og hjúkrunarheimili erfitt með að standast viðmið landlæknisembættisins varðandi mönnun (Arnhildur Hálfánardóttir, 2018, 30. maí).

Þáverandi heilbrigðisráðherra, Kristján Þór Júlíusson, fékk fyrirspurn um horfur í mönnun heilbrigðisþjónustunnar árið 2015. Þar komu ekki fram verulegar áhyggjur af mönnun heilbrigðisstétta en þó var nefnt að erfiðlega hefði gengið að manna ýmsar stöður

sérfræðilækna við Sjúkrahúsið á Akureyri og víða um land hefði reynst erfitt að manna stöður heimilislækna við heilsugæslustöðvar. Um Norðurland segir:

Við Heilbrigðisstofnun Norðurlands eru 47 læknastöður á svæðinu sem er víðfeðmt. Ekki hefur tekist að fastráða í 10 af stöðunum en það er leyst að mestu með verktöku og öðrum afleysingum. Mönnun annarra stétta er yfirleitt góð, aðeins ein staða hjúkrunarfræðings er ómönnuð. Mönnun sjúkraliða, sjúkraþjálfara og sálfræðinga er almennt góð og engin stöðugildi ómönnuð. Vaktavinna hefur ekki mikil áhrif á mönnun, aðeins tveir læknar kjósa að taka engar vaktir. Hjúkrunarfræðingar sækja hins vegar í dagvinnu með hækkandi aldri en á hinar þrjár stéttirnar hefur þetta lítil sem engin áhrif (Þingskjal nr. 281/2015-2016).

Sama ætti að gilda um Norðurland eystra og svæðið í heild sinni að fólki er að fjölga hlutfallslega sem er komið á miðjan aldur.




Mynd 27. Heildarfjöldi nemenda við heilbrigðisvísindasvið HA

Við Háskólann á Akureyri er heilbrigðisvísindasvið sem útskrifar hjúkrunarfræðinga og iðjuþjálfara. Mynd 27 sýnir að aðsóknin á heilbrigðisvísindasvið hefur aukist jafnt og þétt síðustu árin og voru

538 nemendur þar árið 2018 (Háskólinn á Akureyri, e.d.). Það er þó rétt að hafa í huga að upptökusvæði HA er allt landið og eftir að farið var að bjóða upp á námið í sveigjanlegu námi eru aðeins tæp 30% nemenda við skólann búsett á Norðurlandi eystra.

Hjúkrunarfræðingar



Mynd 28. Heildarfjöldi nemenda HA í hjúkrunarfræðideild


Mynd 28 sýnir heildarfjölda hjúkrunarfræðinema við Háskólann Akureyri á árunum 2007 – 2018. HA gæti útskrifað fleiri hjúkrunarfræðinga en til þess þyrfti hann meira fjármagn, bætta aðstöðu og fleiri verknámspláss. Samkvæmt könnun sem Félag hjúkrunarfræðinga lét gera vantaði að manna 225 stöðugildi á Íslandi og spáð var að þegar litið væri til lengri tíma væru þetta yfir 400 stöðugildi, m.a. vegna breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar (Guðbjörg Pálsdóttir, Gunnar Helgason og Helga Ólafs 2017). Mikill kynjahalli er í hjúkrunarfræði en á hverju ári innritast einungis 1 - 4 karlar. HA hefur tekið þátt í átaksverkefni um að fjölga körlum í hjúkrunarfræði en það virðist mjög rótgróið viðhorf í íslensku samfélagi að karlar fari ekki í hjúkrun.

Samkvæmt viðmælanda hjá SAK var erfitt að fá hjúkrunarfræðinga til starfa áður en Háskólinn á Akureyri fór að útskrifa þá árið 1992 en frá þeim tíma hefur mönnun verið góð. Mjög hátt hlutfall

starfandi hjúkrunarfræðinga við SAK útskrifaðist frá HA. Fyrir u.þ.b. tveimur árum fór að verða erfitt að manna stöður hjúkrunarfræðinga á SAK og nú má segja að í fyrsta sinn sé skortur á hjúkrunarfræðingum síðan 1992. Eftir að farið var að bjóða upp á hjúkrunarfræði í sveigjanlegu námi eru mun færri staðarnemar í náminu. Einnig hafa hjúkrunarfræðingar leitað í störf í öldrunarþjónustu og heimahjúkrun, þar sem grunnlaunin eru hærri og vaktabyrði minni. Á meðan efnahagsástand er gott í landinu eiga hjúkrunarfræðingar einnig greiðan aðgang í önnur störf.

Samkvæmt öðrum viðmælanda er ekki skortur á hjúkrunarfræðingum í Norðurþingi og það sama má segja í Fjallabyggð þar sem mönnun hjúkrunarfræðinga á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hornbrekku hefur gengið vel.

Iðjuþjálfar




Mynd 29. Heildarfjöldi nemenda HA í iðjuþjálfunardeild

Mynd 29 sýnir heildarfjölda nemenda í iðjuþjálfun við HA á árunum 2007 – 2018. Þeim fjölgaði á árunum 2011 – 2013 en hefur fækkað aftur á undanförunum árum. Samkvæmt opnum svörum

spurningakönnunarinnar vantar iðjupjálfa á svæðið. Þar merktu 5 stofnanir / fyrirtæki við að skortur væri eða yrði á iðjupjálfum. Iðjupjálfa vantar t.d. í Fjallabyggð samkvæmt viðmælanda.

Sjúkraliðar

Mynd 30 sýnir að nemum á sjúkraliðabraut við VMA hefur farið heldur fækkandi allra síðustu ár. Á því er engin ein skýring en erfiðleikar við að komast á samning og kjaramál hafa verið nefnd sem mögulegar skýringar.



Mynd 30. Fjöldi nemenda á sjúkraliðabraut í VMA frá 2008 – 2018

Samkvæmt viðmælanda er ekki skortur á sjúkraliðum á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Einnig hefur gengið vel að manna heimaþjónustu bæði hvað varðar sjúkraliða og ófagmenntað fólk sem sinnir störfum eins og að aðstoða aldraða við þrif og að fara út í búð. Mikill stöðugleiki hefur verið í þessum störfum. Einnig hefur gengið vel að manna stöður sjúkraliða í Fjallabyggð og Norðurþingi.

Með aukinni áherslu á að aldraðir geti búið heima og fengið þangað aðstoð munu kröfur um menntun aukast á þessu sviði samkvæmt viðmælanda og með tækninýjungum má gera ráð fyrir að störf í heimahjúkrun breytist. Sem dæmi er gert ráð fyrir að hægt verði að nota róbóta til að

þrifa gólf. Með því að nota lyftigræjur til að lyfta fólki verður nóg að einn starfsmaður fari til aldraðra sem þannig aðstoð þurfa, í stað tveggja nú. Hægt verður að sinna fleirum með því að gera það að hluta til í gegnum Skype eða spjaldtölvu í stað þess að fara alltaf á staðinn. Í Danmörku er innleiðing á slíkum aðferðum hafin og búast má við að þær ryðji sér til rúms hér líka. Þetta gerir ákveðnar kröfur til þeirra sem sinna þjónustunni, bæði að þeir læri sjálfir á tækin og geti kennt öðrum að nota þau.

Því mun verða þörf fyrir endurmenntun starfsfólks í þessum geira. Ekkert framhaldsnám er í boði fyrir sjúkraliða á Eyþingsvæðinu, hvað varðar öldrunarþjónustu og sagði viðmælandi að þetta nám vantaði á svæðið. Námið er núna sótt til Borgarholtsskóla.

Læknar

Langvarandi vandi hefur verið við að manna stöður sérfræðilækna hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri. Þar vantar 4 – 5 lækna en mönnun hefur gengið misjafnlega eftir sérgreinum og tímabilum. Eins hefur verið erfiðleikum háð að manna allar stöður heimilislækna á Norðurlandi eystra, sérstaklega á Akureyri. Er þetta þekkt vandamál á landsbyggðinni en víða er sú leið farin að fá verktökulækna til að skiptast á að koma auk þess sem læknanemar koma gjarnan til starfa, t.a.m. á Húsavík. Við þetta verður skortur á samfellu í þjónustunni þar sem þjónustuþeginn þarf ævinlega að hitta nýjan og nýjan lækni. Á Norðurlandi eystra eru 3 stöðugildi mönnuð með verktökulæknum en til samanburðar eru þau fjögur á Norðurlandi vestra (Rúnar Snær Reynisson, 18, 5. mars).

Á Húsavík eru 3,73 stöðugildi heimilislækna. Aðeins einn er fastráðinn en 2,5 stöðugildi eru unnin af verktökum. Í Norður-Þingeyjarsýslu er fullmannað og þurfa þeir því ekki að treysta á verktökulækna eins og er en það hefur þó þekkst í gegnum tíðina. Hjá HSN á Akureyri eru 14,45 stöðugildi heimilislækna en þar starfa níu sérfræðingar í heimilislækningum og engir verktökulæknar. Á Dalvík eru tvö stöðugildi heimilislækna og eru þau fullmönnuð. Í Fjallabyggð eru 2,9 stöðugildi og er hálf þeirra mannað með verktökulæknum (Þingskjal nr. 1379/2017-2018). Viðmælandi talaði um að í Fjallabyggð væri ágætis aðgengi að heilsugæslulækni og að u.þ.b. tvo daga tæki að fá tíma hjá heilsugæslulækni, sem má kalla gott miðað við Akureyri þar sem það getur tekið fjórar til fimm vikur. Alla sérlæknaþjónustu þurfa íbúar í Dalvík og Fjallabyggð hinsvegar að sækja til Akureyrar og þar vantar einnig tannlækni.

Háskóli Íslands er eini háskólinn á Íslandi sem býður upp á læknanám en uppi hafa verið hugmyndir að bjóða upp á læknanám í samvinnu við Sjúkrahúsið á Akureyri. Aðalfundur Eyþings hefur meðal annars ályktað um það (Eyþing, 2017 13. nóvember). Mennta- og menningarmálaráðuneytið taldi á sínum tíma ekki raunhæft að bjóða upp á læknanám á Akureyri (Þingskjal nr. 298/2013-2014).

Að sögn viðmælanda í Norðurþingi þarf að þróa lausnir þannig að hægt sé að veita fjarþjónustu í meira mæli á landsbyggðinni, t.d. sálfræði og læknisþjónustu: „Læknir hann þarf ekkert alltaf að halda í höndina á þér og snerta þig til að vita hvort þetta eða hitt sé að.“ Annar viðmælandi talaði um mikilvægi þess fyrir íbúa að hafa aðgang að fullnægjandi læknisþjónustu á staðnum, því að þetta væri grunnþjónusta sem íbúar vildu hafa:

Það sem menn finna fyrst fyrir er að það er óþægilegt að búa í þorpi þar sem enginn læknir býr. Það er mikil glíma að koma á viðunandi fjarlæknaþjónustu eða þannig þjónustu að fólk sætti sig við það á þessum stöðum. Það er mjög erfitt að fá lækna til að koma og setjast að á þessum stað. Stýrist af kerfinu sem búið er að búa til. Það þarf ákveðna uppstokkun á því þannig að það verði raunveruleg breyting.

Aðrar heilbrigðisstéttir

Sjúkraþjálfarar

Sjúkraþjálfara vantar á Eyþingsssvæðið. Sem dæmi má nefna Fjallabyggð en þangað kemur sjúkraþjálfari frá Dalvík.

Sálfræðingar

Skortur er á sálfræðingum á Eyþingsssvæðinu. HA býður upp á BS nám í sálfræði en til þess að öðlast starfsréttindi þarf að bæta við sig tveggja ára meistaranámi sem einungis er í boði hjá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Að auki þarf að ljúka 12 mánaða verklegri þjálfun á viðurkenndri stofnun undir leiðsögn sálfræðings (reglugerð nr. 1130/2012). Enginn sálfræðingur er t.d. starfandi í Fjallabyggð. Þangað kemur sálfræðingur einu sinni í viku frá Akureyri sem að sögn viðmælanda í Fjallabyggð er ekki nægilegt.

Þroskaþjálfar

Ekki er boðið upp á nám í þroskaþjálfun á Norðurlandi eystra en boðið er upp á námið í fjarnámi með staðbundnum lotum frá Háskóla Íslands. Mikill skortur er á þroskaþjálfum á svæðinu. Samkvæmt viðmælenda hefur Akureyrarbær þurft að ráða fólk með annars konar menntun í störf þar sem þroskaþjálfar væru fyrsta val, t.d. þá sem hafa BS próf í sálfræði eða iðjuþjálfun.

Skortur er á fleiri sérmenntuðum stéttum svo sem geislafræðingum (röntgentæknum), lífeindafræðingum (meinataeknum) og félagsráðgjöfum.

Menning, íþróttir og tómstundir

Þessi flokkur var með samtals 1,63 milljarða í heildartekjur árið 2017 og hefur vægi hans hækkað aðeins frá árinu 2008. Á Akureyri eru tekjurnar 879 milljónir, í Eyjafirði án Akureyrar 241 milljón og í Þingeyjarsýslum 207 milljónir.

Í skýrslu Vinnumálastofnunar frá árinu 2013 segir: „Í tengslum við uppgang ferðaþjónustu hefur verið aukin eftirspurn eftir verkum og störfum listamanna af ýmsu tagi. Þá hefur eftirspurn eftir grafískri hönnun, teikningu og tengdum störfum verið talsverð tengd þróun tölvutækni, gerð heimasíðna, þróun tölvuleikja o.s.frv. Gert er ráð fyrir að sú eftirspurn haldi áfram næstu misseri í það minnsta (Karl Sigurðsson, 2014).“ Einnig var í viðtölum rætt um mikilvægi þess fyrir Eyþingssvæðið að boðið væri upp á fjölbreytt lista- og menningarlíf til að auka almenn lífsgæði á svæðinu.

Ekkert listnám er á háskólastigi á Eyþingssvæðinu en við nokkra skóla er hægt að taka ýmiskonar listnámbrautir. Þá eru tónlistarskólar starfræktir um allt svæðið. Tónlistarskólinn á Akureyri var stofnaður 1946 og er einn elsti tónlistarskóli landsins. Þar starfa um 40 fagmenntaðir kennarar og u.þ.b. 400 nemendur stunda nám við skólann (Skólinn okkar, e.d.).

Myndlistarskólinn á Akureyri hefur verið rekinn frá árinu 1974. Myndlistarskólinn býður upp á 180 eininga nám í hverskonar myndlistar- og hönnunargreinum. Reksturinn hefur verið erfiður að undanfögnu og framtíð hans er í uppnámi. Það sem hefur einna helst staðið honum fyrir þrifum er viðurkenning á náminu en það hefur ekki verið á háskólastigi og allur gangur hefur

verið á því hvort nám þaðan uppfylli inntökuskilyrði inn í aðra skóla. Þeir sem ljúka námi í grafískri hönnun öðlast réttindi til starfsheitisins grafískur hönnuður.

Vorið 2014 undirrituðu Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Leikfélag Akureyrar og Menningarfélagið Hof samkomulag um stofnun sjálfseignarstofnunarinnar Menningarfélag Akureyrar (MAK). Hjá MAK eru 17 fastráðnir starfsmenn og auk þess tekur fjöldi manns þátt í ýmsum verkefnum. Gróska hefur verið í menningarlífi á staðnum og algengt er að MAK og Tónlistarskólinn samnýti listamenn sem annars myndi skorta verkefni. Aukin eftirsókn í verkefni Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands hefur gert hæfileikaríku tónlistarfólki kleift að setjast að á Akureyri og er það oft fólk sem síðan kennir í tónlistarskólum byggðarlagsins. Leikfélag Akureyrar rekur leiklistarskóla fyrir börn í 2. – 10. bekk grunnskóla. Kennararnir eru fagmenntaðir og samkvæmt viðmælanda hefur leiklistarskólinn skilað nemendum í frekara nám í leiklist.

Skortur er á íþróttakennurum á svæðinu, t.d. hefur reynst erfitt að ráða íþróttakennara í Norðurþingi og í Fjallabyggð. Háskólinn á Akureyri hóf nýlega kennslu í íþróttufræði sem kjörsviði í kennaranámi.

Annað

Tæplega einn og hálfur milljarður er flokkaður sem annað á Norðurlandi eystra. Er það samansafn af mörgum minni flokkum sem hver um sig er of lítill til að greina sérstaklega. Í greiningu eftir bakgrunnsbreytum voru flokkarnir *flutningar og geymsla* og *leiga og sérhæfð þjónusta* felld undir þennan lið, þar sem mjög fá svör bárust frá þessum greinum. Flokkurinn *flutningar og geymsla* er með rúma fjóra milljarða í atvinnutekjur á Norðurlandi eystra og þar af tæpa þrjá á Akureyri. Undir þetta falla atvinnugreinar eins og flutningur á landi og sjó og með flugi og eftir leiðslum og vatnaleiðum. Einnig vörugueymsla og stoðstarfsemi fyrir flutninga og póst- og boðberaþjónusta. Undir liðinn *leiga og sérhæfð þjónusta* falla ýmsar atvinnugreinar svo sem bílaleigur (þó ekki fasteignaleiga), atvinnumiðlun, ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókunarþjónusta, öryggis- og rannsóknarstarfsemi, fasteignaumsýsla, hreingerningaþjónusta og skrudgarðyrkja, skrifstofuþjónusta og önnur þjónusta við atvinnurekstur. Samanlagðar tekjur þessa flokks er fjórir milljarðar þannig að umsvifin eru talsverð og fara vaxandi. Vægið er hlutfallslega mest í Þingeyjarsýslunum og sennilega tengist

Það að miklu leyti ferðapjónustu og ferðaskipulagningu. Heildartekjur í Þingeyjarsýslum eru 1.180 milljónir en 2.370 á Akureyri. Í Eyjafirði utan Akureyrar eru tekjurnar 613 milljónir. Hluti ferðapjónustunnar fellur hér undir en Símenntun Háskólans á Akureyri hefur í samstarfi við Leiðsöguskólann í MK og Samtök ferðapjónustunnar boðið upp á leiðsögunám sem hefur verið vel sótt. Einnig býður Menntaskólinn á Tröllaskaga upp á verknámsbraut í útivist sem hugsuð er sem grunnur fyrir fólk sem vill starfa sem leiðsögumenn á svæðinu.

Í Fjallabyggð taldi viðmælandi það standa ferðapjónustu fyrir þrifum að skortur væri á leiðsögumönnum á svæðinu með fullnægjandi tungumálakunnáttu. Viðmælandi taldi vanta styttra starfstengt nám í leiðsögn fyrir íbúa svæðisins þannig að þeir gætu skapað sér ný atvinnutækifæri og boðið fleiri afþreyingarmöguleika á svæðinu. Þannig væri líklegra að ferðamenn stoppuðu á svæðinu, fremur en að keyra bara í gegn.

UMRÆÐUR

Segja má að ein meginniðurstaða þessarar rannsóknar sé sú að mikill skortur sé á iðnaðarmönnum á Eyþingsvæðinu og að háværa ákallið eftir menntun hafi verið eftir iðnmenntun. Þá er átt við bæði mannvirkjagerð og annan iðnað. Þó ber að hafa í huga að svarhlutfallið var einungis 30,6%. Einnig að flest svör bárust frá fyrirtækjum sem flokkast undir iðnað eða 60 svör. Þá bárust 42 svör frá fyrirtækjum sem flokkast undir mannvirkjagerð. Því bárust 102 af 395 svörum eða 26% svara frá þessum tveimur flokkum. Ekki liggja fyrir tölur um fjölda iðnfyrirtækja í þýðinu en ætla má að hlutfallslega fleiri svör hafi borist frá þessum geira en öðrum. Það má velta fyrir sér ástæðunum fyrir því og ein skýring gæti verið að menntunarpörf brenni meira á forsvarsmönnum þessara fyrirtækja en mörgum öðrum og þeir taki sér því frekar tíma til að svara könnuninni.

Erfitt getur verið að spá um þörf á iðnaðarmönnum því eins og kom berlega í ljós eftir efnahagshrunið í október 2008 eru mörg störf iðnaðarmanna háð efnahagslegum sveiflum, sérstaklega hvað varðar mannvirkjagerð. Eftir hrunið urðu margir iðnaðarmenn atvinnulausir og fluttu úr landi og á þeim tíma er líklegt að lítil hvati hafi verið fyrir því að fara í iðnnám. Í viðtölum kom fram að í nokkurn tíma eftir hrunið hafi verið erfitt fyrir iðnnema að komast á samning. Með mikilli aukningu ferðamanna og uppbyggingu því tengdri, ásamt stórum framkvæmdum á svæðinu eins og við álver PCC á Bakka varð síðan mikil eftirspurn eftir iðnaðarmönnum sem að hluta til hefur þurft að mæta með erlendu vinnuafli. Það á eftir að koma í ljós hver þróunin verður á næstu árum. Það er þó ljóst að lítil endurnýjun hefur orðið í sumum stéttum svo sem múrið og húsamálun.

Eitt af því sem stendur iðnnámi á Eyþingsvæðinu fyrir þrifum er hversu erfitt hefur reynst að fá kennara fyrir iðngreinar. Samkvæmt upplýsingum frá VMA berast ekki margar umsóknir þegar auglýst er eftir kennurum í iðnnámi. Endurnýjunarþörfin er að verða mikil en 25% kennara eru orðnir sextugir og styttest í að þeir fari á eftirlaun. Kennarar iðngreina hjá Verkmenntaskólanum á Akureyri þurfa að hafa meistaraþéttindi í sinni grein, auk kennsluréttinda fyrir iðnmeistara, sem er 60 eininga nám á bakkalárstigi. Þetta nám er eingöngu kennt hjá Háskóla Íslands. Iðnmeistarar á Norðurlandi sem hafa áhuga á að bæta við sig þessum réttindum þurfa því að sækja námið til Reykjavíkur, oft samhliða því að vera í fullri vinnu. Þetta er hindrun fyrir marga

og má leiða að því líkum að fleiri iðnmeistarar sæktu sér kennsluréttindi ef aðgengi að náminu væri betra.

Einnig töluðu nokkrir viðmælenda um að iðngreininum fylgdi ákveðinn ímyndarvandi. Ungt fólk vissi oft lítið hvað iðnaðarmenn eins og málmsmiðir, kjötiðnaðarmenn og mjólkurfræðingar gerðu og héldu að um væri að ræða einhæf, illa launuð störf við óhreinar aðstæður á meðan veruleikinn væri allt annar. Sem dæmi var nefnt að hjá Slippnum færi fram mikil hugmyndavinna, hönnun og smíði fyrir skip og að þetta byggði á mikilli tækni og vöruþróun. Einnig var nefnt að matvælaframleiðsla, bifvélavirkjun og fleiri greinar yrðu sífellt tæknivæddari og kölluðu á yfirgrípsmeiri þekkingu en áður. Þá var talað um að tekjur yfir starfsævina væru oft betri hjá iðnaðarmönnum en háskólamenntuðu fólki því þeir byrjuðu fyrr að vinna og hefðu oft og tíðum jafn góð eða betri laun en þeir sem útskrifuðust með háskólagráður. Einnig var talað um að á Íslandi væri mikil áhersla lögð á bóknám á kostnað verknáms. Þetta mætti kalla foreldravanda því foreldrar kysu að börnin færu í háskólanám. Þá væri þetta að einhverju leyti kennaravandi því sumir kennarar teldu að iðnnám væri eingöngu eða fyrst og fremst fyrir þá sem gengi illa á bókina á meðan að raunin væri sú að iðnnám væri krefjandi nám.

Þá var nefnt að í sumum iðngreinum væri erfitt fyrir nema að komast á samning. Þó samningur sé skilyrði fyrir því að útskrifast er það ekki á ábyrgð skólanna að útvega þeim samning. Í iðnum eins og hárgreiðslu og snyrtifræði eru stofur í auknum mæli reknar þannig að einstaklingar leigja aðstöðu í sameiginlegu húsnæði frekar en að þeir séu á launaskrá hjá hárgreiðslustofum. Þar af leiðandi geta þær ekki tekið nema. Þetta dregur úr áhuga á þessu námi og hefur einnig stuðlað að brottfalli. Þær raddir heyrðust að eðlilegast væri að VMA tæki alla ábyrgð á náminu, líka starfsnáminu en skiptar skoðanir eru um þetta. Þá heyrðust þær raddir að fyrirtækin þyrftu að taka meiri ábyrgð á framtíðarmönnun með því að taka nema á samning, einnig þegar hart væri í ári hjá þeim.

Svo var nefnt að þeir sem ljúka iðnnámi þyrftu að eiga greiðari aðgang inn í háskólanám en nú er. Annað hvort þyrfti útskrift úr iðngreinum að veita beinan aðgang eins og inn í tæknigreinar í háskólum eða að bæta þyrfti kjarnagreinum við iðnnámið, svo sem stærðfræði og íslensku þannig að þeir sem kysu gætu haldið áfram í háskóla eftir iðnnám. Ein leið til að auka aðgengi iðnaðarmanna að háskólanámi væri að taka upp raunfærnimat í háskólum eins og gert er í auknum mæli í löndunum í kringum okkur, svo sem Finnlandi, Svíþjóð og Noregi (Ína Dögg Eypórsdóttir, Hróbjartur Árnason og Fjóla María Lárusdóttir, e.d.).

Þá var talað um nauðsyn þess að leggja meiri áherslu á verk- og listnám í grunnskólum og að hvetja þyrfti stúlkur sérstaklega til að leggja stund á iðnnám. Á undanförunum árum hefur stúlkum fjölgað iðnnámi og samkvæmt viðmælanda hefur þeim vegnað vel í starfi.

Mikilvægi þess að hafa öflugar menntastofnanir á Eyþingssvæðinu kom glöggt fram í viðtölunum. Það sést kannski best á fjölmönnum stéttum eins og kennurum og hjúkrunarfræðingum en mönnun innan þessara greina var erfið áður en HA fór að útskrifa þessar stéttir. Í viðtölum var rætt um unga fólkið sem færir til Reykjavíkur eða erlendis í nám eða til að ljúka námi og kæmi ekki til baka. Að sama skapi var talað um að þeir sem stunduðu nám í HA settust oft hér að: „Fólk sem er hér og lærir hér er líklegra til að vinna á staðnum. Aðrir sem koma hingað hafa oft rætur hér, hafa verið hér í námi eða starfsnámi eða eiga maka héðan.“ Því er það mikilvægt út frá byggðarsjónarmiðum að sem flestir geti stundað nám í sinni heimabyggð ef þeir kjósa svo. Þetta á ekki síður við um framhaldsskólanema en oft fylgja þeim heilu fjölskyldurnar ef þeir þurfa að flytja að heiman til að fara í framhaldsskóla.

Þær starfsgreinar sem oftast voru nefndar í spurningakönnuninni þegar spurt var hvers konar háskólamenntun vantaði eða myndi vanta voru tækni-/ upplýsingamenntun, verkfræði, kennaramenntun og hjúkrunarfræði. Í viðtölum kom fram að viðvarandi skortur væri á ýmsum öðrum fagstéttum svo sem læknum, þroskaþjálfum og náms- og starfsráðgjöfum. Einnig var talað um offramboð á fólki með suma þá menntun sem kennd er við HA svo sem BA í sálfræði, viðskiptafræði og lögfræði. Ekki var þó talað um atvinnuleysi í þessu tilliti heldur fremur að fólk færi í önnur störf en það hefði menntað sig til og þá jafnvel störf sem krefðust ekki háskólamenntunar.

Af þeim svörum sem bárust voru 62% frá fyrirtækjum og stofnunum með aðalstarfsstöð á Akureyri eða 234 af þeim 375 sem gáfu upp staðsetningu vinnustaðarins. Almennt má segja að mönnun hafi gengið betur á Akureyri en utan hennar og að meiri skortur hafi verið á fag- og iðnmenntuðu fólki því lengra sem fyrirtæki/ stofnanir voru frá Akureyri. Þó er einnig oft erfitt að fá sérfræðimenntað fólk í störf á Akureyri eins og sjá má á orðum þessa viðmælanda: „Okkar helsta vandamál er að fá sérmenntað starfsfólk til að búa á Akureyri frekar en í Reykjavík.“

Þegar um starfsfólk er að ræða með mikla sérhæfingu var talað um að oft væri erfitt að fá fólk til að flytja frá höfuðborgarsvæðinu vegna þess að það ætti maka sem einnig væri með sérhæfða menntun. Einnig skipti máli að góð grunnþjónusta, svo sem lækniþjónusta væri á staðnum.

Talað var um að þróa þyrfti lausnir þannig að hægt væri að veita fjarþjónustu í meira mæli á landsbyggðinni, t.d. sálfræði og lækniþjónustu. Einnig þyrfti að vera góð nettenging á öllu Eypingsvæðinu og einn viðmælandi talaði um mikilvægi þess að boðið væri upp á beint flug frá Akureyrarflugvelli á sambærilegu verði og frá Keflavík, því að það skipti ungt fólk máli í dag að geta skroppið til útlanda.

Það á eftir að koma í ljós hvaða áhrif Vaðlaheiðargöng hafa á nærsveitir Akureyrar þar sem að með tilkomu þeirra verður auðveldara að stunda nám og vinnu og sækja ýmsa þjónustu til Akureyrar fyrir byggðir austan Vaðlaheiðar.

Í viðtölum kom fram að í byggðarlögum þar sem uppbygging hefur verið hröð, eins og á Húsavík og Siglufirði valdi húsnæðisskortur því að erfitt sé að flytja til bæjanna þó að atvinnutækifæri séu fyrir hendi. Því má segja að ekki sé nóg að mennta starfsfólk, einnig þurfi að byggja nýtt húsnæði til að frekari uppbygging geti átt sér stað.

Í viðtölunum heyrðust þær raddir að í framtíðinni þyrftu menntastofnanir í auknum mæli að þjálfa ákveðna hæfni eða færni og aðlaga nám að breyttum vinnumarkaði. Einn viðmælandi orðaði þetta svona:

Það er ákveðin hæfni sem mér finnst vanta, hvort sem þú ert að koma úr grunnskóla, framhaldsskóla eða háskóla. Það er að nýta þessi tæki sem þú ert að nota í vinnunni, þ.e.a.s. bara tölvufærni, tölvulæsi. Þetta sjálfstæði í vinnubrögðum við að afla sér og leita upplýsinga. Það er bara sorglegt hvað maður upplifir að fólk sem er nýútskrifað úr háskóla er stundum ósjálfbjarga. Jafnvel að kynnast nýútskrifuðum viðskiptafræðingi sem kann bara varla grunnatriðin í Excel. Ég skil ekki hvernig þú getur útskrifast úr háskóla úr viðskiptafræði í dag og ekki verið þokkalega tölvufær. Kröfurnar eru orðnar meiri á vinnustaðnum þú þarft að vinna kannski með 10 kerfi.

Einnig var talað um að nauðsynlegt væri að rækta frumkvöðlahugsun hjá ungu kynslóðinni að hvetja nemendur til að hugsa út fyrir rammann og að skapa sér eigin tækifæri.

Viðmælandi í matvælaframleiðslu talaði um að það væri orðið miklu erfiðara að fá „gott verkafólk“ en áður fyrr, þegar sama fólkid vann hjá fyrirtækinu árum eða áratugum saman. Nú væri mikil starfsmannavelta og starfsmenn litu á störfín sem tímabundin á meðan þeir væru að leita sér að námi eða öðru starfi. Viðmælanda fannst hafa orðið viðhorfsbreyting hjá starfsmönnum þannig að oft skorti á stundvísi og virðingu eða ábyrgð gagnvart starfinu. Fólk hætti jafnvel fyrirvaralaust. Mikil aukning hefði verið á erlendu starfsfólki en því fylgdu ókostir

þar sem mörg starfanna krefðust íslenskukunnáttu sem ekki væri fyrir hendi. Annar viðmælandi talaði um að því fylgdi mikill kostnaður og umstang fyrir fyrirtæki að þurfa að „flytja inn“ starfsfólk. Vinnustaðurinn væri þá oft í því hlutverki að aðstoða starfsfólkið við að finna sér húsnæði og aðlagast íslensku umhverfi, t.d. að sækja um skóla fyrir börnin.

Þá var talað um í viðtölum að betur mætti tengja saman menntastofnanir, t.d. að bjóða nemendum á Húsavík, á Laugum og á Tröllaskaga að taka bóklegt nám þar, sem síðan væri hægt að fá metið og ljúka úr iðnnámi frá VMA. Einn viðmælandi talði að mismunandi deildir innan HA ættu að vinna betur saman í framtíðinni að því að rannsaka og finna lausnir við samfélagsvandamálum, svo sem því að sífellt fleira ungt fólk yrði óvirkt og færi á örorku.

Í þessari skýrslu hefur verið fjallað um menntunarpörf á Eyþingsvæðinu, eins og hún blasti við forsvarsmönnum fyrirtækja og stofnana, í lok árs 2018 og þá sýn sem þau höfðu fyrir næstu ár. Það er ljóst að þörf fyrir menntun er breytileg frá einum tíma til annars og að á tímum örrar tækniþróunar er erfitt að spá fyrir um hvaða störf verði í boði á næstu áratugum og hvaða menntun búi fólk best undir þau störf. Spár gera ráð fyrir að með tilkomu fjórðu iðnbyltingarinnar muni 28% allra starfa á Íslandi taka mjög miklum breytingum eða hverfa alveg og 58% starfa taka verulegum breytingum (Huginn Freyr Þorsteinsson o.fl., 2019). Því er ef til vill við hæfi að ljúka þessari umfjöllun með orðum Láru Stefánsdóttur, skólameistara Menntaskólans á Tröllaskaga um þá sýn sem þau hafa á menntun framhaldsskólanema:

Við erum auðvitað mjög meðvituð um að við erum að undirbúa fólk til að lifa og starfa þegar fjórða iðnbyltingin er komin... Þannig að við erum ekki endilega að undirbúa fólk undir einhver störf sem við þekkjum í dag, heldur leggja áherslu á að finna fjársjóðið í hverjum og einum og styðja hann til þroska í námi sem vekur áhuga og gleði. Að teikna ákveðna hluti frekar óljóst upp en hugsa það þannig að þú byggir upp hæfni inni í sjálfum þér til að geta breyst og þróað það sem þú ert með. Mín skoðun er sú að ef þú finnur eitthvað sem að fær þig til að vakna á morgnana, eitthvað sem að drífur þig áfram þá bæði eykur það vellíðan og það er líklegra að þú leggir á þig breytingar þannig að þú lifir þessa byltingu af. Ungt fólk mun ekkert vera að lifa í því samfélagi sem ég þekkti.

HEIMILDASKRÁ

Akvafuture. (2018). *Tillaga að matsáætlun fyrir allt að 20.000 tonna framleiðslu*. Sótt af http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1266/Mats%C3%A1%C3%A6tlun_AkvaFuture_Eyjafir%C3%B0i.pdf

Arnar Þór Jóhannesson. (2013). *Þörf fyrir verk- og tæknimenntun á Norðurlandi eystra: úttekt á meðal iðn- og tæknifyrirtækja á svæðinu*. Vinnumarkaðsráð á Norðurlandi eystra.

Arnhildur Hálfðánardóttir (2018, 30. maí). Hjúkrunarheimili: Stór munur á mönnun og gæðum. *Ruv.is*. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/hjukrunarheimili-stor-munur-a-monnun-og-gaedum>

Ásta S. Fjeldsted og Ísak Einar Rúnarsson (ritstjórar). (2019, janúar). *Nýsköpunarheit: 10 aðgerðartillögur um eflingu nýsköpunar í íslensku samfélagi*. Viðskiptaráð Íslands.

Eyþing. (2017,13. nóvember). *Ályktun frá aðalfundi Eyþings*. Sótt af <https://www.eything.is/is/moya/news/alyktun-fra-adalfundi-eythings>

Eyþing. (2016). *Sóknaráætlun fyrir Norðurland eystra 2015-2019. 2. útgáfa*. Sótt af <https://www.eything.is/static/files/gh/Soknaraaetlun/soknaraaetlun-nl-eystra-2016-utg-2-vidaukar-lokaloka.pdf>

Guðbjörg Pálsdóttir, Gunnar Helgason og Helga Ólafs. (2017). *Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa! Vinnumarkaður hjúkrunarfræðinga*. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga. Sótt af https://www.hjukrun.is/library/SkrarNeW/utgefidefni/Skyrslur/Vinnumarkadur_hjukrunarfrædinga.pdf

Háskólinn á Akureyri. (e.d.) *HA í tölum*. Sótt af <https://www.unak.is/is/haskolinn/um-ha/ha-i-tolum>

Háskólinn á Akureyri. (2018). *Stefna Háskólans á Akureyri 2018 – 2023*. Háskólinn á Akureyri. Sótt af <https://www.unak.is/static/files/Haskolinn/stefnur/stefnaha2018-2023.pdf>

Hagstofan (2019, 20. mars). *Landsmönnum fjölgar um 2,4% á milli ára*. Sótt af <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldinn-1-januar-2019/>

Háskólinn í Reykjavík (e.d.). *Viðskiptafræði og verslunarstjórnun diplóma*. Sótt af <https://www.ru.is/grunnnam/vidskiptafrædi/vidskiptafrædi-og-verslunarstjornun/#tab6>

Hjalti Jóhannesson og Halla Hafbergisdóttir. (2015, maí). *Vaðlaheiðargöng Samfélagsáhrif: Helstu niðurstöður könnunar í október 2014*. RHA. Sótt af https://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2015/rha_vadlaheidi-konnun_oktober_2014-samsett.pdf

Hjalti Jóhannesson og Hjördís Sigursteinsdóttir. (2013, apríl). *Parfaggreining: Greining fyrir þörf á starfsmenntun á Eyjafjarðarsvæðinu*. RHA. Sótt af https://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2013/Tharfagreining_starfsmenntun_SIMEY-loka-samsett.pdf

Huginn Freyr Þorsteinsson, Guðmundur Jónsson, Ragnheiður Hrefna Magnúsdóttir, Lilja Dögg Jónsdóttir og Kristinn R. Þórisson (2019, febrúar). *Ísland og fjórða iðnbyltingin*. Stjórnarráð Íslands. Forsætisráðuneytið.

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Ingólfur Bender og Sigríður Mogensen. (e.d.). *Mótum framtíðina saman – atvinnustefna fyrir Ísland*. Samtök iðnaðarins. Sótt af https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Umbaetur-starfsmenn-SI.pdf

Ína Dögg Eypórsdóttir, Hróbjartur Árnason og Fjóla María Lárusdóttir. (e.d.). *Raunfærnimat á háskólastigi – niðurstöður vinnuhóps um raunfærnimat á háskólastigi*. Háskóli Íslands. Sótt af https://www.hi.is/sites/default/files/sveinnkl/raunfaernimat_a_haskolastigi_skyrsla.pdf

Jóhannes Árnason. (2017). *Útskrift frá VMA árin 2010 – 2016, samanlagt 7 ár, 14 annir*. VMA. Sótt af https://www.vma.is/static/files/TolurVMA/H2017/utskrifadir_nemar_20170917.pdf

Jón Þór Kristjánsson. (2018, 6. apríl). *Algengt að fresta þurfi útskrift iðnnema*. *Ruv.is*. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/algengt-ad-fresta-thurfi-utskrift-idnnema>

Karl Sigurðsson. (2014). *Færniþörf á vinnumarkaði – horfur til næstu 10 ára*. Yfirlitsskýrsla unnin fyrir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Vinnumálastofnun.

Landssamband fiskeldisstöðva. (e.d.) *Fyrirtæki í fiskeldi á Íslandi*. Sótt af <http://www.lf.is/is/fiskeldi-a-islandi-2/fyrirtaekin-i-fiskeldi-a-islandi/>

Menntamálastofnun. (e.d.). *Fisktæknibraut*. Sótt af <https://namskra.is/programmes/e4704c4a-645b-48fa-9df6-9579dc256bfc>

Menntun í Norðvesturkjördæmi: Greinargerð um tilraunaverkefni í Norðvesturkjördæmi. (2013). Sótt af https://www.bifrost.is/files/skra_0066085_.pdf

Óskar Þór Halldórsson. (2018, 20. desember). Fyrsta sveinspróf í matreiðslu utan höfuðborgarsvæðisins. *VMA.is*. Sótt af <https://www.vma.is/is/skolinn/frettir/fyrsta-sveinsprof-i-matreidslu-utan-hofudborgarsvaedisins>

Reglugerð nr. 1130/2012.

Reglur um nám í mjólkuriðn nr. 1150/2006

Rúnar Snær Reynisson. (2018, 5. mars). Heilsugæslur berjast um verktakalækna. *Ruv.is*. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/heilsugaeslur-berjist-um-verktakalaekna>

Samband Íslenskra sveitarfélaga. (2018a). *Aldursdreifing í sveitarfélögum*. Sótt af <https://www.samband.is/frettir/fjarmal/aldursdreifing-i-sveitarfelogum>

Samband íslenskra sveitarfélaga. (2018b). *Árbók sveitarfélaga 2018*. Sótt af https://www.samband.is/media/arbok-sveitarfelaga-2018/Arbokin_an_kapu.pdf

Samherji. (2017, 12. maí). *Samherji byggir nýja og fullkomnari landvinnslu á Dalvík*. Sótt af <http://www.samherji.is/is/frettir/getAllItems/1/samherji-byggir-nyja-og-fullkomnari-landvinnslu-a-dalvik>

Sigurður Árnason. (2017). *Byggðaleg áhrif fiskeldis*. Byggðastofnun. Sótt af https://www.byggdastofnun.is/static/files/Fiskeldi/byggdaleg_ahrif_fiskeldis.pdf

Sigurður Árnason. (2018). *Atvinnutekjur 2008-2017 eftir atvinnugreinum og landshlutum*. Byggðastofnun. Sótt af https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Atvinnutekjur/atvinnutekjur-2008-2017_.pdf

Sigurður Hannesson. (e.d.). *Mótum framtíðina saman – atvinnustefna fyrir Ísland*. Samtök iðnaðarins. Sótt af https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Atvinnustefna_Sigurdur-Hannesson.pdf

Símey. (e.d.) *Iðngreinar*. Sótt af <https://www.simey.is/is/raunfaernimat/idngreinar>

Sjómennt. (2012). *Fræðslusjóðurinn Sjómennt: Kynningarátak 1. okt – 31. des 2012*. Sótt af http://www.landsmennt.is/files/Skra_0075373.pdf

Skólinn okkar (e.d.). *Tónlistarskólinn á Akureyri*. Sótt af <https://www.tonak.is/is/skolinn>

Vífill Karlsson. (2019). *Landfræðilegt efnahagslegt litróf landbúnaðar á Íslandi. Staðbundin efnahagslegt mikilvægi landbúnaðar á Íslandi. Skýrsla SSNV*. Sótt af <http://ssv.is/wp-content/uploads/2019/02/UmsvifLandbunadarLandshlutar-lokaeintak2.pdf>

Vísinda- og tækniráð. (2017, júní). *Stefna og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs 2017-2019*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7997a35e-54d8-11e7-9410-005056bc4d74>

VMA. (e.d. (a)) *Tölulegar upplýsingar*. Sótt af <https://www.vma.is/is/skolinn/innra-og-ytra-mat/tolur-um-nemendur-vma>

VMA. (e.d. (b)). *Grunnnám málm- og véltæknigreina*. Sótt af <https://www.vma.is/is/namid/idnamsbrautir/grunnam-malm-og-veltaeknigreina-g>

VMA. (e.d. (c)). *Velkomin á vélstjórnarbraut Verkmenntaskólans á Akureyri*. Sótt af <https://www.vma.is/static/files/velstjorn.pdf>

Þingskjal 281/2015/2016. Svar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Steinsgríms J. Sigfússyni um horfur í mönnun heilbrigðisþjónustunnar.

Þingskjal nr. 1379/2017-2018. Svar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Ólafi Ísleifssyni um heimilislækna á Íslandi og ráðningar heilsugæslulækna á landsbyggðinni.

Þingskjal nr. 298/2013/2014. Svar mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Vigdísí Hauksdóttur um læknisfræðinám.

VIÐAUKI 1: SPURNINGALISTI VEFKÖNNUNAR

page 1

Þessi könnun er send á öll fyrirtæki / stofnanir á Eyþingssvæðinu. Vinsamlegast svaraðu eftir bestu getu. Ef þú ert eini starfsmaðurinn vinsamlegast svaraðu spurningunum út frá sjálfum / sjálfri þér.

1. Í hvaða atvinnugrein starfar fyrirtækið / stofnunin? (Ef um fleiri en eina grein er að ræða veljið þá aðal atvinnugrein). (Select one option)

- Fasteignaviðskipti
- Fiskveiðar/fiskvinnsla/fiskeldi
- Fjármála- og váttryggingastarfsemi
- Flutningar og geymsla
- Fræðslustarfsemi
- Gisting og veitingar
- Heilbrigðis- og félagsþjónusta
- Iðnaður
- Landbúnaður
- Leiga og sérhæfð þjónusta
- Mannvirkjagerð
- Menning, íþróttir og tómstundir
- Opinber stjórnsýsla
- Sérfræðileg starfsemi
- Upplýsingar og fjarskipti
- Veitur
- Verslun
- Ökutæki
- Annað _____

page 2

2. Í hvaða sveitarfélagi á Eyþingssvæðinu er starfsstöð fyrirtækisins / stofnunarinnar? Ef um fleiri en eina staðsetningu er að ræða setjið þá aðal starfsstöð vinnustaðarins (Select one option)

- Akureyrarkaupstað
- Dalvíkurbyggð
- Eyjafjarðarsveit
- Fjallabyggð
- Grýtubakkahreppi
- Hörgársveit
- Langanesbyggð
- Norðurþingi
- Skútustaðahreppi
- Svalbarðshreppi
- Svalbarðsstrandahreppi
- Þingeyjarsveit
- Tjörneshreppi

page 3

3. Í hvaða póstnúmeri á Eypingssvæðinu er starfsstöð fyrirtækisins / stofnunarinnar? Ef um fleiri en eina staðsetningu er að ræða setjið þá aðal starfsstöð vinnustaðarins (Select one option)

- 580
- 600
- 601
- 603
- 610
- 611
- 620
- 621
- 625
- 630
- 640
- 641
- 650
- 660
- 670
- 671
- 675
- 680
- 681
- 685

page 4

4. Hvernig er eignarhaldi fyrirtækisins / stofnunarinnar best lýst? (Select one option)

- Einkafyrirtæki
- Í eigu sveitarfélags
- Ríkisfyrirtæki eða stofnun
- Sjálfseignarstofnun
- Samvinnufélag
- Annars konar eignarhald: Hvers konar? _____

page 5

5. Hver er fjöldi ársverka hjá þínu fyrirtæki / stofnun? (Select one option)

- 1
- 2-5
- 6-10
- 11-20
- 21-50
- 51-100
- 101 eða fleiri

page 6

6. Hversu vel eða illa hefur þér gengið undanfarin ár að fá fólk með þá menntun / hæfni sem þú/ fyrirtækið/stofnunin þarfnast? (Select one option)

- Mjög vel
- Frekar vel
- Hvorki vel né illa
- Frekar illa
- Mjög illa
- Á ekki við

page 7

7. Hversu algengt eða sjaldgæft er að umsækjendur um störf hafi meiri menntun en starfið sem auglýst er krefst? (Select one option)

- Mjög algengt
- Frekar algengt
- Hvorki algengt né sjaldgæft
- Frekar sjaldgæft
- Mjög sjaldgæft
- Á ekki við

page 8

8. Vantar þitt fyrirtæki / þína stofnun starfsfólk eða mun vanta starfsfólk á næstu árum? (Select one option)

- Já Go to Page No. 9
- Nei Go to Page No. 10
- Veit ekki Go to Page No. 10

If Did Not Answer Then
Go to Page No. 10

page 9

9. Hvaða menntun vantar eða mun vanta í þitt fyrirtæki / þína stofnun á næstu árum? (Merkið við allt sem við á)

	Engan	1-2	3-5	6-10	11-20	21 eða fleiri
(a) Háskólamenntun. Hve marga? (Select one option)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
(b) Iðnmenntun. Hve marga? (Select one option)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
(c) Stúdentspróf. Hve marga? (Select one option)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
(d) Styttra starfsnám. Hve marga? (Select one option)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
(e) Ófaglærða. Hve marga? (Select one option)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
(f) Aðra menntun. Hve marga? (Select one option)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

10. Hvernig háskólamenntun?

11. Hvaða iðnmenntun vantar eða mun vanta?

12. Hvaða styttra starfsnám vantar eða mun vanta

13. Hvaða aðra menntun vantar eða mun vanta

**14. Hversu mikil þörf er á að þjálfra eftirfarandi færni á þínum vinnustað?
(Merkið við alla liðina)**

	Mjög mikil þörf	Frekar mikil þörf,	Hvorki mikil né lítil þörf	Frekar lítil þörf	Mjög lítil þörf	Veit ekki
(a) Aðlögunarhæfni (Select one option)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
(b) Nýtingu verðmæta á hagkvæman og skynsamlegan hátt (Select one option)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
(c) Vega og meta hugmyndir og upplýsingar á hlutlægan hátt við ákvarðanatöku (Select one option)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
(d) Frumkvæði til að greina eigin þörf fyrir starfsþróun og færniefningu (Select one option)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
(e) Söfnun og úrvinnsla upplýsinga (Select one option)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
(f) Vinnusiðferði og gildi (Select one option)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
(g) Jafnréttisvitund (Select one option)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
(h) Öryggisvitund (Select one option)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
(i) Árangursrík samskipti (Select one option)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
(j) Samvinnu (Select one option)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
(k) Skipulag og áætlanir (Select one option)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
(l) Læsi (Select one option)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
(m) Ritun (Select one option)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
(n) Talnaleikni (Select one option)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
(o) Notkun upplýsingatækni (Select one option)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
(p) Tungumál (Select one option)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
(q) Stjórnun (Select one option)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

page 11

15. Vinnur fyrirtækið / stofnunin eftir formlegri fræðslu- / símenntunarstefnu?
(Select one option)

- Já
- Nei

page 12

16. Hafa starfsmenn á þínum vinnustað sótt sí- og endurmenntun á vegum þíns fyrirtækis sl. 12 mánuði? (Select one option)

- Já
- Nei

page 13

17. Hefur fyrirtækið / stofnunin átt samstarf við menntastofnanir á Eypingssvæðinu sl. tvö ár? (Select one option)

- Já
- Nei

page 14

18. Hvert sækir þitt starfsfólk sí- og endurmenntun? (Merkið við allt sem við á)

- Í framhaldsskólana
- Háskólann á Akureyri
- Símenntun Háskólans á Akureyri
- SÍMEY
- Þekkingarnet Þingeyinga
- Erlendis
- Innan fyrirtækis/stofnunar
- Hefur ekki sótt símenntun
- Annað: Hvert? _____

19. Í hvaða framhaldsskóla sækir starfsfólk sí- og endurmenntun (Merkið við allt sem við á) [Answer this question only if answer to Q#18 is Í framhaldsskólana]

- Framhaldsskólann á Laugum
- Framhaldsskólann á Húsavík
- Framhaldsskólann á Tröllaskaga
- Menntaskólann á Akureyri
- Verkmenntaskólann á Akureyri
- Annan framhaldsskóla: Hvern? _____

page 15

20. Hversu vel eða illa telur þú að námsframboð í þínu nærumhverfi komi til móts við þarfir fyrirtækisins / stofnunarinnar? (Select one option)

- Mjög vel
- Frekar vel
- Hvorki vel né illa
- Frekar illa
- Mjög illa
- Veit ekki/ þekki ekki

page 16

21. Hvaða menntun / hæfni finnst þér mikilvægast að efla í þínu nærumhverfi?

page 17

22. Að lokum: Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi nám, námsframboð og vinnuaflspörf?
